

ALLT ATVINNA

Stútfullt blað af atvinnuauðgýsingum

Atvinna  
allt í MIÐJU BLAÐSINS



HILDUR VALA

Fær óvæntan liðstyrk á næstu plötu

Syngur tvö ný lög eftir Sigurð Bjólu  
FÓLK 38



16 blaðsíðna  
RE/MAX blað

Fasteignablað RE/MAX fylgir Fréttablaðinu á sunnudögum

RE/MAX

# FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

1. október 2006 — 262. tölublað — 6. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Sími: 550 5000

## SUNNUDAGUR

### Fyrsta sólóplatan

Helgi Rafn gefur út elektrónískt kammerpopp.

TÓNLIST 28



### Flóttinn af landsbyggðinni

Sunnlendingum hefur fjölgað helmingi hægar en landsmönnum öllum á síðasta aldarfjórðungi. Þetta er meðal þess sem kemur fram í annarri grein Fréttablaðsins um byggðapróun.

GREINAFLOKKUR 8

### Tryggðapantur Auðar

Von er á nýrri skáldsögu frá rithöfundinum Auði Jónsdóttur, áleitinni nútímasögu sem tekur á umdeildum samfélagsmálum.

MENNING 25




### Keflvíkingar bikarmeistarar

Keflvíkingar tryggðu sér í gær sigur í VISA-bikar karla með sigri á KR-ingum, 2-0. Þetta er í annað sinn á þremur árum sem Keflavík vinnur bikarinn.

ÍÞRÓTTIR 30



## VEÐRIÐ Í DAG



FER AÐ RIGNA VESTAN TIL eftir hádegi. Fram að því víða bjart með köflum. Þykkar smám saman upp á landinu með vaxandi sunnanátt. Víða væta í kvöld og nótt. Hlýnandi veður þegar líður á daginn.

VEÐUR 4



BANDARÍSKI FÁNINN DREGINN NIÐUR Starfsmenn bandaríska varnarliðsins sjást hér draga fánann niður fyrir framan höfuðstöðvar flotadeildar varnarliðsins á Miðnesheiði. Carol van Voorst, sendiherra Bandaríkjanna, hafði kvöldið áður fylgst með Valgerði Sværissdóttur utanríkisráðherra undirrita svokallaðan skilasamning vegna svæðisins.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

## Varnarsvæðið í Íslands hendur

Íslensk yfirvöld tóku formlega við svæði bandaríska hersins í gær. Nú blasir við nýr veruleiki, sagði Jóhann Benediktsson sýslumaður.

**VARNARMÁL** „Hönd til kveðju, niður!“ skipaði Jóhann Benediktsson, sýslumaður á Keflavíkurflugvelli, íslenskum lögreglumönnum eftir að bandarískir liðsmenn varnarliðsins höfðu dregið bandaríska fánann niður og afhent hann Mark Laughton, yfirmanni flotastöðvar varnarliðsins. Skömmu síðar steig Laughton upp í flugvél bandaríska hersins og hélt af landi brott. Markaði athöfnin endalok dvalar bandaríska varnarliðsins á svæðinu en íslensk yfirvöld tóku formlega við stjórn þess í gær. Bandaríski herinn hafði haft aðsetur á svæðinu í fimmtíu og fimm ár.

Þrettán íslenskir lögreglumenn stóðu í röð og fylgdust með því þegar bandaríski og íslenski fáninn voru dregnir samtaka niður við höfuðstöðvar flotastöðvarinnar á svæði varnarliðsins á Miðnesheiði. Íslenski fáninn var dreginn að húni skömmu síðar og blakti þar, einn fána, til tákns um að Íslendingar færu nú með stjórn á svæðinu.

Jóhann Benediktsson, sýslumaður á Keflavíkurflugvelli, segir Íslendinga þurfa að takast á við nýjan veruleika í öryggismálum. „Nú blasir það við að miklar breytingar munu eiga sér stað hjá okkur Íslendingum. Við þurfum nú að gefa þessum málaflokki meiri gaum en áður. Ég er spenntur fyrir því að takast á við þetta breytta landslag í nánustu framtíð.“

- mh / sjá síðu 6

Lögreglan hafði afskipti af fimm mönnum í fyrrinótt sem grunaðir eru um að vera handrukkarar:

## Tveir handrukkarar teknir með barefli

**LÖGREGLUMÁL** Fjórtán fíkniefnamál komu upp við hefðbundið eftirlit lögreglunnar í Reykjavík í fyrrinótt. Lögregla hafði afskipti af fimm mönnum sem rökstuddur grunur leikur á að stundi handrukkanir. Tveir af þeim reyndust vera með barefli.

Það var fíkniefnadeild lögreglunnar í Reykjavík ásamt lögreglumönnum úr almennu deildinni sem hafði eftirlitið með höndum að þessu sinni. Farið var í húsleit, auk þess sem lögreglan fór inn á skemmtistaði í borginni og um götur miðborgarinnar. Í þeim fjórtán fíkniefnamálum sem upp komu fundust amfetamín, sveppir, kókaín, maríjúana og hass. Fólkíð sem lögreglan hafði afskipti af var að stærstum hluta karlmenn á aldrin-

**ÁSGEIR KARLSSON**  
Yfirmaður fíkniefnadeildar lögreglunnar í Reykjavík boðar hert götueftirlit.



um 20 til 30 ára.

Enginn var hnepttur í gæsluvarðhald heldur verða viðkomandi kallaðir fyrir og málum þeirra síðan lokið með hefðbundnum hætti.

Ásgeir Karlsson, yfirmaður fíkniefnadeildar lögreglunnar í Reykjavík, segir þennan fjölda mála sýna að neysla fíkniefna sé útbreidd í borginni.

„Þetta eftirlit nú var liður í hertu götueftirliti sem hefur verið í gangi,“ segir hann. „Því verður

haldið áfram og í auknum mæli.“

Jóhann Karl Þórisson, varðstjóri lögreglunnar í Reykjavík, segir vaxandi fjölda fíkniefnamála ekki eiga sér neina einhlíta skýringu en þau komi nú orðið upp um nær hverja helgi. Erfitt sé þó að fullyrða hvort neyslan sé sífellt að breiðast út, eða hvort um sé að ræða hert eftirlit lögreglu, en hún beinir nú sjónum sínum meira að þess háttar afbrotum en áður. Trúlega eigi hvort tveggja sinn þátt í þeirri fjölgun fíkniefnamála sem orðið hafi á síðari tímum.

„En vissulega virðist vera meiri erill hjá lögreglu undir morgun um helgar,“ segir hann. „Fólk er þá oft orðið illa drukkið og virðist vera í annarlegu ástandi eftir langa veru á skemmtistöðum.“

- jss




Á NÆTURVAKT Varðstjóri lögreglunnar í Reykjavík segir fíkniefnamál koma upp um nær hverja helgi.

FRÉTTABLAÐIÐ/HARI

Íslendingar 18-49 ára

Meðallestur á tölublað



\*Samkvæmt fjölmiðlakönnun Gallup í maí 2006.



## SPURNING DAGSINS



Björn, hvornig finnst þér þú taka þig út í búningnum?

„Ég var hissa að sjá, hve búningurinn er gamaldags.“

Starfsmenn auglýsingastofunnar Fiton brugðu á leik á dögnum og hönnuðu merki og búninga íslenska hersins. Björn Þórðardóttir stjórnaði myndunni við hönnun búninganna.

## Skopmyndir af Múhamed: Meirihluti fylgjandi teikningum

**DANMÖRK** Fimmtíu og þrjú prósent Dana telja það hafa verið rétta ákvörðun hjá Jótlandspóstinum að birta skopmyndirnar af Múhamed spámanni síðastliðið haust. Tæp fjórutíu prósent segja ákvörðunina hins vegar ranga samkvæmt frétt blaðsins í gær.

Þegar hugur Dana til teikninganna var kannaður áður en mótmælin vegna þeirra blossuðu upp var fjórðungur þjóðarinnar þeim andsnúinn. Fjölgun andstæðinga skopmyndanna er helst rakinn til þess að töluvert hefur fækkað í hópi þeirra sem segjast ekki hafa skoðun á málinu. - ks



**MYRKVUÐ BORG** Tilefnið með borgarmyrkvunum var að gefa borgarbúum kost á að skoða stjórnuhímininn.

## Borgarmyrkvinn á fimmtudag: Erlendir miðlar áhugasamir

**STJÓRNUSKOÐUN** Erlend viðbrögð við borgarmyrkvunum síðastliðinn fimmtudag hafa verið mikil. Meðal fjölmiðla sem fjölguðu um atburðinn eru Reuters, BBC, Aftenposten og The Washington Post. Einnig var minnst á myrkvann í ítölskum, auströlskum og kínverskum fréttamiðlum.

Á fimmtudagskvöld var slökkt á öllum götuljósum milli klukkan tíu og hálf ellefu. Myrkvunin heppnaðist vel og var að mestu leyti án óhappa. - sps

Lögreglu hótað í Keflavík:

## Ósáttur við afskipti lögreglu

**LÖGREGLUMÁL** Lögreglan í Keflavík þurfti að hafa afskipti af manni í fyrrinótt sem var grunaður um að hafa brotið rúðu í húsnæði TM við Hafnargötu. Maðurinn brást illa við afskiptum lögreglu og veittist að lögreglu-mönnum, en var handtekinn eftir nokkur átök. Þá bar að annan mann sem kvaðst vera bróðir hins handtekna. Hann mótmælti handtökunni með látum og hótaði lögregluhöfðingum lífláti. Hann var þá handtekinn fyrir að hindra lögreglu í starfi. Mennirnir tveir fengu að gista fangageymslur í nótt. - sun

## VIETNAM

### Fellibylur nálgast

Á annað hundrað þúsund manns yfirgáfu heimili sín við strendur Mið-Vietnams vegna komu fellibyljarinn Xangsane. Búist var að bylurinn tæki land í gærkvöld eða í morgun. Fellibylurinn hefur þegar orðið 61 að aldurtíla á Filippseyjum.

Forsætisráðherra flytur stefnuræðu sína á þriðjudag. Fjárlög rædd á fimmtudag:

## Alþingi verður sett á morgun

**STJÓRNMÁL** Alþingi, hið 133. í röðinni, verður sett á morgun. Venju samkvæmt hefst þingsetningarathöfnin á guðspjónustu í Dómkirkjunni. Séra Dalla Þórðardóttir, prestur í Miklabæjarprestakalli, predikar og þjónar fyrir altari ásamt herra Karli Sigurbjörnssyni, biskupi Íslands. Forseti Íslands, Ólafur Ragnar Grímsson, setur þingið en Jóhanna Sigurðardóttir starfsaldursforseti stýrir fundi og kjöri þingforseta.

Síðar um daginn verður kosið í fastanefndir þingsins og hlutast til um sæti þingmanna.

Geir H. Haarde forsætisráð-

herra flytur stefnuræðu sína á þriðjudagskvöld og í kjölfarið fylgja umræður um hana. Á miðvikudag verður hefðbundinn þingfundur og er gert ráð fyrir utandagskrárumræðum. Árni M. Mathiesen fjármálaráðherra mælir svo fyrir fjárlagafrumvarpi ársins 2007 á fimmtudag.

Ráðgert er að þing standi fram í miðjan mars en verði þá slitið vegna kosninganna í maí.

Sæunn Stefánsdóttir Framsóknarflokki tekur fast sæti á þinginu á morgun, hún kemur í stað Halldórs Ásgrímssonar sem afsalaði sér þingmennsku fyrir skömmu. - bps



FRÁ UMRÆÐUM Á ALÞINGI Jóhanna Sigurðardóttir er starfsaldursforseti þingsins.

Mannskæð sprengjuárás:

## Tólf látnir eftir árás í Kabúl

**KABÚL, AP** Tólf létust og yfir fjórutíu særðust í árás sjálfsmorðssprengjumanna í Kabúl í gærmorgun. Árásin átti sér stað rétt fyrir klukkan átta á fjölfarinni göngugötu. Forseti Afganistans, Hamid Karzai, fordæmdi árásina. Hann kallaði eftir því að hið alþjóðlega samfélag legðist á eitt með Afganistan til að stöðva framgang búða þar sem ungt fólk er heilapvegð og þjáfað til að verða sjálfsmorðssprengjumenn.

Fyrr í mánuðinum létu sextán manns lífið í annarri stórrí sjálfsmorðssprengjuárás í Kabúl, þar á meðal voru tveir bandarískir hermenn. - sun

# Persónuvernd og ÍE funduðu um gögnin

Jesus Sainz ætlar að kæra ÍE til Persónuverndar. ÍE fundaði með Persónuvernd á föstudag vegna aðferða fyrirtækisins við öflun gagna. Forstjóri Persónuverndar vill ekki tjá sig um fundinn en segir ekki langt að biða næstu skrefa.

**DÓMSMÁL** Persónuvernd og fulltrúar Íslenskrar erfðagreiningar (ÍE) hittust á fundi á föstudag þar sem rætt var um aðferðir fyrirtækisins við öflun gagna í dómsmáli sem ÍE hefur höfðað gegn fimm fyrrverandi starfsmönnum sínum.

Sigrún Jóhannesdóttir, forstjóri Persónuverndar, segir að ÍE hafi sett sig í samband við Persónuvernd fyrir nokkrum dögum síðan og áður en fjallað var um málið í fjölmiðlum. „Þeir settu sig í samband við okkur símlíðis og ég lagði til að fulltrúar héðan færu og ræddu við þá um þessi mál til að við hefðum ítarlegri vitneskju um það sem raunverulega gerðist.“

Sigrún segir að fundurinn hafi ekki verið haldinn fyrr þar sem hún hafi verið erlendis og ekki hafi verið talið að hægt væri að fá nægjanlegar upplýsingar nema að fara á staðinn og hitta forsvarsmenn ÍE. Hún segir ákvörðun um frekari framvindu málsins ekki hafa verið tekið. „En ég get ekki ímyndað mér að það sé langt að biða næstu skrefa. Við höfum kynnt okkur málið á fundi og munum fá frekari gögn. Að öðru leyti eru engin efni til að tjá sig frekar um afstöðu Persónuverndar á nokkurn hátt.“

Þórir Haraldsson, lögmaður ÍE, segir að fyrirtækinu hafi þótt eðlilegt að hafa samband við Persónuvernd og skýra frá því að þetta mál hefði komið upp. Hann sagði að ÍE myndi að sjálfsögðu veita stofnuninni allar þær upplýsingar sem hún óskaði eftir en vildi að öðru leyti ekki tjá sig um efni fundarinn.

Sveinn Andri Sveinsson, lög-



ÍSLENSK ERFÐAGREINING Fulltrúar fyrirtækisins óskuðu eftir fundi með Persónuvernd til að tilkynna um gagnaöflun sína.



SVEINN ANDRI SVEINSSON



SIGRÚN JÓHANNESDÓTTIR

maður Jesus Sainz, eins hinna ákærðu í málaferlum ÍE, staðfesti í gær að hann myndi kæra meðferð ÍE á tölvupóstum umbjóðanda síns til Persónuverndar og að það yrði líklega gert á mánu-

daginn. „Persónuvernd þarf að grípa inn í og rannsaka þetta. Ekki bara í tilfalli míns umbjóðanda heldur almennt hvornig þetta er stundað hjá fyrirtækinu.“

Farbannsráðgjafi yfir Sainz rann út í gær en Sveinn Andri segir hann ekki ætla að halda af landi brott. „Hann ætlar að vera hérna þangað til hann hefur mætt þeim ásökunum sem á honum hafa dunið. Það liggur líka fyrir að það er búið að ákveða að fara í meidryðamál, bæði á Íslandi og í Bandaríkjunum. Í fréttatilkynningum og viðtölum hafa forsvarsmenn ÍE sagt miklu meira en þeir hafa getað staðið við.“ thordur@frettabladid.is

Smári Geirsson segir vinstri grænum frjálst að hafa sínar skoðanir:

## Stórkanónur skiptu sér af kjöri

**STJÓRNMÁL** „Ég varð var við að stórkanónur í pólitíkinni skiptu sér af þessu,“ segir Smári Geirsson sem varð að lúta í lægra haldi fyrir Halldóri Halldórsyni í formannskjöri Sambands íslenskra sveitarfélaga á föstudag.

Eins og greint var frá í Fréttablaðinu í gær snerust vinstri grænir á sveif með sjálfstæðismönnum og greiddu Halldóri atkvæði sín. Samfylkingin og Framsóknarflokkurinn studdu Smára.

Smári segir vinstri grænum frjálst að hafa sínar skoðanir. „Þeir auðvitað gera upp sinn hug eins og aðrir á þinginu.“ Hann segist hafa gert sér grein fyrir að mjótt yrði á munum en aðeins



fjögur atkvæði skildu hann og Halldór að. „Það sem skiptir máli núna er að allir taki höndum saman og geri Samband íslenskra sveitarfélaga að sterku sambandi þar sem ríkir samhugur.“

„Ég er fyrst og fremst þakklátur fyrir þann stuðning sem ég fékk og hann gengur auðvitað ekki alveg eftir flokkslínum,“ segir Halldór. „Það er í raun vinstri grænna að svara fyrir það hvað þeir hafa gert en flokkslímur eru aldrei hreinar og klárar í svona máli.“ - bps/sp

**MÁLIN RÆDD** Smári Geirsson varð að lúta í lægra haldi fyrir Halldóri Halldórsyni í formannskjöri Sambands íslenskra sveitarfélaga á föstudag.



VÍGBÚNIR Sérsvéitir sátu fyrir uppreisnarmönnum Tamílatígra.

Átök á Srí Lanka:

## Ellefu uppreisnarmenn látnir

**SRÍ LANKA, AP** Sérsvéit lögreglunnar á Srí Lanka sat fyrir hópi uppreisnarmanna Tamílatígra sem undirbjó árás á eftirlitsstöð lögreglunnar. Sérsvéitarmenn skutu sprengjuvörpum og handsprengjum að hópnum með þeim afleiðingum að ellefu létust. Norskur sendifulltrúi er væntanlegur til Srí Lanka til að eiga viðræður við stjórnvöld og leiðtoga Tamílatígra á mánudag, en Norðmenn höfðu milligöngu um vopnahléið sem undirritað var árið 2002. Yfir eitt þúsund manns hafa fallið í átökunum á Srí Lanka á síðustu mánuðum. - sun

Erlendir félagsmenn VR:

## Fjölgað um 300 á tveimur árum

**VINNUMARKAÐUR** Félagsmönnum VR með erlent ríkisfang hefur fjölgað um 60 prósent á tveimur árum úr 500 í 800 og eru nú 3,2 prósent af félagafjölda.

Að auki eru um 1.200 félagsmenn sem eru af erlendu bergi brotnir eða fæddir erlendis en hafa íslenskt ríkisfang. Það eru rúmlega tvöfalt fleiri en fyrir tveimur árum.

Um helmingur starfandi erlendra ríkisborgara á Íslandi vinnur við þjónustugreinar.

Flestir erlendra ríkisborgara innan VR eru pólskir eða 76. Rúmlega 30 koma frá Þýskalandi og 28 frá Bandaríkjunum. - sdg

Nýr fuglaflensufaraldur:

## 985 kjúklingar dauðir í Kína

**KÍNA, AP** Kínversk fréttastofa greindi frá því í gær að 985 kjúklingar í norðurhluta Kína hefðu drepist úr H5N1-afbrigði fuglaflensu. Þetta er í níunda skipti á árinu sem H5N1-veiran kemur upp í Kína. Yfirvöld á svæðinu létu drepa 8.990 kjúklinga til að reyna að stöðva útbreiðslu veirunnar.

H5N1-veiran hefur orðið minnst 148 manns að aldurtíla á síðustu þremur árum, þar af þrettán Kínverjum. Sérfræðingar vara við því að í Kína megi búast við fleiri dauðsföllum af völdum fuglaflensu ef ekki tekst að stöðva faraldurinn í alifuglum. - sun



# BÍLALEIGUBÍLARNIR ERU LOKSINS KOMNIR!



18.900 kr.\*  
á mánuði



13.900 kr.\*  
á mánuði

\* m.v. Bítasamning Glitnis í 84 mánuði með 10% útborgun.

## ÚRVALSBÍLAR MEÐ 12 MÁNAÐA VIÐBÓTARÁBYRGÐ

Bílaaleigubílar Yaris og Corolla, ásamt úrvali annarra bíla, eru loksins komnir í sölu hjá Toyota Betri Notuðum Bílum. Þeir hafa allir staðist strangt skoðunarferli okkar með glæsibrag og fara því í flokk Úrvalsbíla, með 12 mánaða viðbótarábyrgð.

Við bjóðum einnig sérkjör á fjármögnun, í samvinnu við Glitni, með lengri lánstíma og hærra lánshlutfalli.

**Hafðu hraðann á því bílaaleigubílar staldra jafnan stutt við.**

Opið virka daga frá kl. 9 til 18 og laugardaga frá kl. 12 til 16.

### BNB-sölugreining

Bílar ganga í gegnum strangt gæðamat sem tekur mið af aldri, akstri og viðhaldssögu bílsins. Þeir sem standast kröfurnar lenda annað hvort í floknum Úrvalsbílar eða Gæðabílar. Ef bíllinn stenst ekki kröfur okkar bjóðum við þér hann ekki.



BETRI NOTUÐIR BÍLAR **TOYOTA**

Toyota Kópavogi  
Nýbýlavegi 4  
200 Kópavogur  
Sími: 570-5070

Toyota Akureyri  
Baldursnesi 1  
603 Akureyri  
Sími: 460-4300

Toyota Reykjanæsbæ  
Njarðarbraut 19  
260 Reykjanæsbær  
Sími: 421-4888

Toyota Selfossi  
Fossnesi 14  
800 Selfoss  
Sími: 480-8000

Toyota Austurlandi  
Míðási 2  
700 Egilsstöðum  
Sími: 470-5070

ÚRVALSBÍLL

GÆÐABÍLL



GENGIÐ 29.09.2006

GJALDMIÐLAR	KAUP SALA
Bandaríkjadalur	69,91 70,25
Sterlingspund	130,75 131,39
Evra	88,53 89,03
Dönsk króna	11,87 11,94
Norsk króna	10,752 10,816
Sænsk króna	9,536 9,592
Japanskt jen	0,5926 0,5926
SDR	103,15 103,77

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR

122,4036

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Flak farþegaþotu sem hvarf af ratsjá á föstudag fannst í Amazon-regnskógnum:

# Hundrað og fimmtíu taldir af

**BRASÍLÍA, AP** Flak brasilískrar farþegaþotu, sem hvarf af ratsjá á föstudag, fannst í Amazon-regnskógnum í gær. Yfirvöld telja að enginn þeirra 155 sem voru um borð í vélinni hafi komist lífs af. Orsakir slyssins eru ekki ljósar en mögulegt er að flugvél, sem er af tegundinni Boeing 737-800 og í eigu flugfélagsins Bol, hafi rekist á einkaþotu og hrapað.

Jose Carlos Pereira, flugmálastjóri Brasilíu, sagði ósennilegt að nokkur hefði komist lífs af. Bæði væri skrokkur vélarinnar í hlutum og brakið á litlu svæði. Reynsalan sýndi að þá væru yfirgnæfandi líkur á að allir hefðu látist.

Þar sem vél brotlenti er trjágróður svo þéttur að jafnvel björgunarþylur geta ekki lent. Fyrst þarf að láta björgunarmenn síga niður á jörðina, sem síðan höggva niður tré til þess að þylurnar geti athafnað sig.

Farþegaþotan lagði af stað frá borginni Manaus á föstudag og var á leið til Rio de Janeiro og Brasilíu, höfuðborgar Brasilíu. Hún hvarf sjónum stuttu seinna. Einkaþota nauðlenti í nálægri borg um það leyti sem farþegaþotan brotlenti og er talið mögulegt að þær hafi rekist saman. Það hefur þó ekki fengist staðfest.



**BIÐA FREGNA** Ættingjar farþega flugvélarinnar biða eftir upplýsingum um afdrif þeirra. Flugmálayfirvöld í Brasilíu hafa sagt mjög ólíklegt að einhver hafi komist lífs af úr flugslysinu.

Skotárás í skóla í Wisconsin:

# Nemandi skaut skólustjóra sinn

**WISCONSIN, AP** Eric Hainstock, fimmtán ára gamall nemandi í Weston Schools í Wisconsin, ógnaði kennurum og skólustjóra með byssu á föstudag. Hann skaut skólustjórann John Klang í höfuð, brjóstkassa og fótlegg. Klang tókst að ná byssunni af drengnum.

Enginn annar særðist í árásinni, en Klang lést síðar af sárum sínum.

Á fimmtudag hafði Klang veitt drengnum formlega viðvörðun fyrir að hafa tóbak meðferðis í skólann, en Hainstock kvartaði einnig yfir að aðrir nemendur stríðu honum. Hainstock gæti hlotið lífstíðardóm fyrir árásina. - sun

## FL Group sýknað í Hæstarétti: Krafðist bóta vegna slyss

**DÓMSMÁL** Hæstiréttur sýknaði á fimmtudag FL Group af skaðabótaköfu vegna slyss sem 18 ára piltur varð fyrir við vinnu árið 1999. Pilturinn féll niður stíga úr flugvél. Taldi saksóknari að staða stigans og veður hefðu verið helsta orsök slyssins og krafðist átta og hálfra milljónar í skaðabætur.

Dómurinn komst að þeirri niðurstöðu að FL Group bæri bótaábyrgð á tjóni en Vinnueftirlitið taldi að ekkert hefði verið athugavert við aðstæður á vinnustað. Pilturinn bar því ábyrgð á þriðjungi tjóns síns en hann var metinn með tuttugu prósentu varanlega örorku eftir slysið. - kdk



**GLÆSILEG NÝBYGGING** Svona mun nýbyggingin við Glæsibæ koma til með að líta út.

Nýbygging við Glæsibæ:

## Búið að leigja þriðjung út

**FRAMKVÆMDIR** Nú þegar er búið að leigja einn þriðja hluta húsnæðis sem Íslenskir aðalverktakar reisa við Glæsibæ. Húsnæðið verður tæplega tíu þúsund fermetrar á átta hæðum auk kjallara á tveimur hæðum.

Gunnlaugur Kristjánsson, framkvæmdastjóri Íslenskra aðalverktaka, segir viðræður standa yfir um leigu á þeim hluta hússins sem enn er óleigður. Hreyfing hefur tryggt sér þrjár hæðir í húsinu sem nú er í byggingu en afgangurinn verður notaður undir skrifstofur. - hs

# Álver hefur stuðandi áhrif á konur

Hlúa þarf sérstaklega að stöðu kvenna til að framkvæmdir hafi tilætluð áhrif því að álver virðast hafa stuðandi áhrif á atvinnuumhverfi kvenna, að sögn dósents á Bifröst. Eftir fimm til tíu ár kemur í ljós hvort álver hafi tilætluð áhrif.

### BYGGÐAÞRÓUN

Vífill Karlsson, dósent við Háskólann á Bifröst, segir að sér komi ekki á óvart að mannfjöldapróunin fyrir austan sé sú að íbúum hafi fækkað eða fjöldinn staðið í stað þrátt fyrir framkvæmdir við nýtt álver. Hann líkir þróuninni í búferlaflutningum við það að snúa olíuskipi.

„Þú snýrð stýrinu en stefnið hreyfist ekki fyrr en löngu seinna. Ég myndi telja að áhrifa þessara framkvæmda ætti að gæta fljótlegra eftir að rekstrartímabilið hefist en full áhrif verði vart mælanleg fyrr en eftir fimm til tíu ár,“ segir Vífill.

„Það er ljóst að Austurland hefur átt mest undir högg að sækja undanfarin ár og eitthvað stórt þurfti til að hafa áhrif á þróunina,“ segir hann. „Þessi framkvæmd er eitthvað stórt en við vitum ekki hvort hún er nákvæmlega það sem þurfti,“ segir hann og bendir á að rannsóknir sýni að hlúa þurfi sérstaklega að stöðu kvenna. „Stóriðja er ekki alveg að ganga fyrir konur.“

Í nýrri rannsókn Vífils kemur í ljós að konur laðast frekar að Suðurlandi og Reykjanesi þó að það hafi orðið mikil uppbygging í háskólageiranum í Borgarfirði. „Ég held að stóriðjan virki að einhverju leyti stuðandi á atvinnuumhverfi kvenna,“ segir hann og telur þurfa að laða konur að með menntunarfrekum störfum. „Eftirspurn eftir slíku vinnuafli eykst stöðugt.“



**ÁLVERFRAMKVÆMDIR Í FJARÐABYGGÐ** Eftir fimm til tíu ár kemur í ljós hvort álverið hafi haft tilætluð áhrif varðandi byggðapróun á Austurlandi eða ekki. Vífill Karlsson, dósent við Háskólann á Bifröst, segir að álver henti vel fyrir lítið menntað fólk en eftirspurn eftir slíku fólk hafi verið minnkandi. Það þurfi að laða konur að með menntunarfrekum störfum.



**SMÁRI GEIRSSON, BÆJARFULLTRÚI Í FJARÐABYGGÐ.**

Smári Geirsson, bæjarfulltrúi í Fjarðabyggð, segir þróunina hafa breyst mikið á miðsvæði Austurlands og íbúafækkun stöðvast. Íbúum fjölgi ekki fyrr en fastráðið verði í störf. Um 1.500 umsóknir hafi borist er 120 störf voru auglýst. Það megi því búast við fjölgun þegar ráðið verði í fleiri störf.

Smári bendir á að Fjarðaál hafi það markmið að ráða konur í helming starfa. „Enginn veit hvort menn ná þessu markmiði en miðað við þær ráðningar sem þegar hafa átt sér stað er verulegur hluti starfsfólksins konur,“ segir hann.

Smári bendir á að fasteignamatíð, sem taki mið af markaðsverði húsnæðis, hafi hækkað um 130-140 prósent í Fjarðabyggð á síðustu þremur árum. Hann telur að mælingar Hagstofunnar á búferlaflutningum gefi villandi mynd þar sem Íslendingar sem flytji að utan teljist sem útlendingar og útlendingar sem flytjist milli sveitarfélaga flokkast sem Íslendingar.

ghs@frettabladid.is



**SKEMMTUN** Þessir krakkar tóku þátt í maraþonhlaupi á Breiðholtsdeginum.

Breiðholtsdagurinn í gær:

## Gróska og gleði í Breiðholtinu

**ÍBÚAMÁL** Breiðholtsdagurinn var haldinn hátíðlegur í gær, en hann var hluti verkefnis sem ætlað er að efla samfélagið í hverfinu. Deginum var ætlað að vera góð skemmtun og tækifæri fyrir Breiðholtsbúa til að sýna gróskuna í hverfinu.

Öflug dagskrá var í Mjóddinni í gær og mikil gleði meðal þátttakenda. Kórar og danshópar skemmtu gestum, haldin var ljósmyndasýning og íþróttafélög, félagsmiðstöðvar og frístundamiðstöð Miðbergs kynntu starfsemi sína svo eitthvað sé nefnt. Fjölbreytt dagskráin og ánægja gesta báru gróskunni í hverfinu sannarlega vitni. - sun

### LÖGREGLUFRÉTTIR

#### Mikil ölvun unglinga

Lögreglan á Fáskrúðfirði þurfti að hafa afskipti af mörgum unglingum aðfaranótt laugardags. Unglingaball var haldið um kvöldið og voru því flestallir undir tvítugu. Ölvun var mikil og þó nokkuð um slagsmál.

#### Sofnaði í göngum

Ungur ökumaður sofnaði undir stýri í Hvalfjarðargöngum aðfaranótt laugardags. Engar skemmdir virðast hafa orðið á bíl mannsins eða klæðningu í göngunum en heiðarleiki mannsins varð til þess að hann tilkynnti um atvikið morguninn eftir.

**Rope yoga**  
Er fyrir alla alveg sama á hvaða aldri og í hvaða líkamsástandi viðkomandi er. Rope yoga er líka frábært fyrir fólk sem er í mikilli þjálfun það eykur líðleika í líkamanum og eflir einbeitingu með markvissri öndun og slökun.

**Dans yoga**  
Aukin brennsla Engin spor. Losum um lífskraftinn sem í okkur býr, finnum frelsið. Njóttum.

**Upplýsingar 691 0381. Kennari Kristín Björg**

Bæjarhraun 2, 220 Hfj

**VEÐURSPÁ**

um hádegi »

Sigurður P. Ragnarsson, veðurfræðingur

**ÞYKKNAR VÍÐA UPP SÍÐDEGIS Í DAG**  
Það er vaxandi suðlæg og síðar suðvestlæg átt í kortunum. Það verður víða bjart nú í morgunsárið en eftir hádegi fer að þykna upp og síðan rigna, fyrst um landið vestanvert en síðan víðar í kvöld og nótt. Þessari sunnanátt fylgir nokkur vindur einkum síðdegis og í kvöld en hvassast verður á annesjum vestan til, strekkingur eða allhvasst.

**HÖRFUR Í HÖFUÐ-BORGinni Í DAG**  
Hægvíðri nú í morgunsárið. Vaxandi sunnanátt með strekkingi síðdegis og fer þá að rigna. Hiti 0-4 stig fyrir og um hádegi en 5-9 stig síðdegis og í kvöld.

**á morgun**

Strekkur víða um land.

**mánudagur**

Víðast hægur vindur. Breytileg átt.

Kaupmannahöfn	14°C hálfskýjað	París	17°C léttskýjað	Alicante	27°C heiðskirt
Oslo	11°C skúrir	Berlín	16°C hálfskýjað	Milano	20°C léttskýjað
Stokkhólmur	21°C léttskýjað	Frankfurt	14°C skúrir	New York	23°C heiðskirt
Helsinki	15°C hálfskýjað	Madrid	22°C hálfskýjað	San Francisco	19°C heiðskirt
London	17°C léttskýjað	Barcelona	24°C hálfskýjað	Orlando/Florida	31°C prumuveður

\* Svæði þar sem bóast má við talsverði vætu eru skygð á kortinu. Minniháttar úrkoma er táknuð með dropum. Hitatölur sýna hæstu hitagildi.





Settu þér markmið  
og byrjaðu að spara!

### KB Sparnaður

Dæmi

**Markmið:** Að eignast listaverk að verðmæti 400.000 kr.  
**Innborgun í upphafi:** Engin  
**Lengd sparnaðartíma:** 4 ár  
**Mánaðargreiðsla:** 5.106 kr.  
**Konan fær 158.960 kr. í vexti frá bankanum.\***

\*Ávöxtunartölurnar eru byggðar á meðalávöxtun sl. 5 ára, athugið að ávöxtun í fortíð segir ekki til um ávöxtun í framtíð.



ENNEVM / SIA / NIM2014



## KJÖRKASSINN



Lentirðu í vandræðum í myrkrinu?

Já	8%
Nei	92%

## SPURNING DAGSINS Í DAG:

Hefurðu séð íslenska kvikmynd á árinu?

Segðu skoðun þína á visir.is

Hannes Hólmsteinn spyr menntamálaráðherra um aðgang að bréfum Laxness:

## Segir jafnræðisreglu brotna

**SAGNFRÆÐI** Hannes Hólmsteinn Gissurarson prófessor hefur skrifað menntamálaráðherra bréf þar sem hann óskar eftir svari við því hvort Þjóðarbókhlaðan hafi brotið jafnræðisreglu stjórnsýslulaga. Það hafi hún gert þegar aðgangur að bréfasafni Halldórs Laxness var árið 2003 takmarkaður við tvo fræðimenn, Halldór Guðmundsson og Helgu Kress, en Hannesi neitað um aðgang.

Bréfið er skrifað í kjölfar máls Kjartans Ólafssonar, sagnfræðings og fyrrverandi ritstjóra Þjóðviljans, sem hefur kært Þjóðskjalasafnið til menntamálaráðuneytisins fyrir að neita sér um aðgang að gögnum um

símhleranir en veita Guðna Th. Jóhannessyni sama aðgang.

„Ég tel að jafnræðisreglan hafi verið brotin á mér vegna þess að þetta einkabréfasafn Laxness var gefið safninu án allra skilyrða árið 1996,“ segir Hannes. „Ef það hefði verið gefið með skilyrðum, eins og mörg bréfasöfn eru, þá hefði gegnt öðru máli. Það var gefið án skilyrða og síðan var aðgangurinn takmarkaður við tvo fræðimenn, Helgu Kress og Halldór Guðmundsson.“

Hann segist einnig þeirrar skoðunar að opna eigi símhlerunarskjöl fyrir Kjartani Ólafssyni og öllum fræðimönnum sem vilja skoða þau.



**HANNES HÓLMSTEINN GISSURARSON** Telur jafnræðisreglu hafa verið brotna þegar honum var neitað um aðgang að einkabréfasafni Halldórs Laxness..

Sérsvéitarútkall á Akureyri:

## Maður hótaði að svipta sig lífi

**LÖGREGLUMÁL** Lögreglu á Akureyri þótti ástæða til að kalla út sérsvéit aðfaranótt laugardags eftir að karlmaður á þrítugsaldri hafði hótað að svipta sig lífi. Lögregla segir það hafa verið öryggisráðstöfun, en talið var að maðurinn gæti verið vopnaður byssu. Svo reyndist ekki vera og hann var handtekinn heima hjá sér.

Á meðan lögreglan var vant við látni vegna sjálfsvígshótunarinnar var kveikt í þremur gámum fyrir utan veitingastaði í miðbænum. Slökkvilið mætti á staðina, en starfsfólk eins veitingastaðarins sá sjálft um slökkva eldinn. - sun



**HREINDÝRSTARFAR TAKAST Á** Veiðitímabilið nær frá 1. ágúst til 15. september.

Kallað eftir auknu eftirliti:

## Ábendingar um ólöglegar veiðar

**VEIÐAR** Fjölmargar ábendingar hafa borist umhverfisráðuneytinu um ólöglegar veiðar á hreindýrum á veiðisvæðum á Mýrum og í Hornafirði í Austur-Skaftafells-sýslu.

Fullt er að þessar ólöglegu veiðar hafi átt sér stað undanfarna ár utan lögbundins veiðitíma, einkum á þeim tíma sem nú fer í hönd.

Ráðuneytið kallar eftir virkara eftirliti sýslumannsins á Höfn á Hornafirði til að koma í veg fyrir ólöglegar veiðar sem geta varðað sektum eða fangelsi allt að tveimur árum og sviptingu skotvopna- og veiðileyfis. - sdg

Kaupin á Kögum samþykkt:

## Skörun sögð lítil eða engin

**VIÐSKIPTI** Samkeppniseftirlitið gerir ekki athugasemdir við kaup Skoðunar, dótturfélags Dagsbrúnar, á Kögum. Eftirlitinu var tilkynnt um kaupin 30. maí, en félagið eignaðist öll hlutabréf Kögunar þegar síminn gekk 23. maí að yfirtökutilboði þess.

„Samruninn er ekki láréttur samruni þar sem keppinautar hætta að keppa á tilteknum markaði og renna saman. Þessi fyrirtæki hafa starfað á ólöglegum mörkuðum og er lítil eða engin skörun á milli þessara fyrirtækja,“ segir Samkeppniseftirlitið og telur því að samruninn muni ekki hafa „skaðleg samkeppnisleg áhrif“. - óká

### LÖGREGLUFRETTIR

#### Piltur lærbrotnaði

Sjö ára piltur lærbrotnaði í gær er hann klemmdist milli bíla. Pilturinn var með systur sinni í bíl og settu þau í hlutlausan gir. Er billinn rann af stað stökk pilturinn út og reyndi að stöðva bílinn sem hafnaði á kyrrstæðum bíl með fyrrgreindum afleiðingum.

#### Flutningabíll valt

Samannpressuð bílhæru voru á víð og dreif á Dynjandisheiði í gær eftir að flutningabíll valt á veginum. Bílstjórinn slapp ómeiddur frá óhappinu.



**MENGUN FRÁ MALBIKUNARSTÖÐ** Sandfok er af starfssvæði malbikunarstöðvarinnar Hlaðbæjar-Colas við Hafnarfjörð en byggðin hefur stöðugt færst nær malbikunarstöðinni. Framkvæmdastjóriinn Sigbór Sigurðsson segir vilyrði liggja fyrir um lóð sunnan við álverið.

# Grannar segja rykmengun óbærilega

Nágrannar malbikunarstöðvar í Hafnarfirði kvarta undan loftmengun og tala um óbærilegt ástand. Heilbrigðisfulltrúi tekur undir þessi orð. Fulltrúi fyrirtækisins segir of dýrt að byrgja sandhaugana og að fyrirtækið flytji næsta vor.

**UMHVERFISMÁL** Fjölmargar kvartanir hafa borist Heilbrigðiseftirliti Hafnarfjarðar vegna loftmengunar frá starfsemi malbikunarstöðvarinnar Hlaðbæjar-Colas við Hringhellu í Hafnarfirði. Hafa nágrannar malbikunarstöðvarinnar talað um „óbærilegt ástand“ af þessum sökum, eins og fram kemur í fundargerð heilbrigðiseftirlitsins.

Guðmundur Einarsson, heilbrigðisfulltrúi hjá Heilbrigðiseftirliti Kópavogs og Hafnarfjarðar, kannast við kvartanir um að of mikið ryk berist út í umhverfið frá rekstrinum á lóð Hlaðbæjar-Colas og segir að enginn velkist í vafa um að þetta sé rétt því það sé hægt að sannreyna með því að strjúka hendi yfir bílrúðu.

Guðmundur segir að málið hafi verið til meðferðar hjá heilbrigðiseftirlitinu í meira en eitt ár og



**SIGBÓR SIGURÐSSON, FRAMKVÆMDASTJÓRI HLAÐBÆJAR-COLAS.**

heilbrigðiseftirlitið leggi áherslu á að bæta þurfi eftirlit, rekstur og viðhald mengunarvarnabúnaðar hjá fyrirtækinu.

Samband hafi verið haft nokkrum sinnum við malbikunarstöðina og nú sé málið komið til Umhverfisstofnunar því að beiting þvingunarúræða fari fram á hennar vegum.

„Þetta er fyrst og fremst fok úr sandhaugum sem eru á lóðinni og hafa ekki verið til vandræða fyrr. Við höfum verið hér í tuttugu ár og alltaf uppfyllt þær kröfur sem hafa verið í gangi en íbúðabyggðin hefur færst nær og nær og þess vegna erum við með áætlanir um

að flytja starfsemiina fjær byggðinni,“ segir Sigbór Sigurðsson, framkvæmdastjóri Hlaðbæjar-Colas, og telur of dýrt að byrgja sandhaugana fyrr en á nýja staðnum.

„Okkar áætlanir gera ráð fyrir að flytja starfsemiina fjær byggðinni og við erum komin með vilyrði fyrir lóð við Kapelluhraun fyrir sunnan álverið í Straumsvík eftir fyrirhugaða stækkun. Ég reikna með að ný og fullkomin verksmiðja verði reist þar,“ segir hann og telur að framkvæmdir hefjist strax og deiliskipulag liggur fyrir í vetur þannig að starfsemi hefjist á nýja staðnum næsta vor.

Fundur verður með fulltrúum Hlaðbæjar-Colas og Umhverfisstofnunar í næstu viku og verður þá farið yfir málið.

ghs@frettabladid.is

# BREYTTUR OPNUNARTÍMI ÚTIBÚA

Nú eru útibú bankans opin frá kl. 9.00 - 16.00 alla virka daga.

Opið í Kringluútibúi frá kl. 10.00 - 18.00 alla virka daga



Samningur Bandaríkjanna og Íslands var undirritaður í fyrrakvöld:

## Skrifuðu undir skilasamning

**VARNARMÁL** Valgerður Sverrisdóttir utanríkisráðherra undirritaði í fyrrakvöld svokallaðan skilasamning vegna svæðis varnarliðsins á Miðnesheiði. Sendiherra Bandaríkjanna á Íslandi, Carol van Voorst, var viðstödd undirskriftina ásamt embættismönnum úr utanríkisráðuneyti Bandaríkjanna og starfsmönnum sendiráðsins, en Eric S. Edelman, aðstoðarvarnarmálaráðherra Bandaríkjanna, undirritaði samninginn fyrir hönd varnarmálaráðuneytis Bandaríkjanna. Van Voorst var einnig viðstödd athöfnina í gær og kvaddi yfirmann flotadeildarinnar formlega og þakkaði honum fyrir farsælt starf í þágu Bandaríkjanna og Íslands.

Van Voorst sagði atburðinn marka merkileg tímamót, er hún ræddi við bandaríska og íslenska blaðamenn eftir að Mark



**HERINN KVADDUR** Jóhann Benediktsson, sýslumaður á Keflavíkurflugvelli, og Carol van Voorst, sendiherra Bandaríkjanna, veifa til flugvélar Bandaríkjahers er hún flýgur af landi brott, með yfirmann flotadeildar varnarliðsins innanborðs. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Laughton, yfirmaður flotadeildar Bandaríkjahers, flaug af landi brott. „Þetta eru merkileg tímamót í ánægjulegri sögu alþjóðlegs samstarfs Bandaríkjanna og

Íslands. Samstarf heldur áfram, en verður með öðru sniði, í takt við þær breytingar sem þegar hafa verið kynntar á samstarfi þjóðanna.“ - mh



Taktu flugið

Við Sundin Blá

FRÁ

5.990

EYDDU  
TÍMANUM  
VEL

→ REYKJAVÍK

SIENKA AUGLENGASTOJANSTALA 570 3030 FLUGFÉLAG ÍSLANDS

## TÍMINN FLÝCUR

Flugfélag Íslands flýgur yfir 100 ferðir í viku til áfangastaða sinna. Þið njótið þess að lesa dagblöðin, fá ykkur kaffi og súkkulaði og áður en þið vitið af eruð þið komin á áfangastað.

Ferðin tekur enga stund. Taktu flugið.

Pantaðu í síma **570 3030** eða á [www.flugfelag.is](http://www.flugfelag.is)

→ [flugfelag.is](http://flugfelag.is)

verð frá:

**Egilsstaðir** → 6.990

**Ísafjörður** → 5.990

**Akureyri** → 5.990



FLUGFÉLAG ÍSLANDS



# Flóttinn af landsbyggðinni

SIGRÍÐUR DÖGG AUÐUNSDÓTTIR  
sda@frettabladid.is



Íbúum á Suðurlandi fjölga helmingi hægar en landsmönnum að meðaltali. Íbúðaverð er töluvert undir meðalverði á landinu öllu og meðaltekjur sömuleiðis.

Íbúafjölgun á Suðurlandi hefur ekki haldist í hendur við meðaljölgun á landsvísi. Ef svo væri hefði þeim fjölgað helmingi meira á síðasta aldarfjórðungi en raun ber vitni.

Íbúum á Suðurlandi hefur fjölgað hlutfallslega meira en íbúum annars staðar á landsbyggðinni á síðastliðnum 25 árum, að undanskildum Suðurnesjum. Fjölgunin er samt sem áður rúmlega helmingi hægari en meðalfjölgun á landinu öllu.

Sunnlendingum hefur fjölgað um 14 prósent á síðasta aldarfjórðungi en Íslendingum hefur fjölgað um 31 prósent. Ef Sunnlendingum hefði fjölgað í samræmi við íbúafjölgun á landsvísi á síðasta aldarfjórðungi væru þeir því þrettán prósentum fleiri nú en raunin er, eða tæp átján þúsund í stað 12.600.

Ef þeim hefði fjölgað í samræmi við landsmeðaltal væru íbúar því 4.200 fleiri en þeir eru í raun, en það eru jafnmargir og búa nú í Vestmannaeyjum.



### Fækkun í átta af fjórtán

Í átta sveitarfélögum af fjórtán hefur íbúum fækkað á síðustu 25 árum en á síðasta áratug hefur fækkað í fimm sveitarfélögum. Mest er fækkunin í Skaftárhreppi, þar sem íbúar eru nú þriðjungu færri en fyrir aldarfjórðungi. Íbúum hefur fjölgað mest í Hveragerðisbæ, eða um 67 prósent á síðasta aldarfjórðungi og í Sveitarfélaginu Árborg þar sem þeim hefur fjölgað um helming.

Hlutfall útlendinga í landshlutunum er hið sama og á landsvísi, um fimmprósent. Í þremur sveitarfélögum er hlutfallið þó tvöfalt hærra; í Hrunamannahreppi, Ásahreppi og Sveitarfélaginu Ölfusi, þar sem um tíundi hver íbúi er útlenskur.

### Tekjur langt undir meðaltali

Meðaltekjur íbúa á Suðurlandi í



**SUÐURLAND**  
Suðurland nær frá vestanverðum Skeiðarárjöklum og vestur að línu dreginni frá vestanverðum Þórísjöklum að Herdísarvíkurhrauni; er tæpir 25 þúsund ferkílómetrar að stærð, tæpur fjórðungi Íslands. Íbúafjöldi er um 22.400, eða rúm sjö prósent allra íbúa í landinu.

# Sunnlendingum fjölga hægt

fyrja voru með því lægsta sem þekkist á landinu, 279 þúsund á mánuði, eða 14 prósentum undir landsmeðaltali. Meðaltekjur voru aðeins lægri í tveimur öðrum landshlutum.

Innan landshlutans voru meðaltekjurnar lægst í Flóahreppi, þar sem þær voru rúmlega þriðjungu lægri en landsmeðaltal, eða um 210 þúsund. Hæstu meðaltekjurnar voru í Sveitarfélaginu Ölfusi þar sem þær voru 14 prósentum hærra en landsmeðaltal, 371

þúsund krónur á mánuði. Það var jafnframt eina sveitarfélagið þar sem mánaðartekjur voru yfir landsmeðaltali.

Atvinnuleysi er rétt yfir meðaltali í einu sveitarfélagi, Vestmannaeyjum, þar sem það mældist 2,5 prósent á síðasta ári miðað við 2,1 prósent á landsvísi. Annars staðar í landshlutunum mældist atvinnuleysi undir meðaltali.

**Fermetraverð niður í 56 þúsund**  
Meðalfermetraverð íbúðarhúsnæðis á Suðurlandi er langt undir meðaltali á landinu. Meðalverð í landshlutunum öllum er um 110 þúsund krónur á fermetranum ef miðað er við kaupverð íbúðarhúsnæðis árið 2005 þar sem fjöldi kaupsamninga er þrjátíu eða fleiri. Hafa þarf þó þann fyrirvara á að tölur eru einfalt meðaltal kaupverðs. Eignir eru mismunandi eftir svæðum og skekkir það verðsamburð milli þeirra.

Verðið er lægst í Vestmannaeyjum, um 56 þúsund krónur á hvern fermetra, en hæst í Hveragerðisbæ, þar sem það er rúmlega helmingi hærra, 136 þúsund krónur fermetrinum. 150 fermetra íbúðarhúsnæði kostar samkvæmt þessu 8,4 milljónir í Vestmannaeyjum en rúmar tuttugu milljónir í Hveragerðisbæ. Til samanburðar má nefna að jafnstór íbúð á höfuðborgarsvæðinu kostar um 29 milljónir að meðaltali. Íbúi í Vestmannaeyjum sem selur 150 fermetra íbúðarhúsnæði sitt og flytur á höfuðborgarsvæðið getur því keypt um 44 fermetra íbúð fyrir andvirðið.

**Hreyfing í lagi í þremur**  
Þá má skoða fjölda kaupsamninga á síðasta ári á hverja þúsund íbúa, en hæfileg hreyfing á eignum er gott merki um heilbrigðan fasteignamarkað. Meðaltalið fyrir landið allt var rétt undir 45 samningum á hverja þúsund íbúa. Í þremur sveitarfélögum á Suðurlandi var fjöldi kaupsamninga yfir

Municipality	Income
<b>Suðurland</b>	<b>279.421 kr.</b>
Vestmannaeyjabær	305.224 kr.
Sveitarfélagið Árborg	270.600 kr.
Mýrdalshreppur	231.619 kr.
Skaftárhreppur	225.403 kr.
Ásahreppur	234.963 kr.
Rangárþing eystra	252.285 kr.
Rangárþing ytra	307.497 kr.
Hrunamannahreppur	304.257 kr.
Hveragerðisbær	250.567 kr.
Sveitarfélagið Ölfus	371.468 kr.
Grímsnes- og Grafningshr.	248.322 kr.
Skeiða- og Gnúpverjahr.	222.198 kr.
Bláskógabyggð	233.421 kr.
Flóahreppur	210.303 kr.
<b>Höfuðborgarsvæðið</b>	<b>353.724 kr.</b>
<b>Landið allt</b>	<b>326.782 kr.</b>

## Ellefu á úreltingarlista



Einungis þrjú af fjórtán sveitarfélögum á Suðurlandi geta horft til framtíðar með nokkurri bjartsýni ef tekið er mið af kenningum tveggja bandarískra landfræðinga um framtíðarhorfur sveitarfélaga.\*

Viðmiðunarmörk:	1	2	3	4	5	6
<b>Sveitarfélag:</b>	Íbúar eru helmingi færri nú en fyrir aldarfjórðungi	Íbúum hefur fækkað um tíu prósent eða meira á síðasta áratug	Þéttleiki byggðar er innan við tvo íbúa á km²	Meðalaldur er 38 ár eða hærri	Meðalmánaðartekjur eru 10% undir landsmeðaltali	Fjöldi kaupsam. vegna íb. húsn. 2005 er undir landsmeðaltali**
Vestmannaeyjabær	nei -12%	<b>já -13%</b>	nei 241,9	nei 35,5	nei -7%	<b>já 34,0</b>
Sveitarfélagið Árborg	nei +49%	nei +30%	nei 44,3	nei 34,8	<b>já -17%</b>	nei 62,5
Mýrdalshreppur	nei -23%	<b>já -11%</b>	<b>já 0,66</b>	<b>já 38,8</b>	<b>já -29%</b>	<b>já 8,0</b>
Skaftárhreppur	nei -29%	<b>já -19%</b>	<b>já 0,07</b>	<b>já 42,1</b>	<b>já -31%</b>	<b>já 4,1</b>
Ásahreppur	nei -15%	nei +16%	<b>já 0,06</b>	<b>já 38,9</b>	<b>já -28%</b>	<b>já -</b>
Rangárþing eystra	nei -8%	nei -2%	<b>já 0,90</b>	nei 36,3	<b>já -23%</b>	<b>já 20,9</b>
Rangárþing ytra	nei -1%	nei +4%	<b>já 0,46</b>	nei 36,0	nei -6%	<b>já 17,1</b>
Hrunamannahreppur	nei +50%	nei +16%	<b>já 0,55</b>	nei 33,3	nei -7%	<b>já 23,5</b>
Hveragerðisbær	nei +67%	nei +23%	nei 183,8	nei 36,6	<b>já -23%</b>	nei 63,7
Sveitarfélagið Ölfus	nei +34%	nei +10%	nei 2,48	nei 33,3	nei +14%	nei 61,7
Grímsnes- og Grafningshr.	nei +8%	nei +10%	<b>já 0,40</b>	<b>já 38,4</b>	<b>já -24%</b>	<b>já 5,6</b>
Skeiða- og Gnúpverjahr.	nei -12%	nei -7%	<b>já 0,23</b>	nei 34,3	<b>já -32%</b>	<b>já 7,7</b>
Bláskógabyggð	nei +15%	nei +16%	<b>já 0,28</b>	nei 32,2	<b>já -29%</b>	<b>já 17,4</b>
Flóahreppur	nei -8%	nei 0%	<b>já 1,81</b>	nei 35,1	<b>já -36%</b>	<b>já -</b>

\*\*Fjöldi kaupsamninga á hverja 1.000 íbúa

Viðmiðunarmörkin sex má sjá í töflunni og hafa verið heimfærð upp á íslenskar aðstæður. Samkvæmt þessu má setja ellefu af fjórtán sveitarfélögum Suðurlands á úreltingarlista, það eru Vestmannaeyjabær, Mýrdalshreppur, Skaftárhreppur, Ásahreppur, Rangárþing eystra, Rangárþing ytra, Hrunamannahreppur, Grímsnes- og Grafningshreppur, Skeiða- og Gnúpverjahreppur, Bláskógabyggð og Flóahreppur. Aðeins Sveitarfélagið Árborg, Hveragerðisbær og Sveitarfélagið Ölfus eiga sér einhverja von.

\*Kenningar hjónanna Deborah og Frank Popper voru settar fram í lok níunda áratugarins og miðuðust að því að meta framtíðarhorfur tiltekinna sveitarfélaga á sléttunum miklu í miðjum Bandaríkjunum. Þær fólust í því að setja fram sex viðmiðunarmörk sem gæfu vísbendingu um að sveitarfélag ætti sér ekki víðreisnar von. Ef sveitarfélagið uppfyllti tvö eða fleiri skilyrði gat það talist á góðri leið með að fara í eyði.



Sá fjöldi sem upp á vantar m.v. að mannfjöldaþróun á Suðurlandi hefði fylgt landsmeðaltali sl. aldarfjórðungi.



# allt að verða vitlaust í nettó

skemmtilegri innkaup

þú sparar  
748 kr/kg



**40%**

afsláttur við kassa

Verð nú 1.122 kr/kg

Verð áður 1.870 kr/kg

Lambalæri hvítlauksmarinerað

þú sparar  
195 kr/kg



**30%**

afsláttur við kassa

Verð nú 454 kr/kg

Verð áður 649 kr/kg

Ísfugl kjúklingalæri með legg



þú sparar  
350 kr/kg



**25%**

afsláttur við kassa

Verð nú 1.049 kr/kg

Verð áður 1.398 kr/kg

Goða lambaofnsteyk

þú sparar  
589 kr/kg



**25%**

afsláttur við kassa

Verð nú 1.766 kr/kg

Verð áður 2.355 kr/kg

Holta álegg kjúklingabringa

þú sparar  
140 kr/stk



**20%**

afsláttur við kassa

Verð nú 559 kr/stk

Verð áður 699 kr/stk

Almondy Daimterta 400 gr.



fyrir alla skólakrakka

allt í matinn á einum stað

www.netto.is • Verð birt með fyrirvara um prentvillur  
Gildistími 1. október eða meðan birgðir endast.

Akranes • Akureyri • Grindavík • Mjódd Reykjavík • Salahverfi Kópavogi

netto



Varnarliðið hvarf af landi brott í gær:

## Herlaust Ísland

**BJÖRGVIN GUÐMUNDSSON SKRIFAR**

**Þ**að hafa líklega fáir misst úr svefni í nótt þótt bandarískur her hafi ekki lengur fasta viðveru hér á landi. Ísland er orðið herlaust land. Varnarliðið fór af landi brott í gær.

Almennir borgarar hafa ekki látið sig þetta mál miklu varða. Það virðist skipta fólki á götunni litlu máli hvort hér sé her eða ekki. Stjórnarandstöðunni hefur heldur ekki tekist að ýfa upp óánægju meðal almennings yfir þessari niðurstöðu. Engum finnst hann óruggari á Íslandi 1. október 2006 en hann var 1. október 2005.

Öryggi er samt ekki sjálfgefin tilfinning þótt mikilvæg sé. Allir skynja þann óróleika sem einkennt hefur samskipti ríkja undanfarnir ár og hverfist oft um Bandaríkin. Það er ekkert endilega friðvænlegra í heiminum nú en á tímum kalda stríðsins. Ísland er bara ekki í miðju átakanna eins og áður.

Íslendingar munu áfram búa við þau forréttindi að mesta herveldi heims tryggir öryggi þeirra. Ný varnaráætlun Bandaríkjamanna sem byggir á varnarsamningnum frá 1951 og vera okkar í NATO mynda áfram grunn að varnar- og öryggisstefnu þjóðarinnar.

Til viðbótar við nýja varnaráætlun hefur ríkisstjórnin gefið út yfirlýsingu um eflingu landhelgisgæslu, landamæravörslu og greiningarvinnu lögreglu. Sjálfstæðri þjóð er engin vorkunn í að taka meiri þátt í eigin vörnum og reka sjálf alþjóðaflugvöll.

Flestir eru sammála um það meginhlutverk ríkisins að tryggja öryggi lands og þjóðar. Í því felst að verja rétt borgaranna í víðum skilningi; annars vegar fyrir hver öðrum og hins vegar fyrir borgurum annarra ríkja.

Lögreglan hefur haft það hlutverk að verja rétt borgaranna. Hún gætir að því að lögum landsins sé framfylgt og fólk sé ekki beitt rangindum.

Íslenska ríkið hafði ekki bolmagn til þess að verja Íslendinga gegn þeirri ógn sem steðjaði að landinu eftir heimstyrjöldina síðari. Til að uppfylla þessa frumskyldu sína kusu stjórnarmenn þess tíma að ganga í bandalag með vinþjóðum. Aðeins þannig var öryggi Íslands tryggt.

Í ljósi þessa er óskiljanlegt af hverju vinstrimenn á Íslandi hafa í gegnum tíðina verið andvígir því að landvarnir landsins séu tryggðar í samstarfi við aðrar þjóðir. Íslendingar höfðu ekki og hafa ekki enn burði til þess einir og óstuddir.

Séu vinstrimenn sammála því hlutverki ríkisins að verja borgarana hverja fyrir öðrum hljóta þeir einnig að vera sammála því hlutverki ríkisins að verja borgarana gagnvart órétti borgara annarra ríkja. Annars eru þeir ekki samkvæmir sjálfum sér.

Það er ekki hægt að afgreiða öryggismál þjóðarinnar með því að segja að engin ógn steðji að landinu. Við verðum að gera ráðstafanir og vera reiðubúin að bregðast við. Hvað hafa vinstri grænir annað fram að færa í umræðu um öryggis- og varnarmál Íslands en að skamma bandaríska herinn fyrir mengun á varnarsvæðinu? Eru vinstri grænir ekki samkvæmir sjálfum sér?

Miðað við getu þjóðarinnar til að verjast utanaðkomandi ógn, vilja Bandaríkjamanna til varnarsamstarfs og stöðu heimsmála er niðurstaðan í varnarviðræðum íslenskra og bandaríska stjórnvalda fullkomlega ásættanleg.

Flestir munu sofna vært í kvöld.

### FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFLAG: 365


**FRÉTTASTJÓRAR:** Kári Jónsson og Þorsteinn Pálsson **ADSTODARRITSTJÓRAR:** Jón Kaldal og Steinunn Stefánsdóttir **FRÉTTASTJÓRAR:** Arnalds Þorgeirsdóttir, Sigríður Björg Tómasdóttir og Trausti Hafliðason **FULLTRÚI RITSTJÓRA:** Björgvin Guðmundsson

Fréttablaðið kemur út í 103.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Akureyri og þéttbýlissvæðum á suðvesturhorninu. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871

### FRÁ DEGI TIL DAGS

#### Fasísk dýrkun ógeðsleg

Gagnrýni Sindra Eldon á afmælistónleika Bubba Morthens í Reykjavík Grapevine vakti mikla athygli og deilur. Sindri hefur lítið svarað fyrir sig þar til nú er hann spyr á heimasíðu sinni: „Hvenær varð það glæpur að segja að Bubbi Morthens sé asnalegur? Missti ég af einhvers konar fundi? Hvenær missti ég réttinn til að finnast fasísk dýrkun á einni manneskju ógeðsleg og sérstaklega þegar það er verið að dýrka þennan sköllotta belg?“ Sindri virðist annars hafa fengið nóg af tímaritagnrýni í bili og vinnur nú á kassanum í einni af verslunum 10-11.



#### Rólegt djóbb

Talið er að búið verði að dæla upp öllum hróluflórða heimsins einhvern tímann á þessari öld. Þá verða góð ráð dýr og ljóst að eitthvað þarf að leysa bensínið af hólmi. Íslensk nýorka bindur vonir við að vetni knýi vélar framtíðarinnar og hefur af stórhug sett upp vetnisstöð á Grjóthálsi. Í augnablikinu nota aðeins þrjár strætisvagnar þjónustuna svo ljóst er að þarna myndast sjaldan bíðröð. Eitt hvert rólegasta djóbb á landinu væri að starfa sem dælumaður á vetnisstöðinni, en eins og er sjá strætóbílstjórarnir sjálfir um áfyllingu.

**Gunnar syngur með Stones**  
Eldmessur Gunnars Þorsteinssonar í Krossinum eru ástríðufullar og kraftmiklar og hafa verið mörgum tón-

listarmanninum innblástur. Á netinu má nú finna a.m.k. þrjú lög þar sem tónlistarmenn hafa búið til verk með ræðum Gunnars í forgrunni. Rafflistamaðurinn Alliat hefur búið til lagið „Gunnarskaffi“, þar sem fræg ræða Gunnars um að ekki megi bjóða syndinni í kaffi er sett í nýstárlegan búning. Á heimasíðu fréttamannsins G. Péturs Matthíassonar eru bítar úr sömu ræðu settir ofan á kaffa úr Stones-laginu Jumpin' Jack Flash. Útkoman heitir „Jumpin' Gunnar“. Elsta og besta Gunnars í Krossinum-lagið er þó með hljómveitinni Reptilicus. „Okkar heili er innsiglaður“ heitir það og þar má finna línur eins og „í okkar skrokki eru sömu frumefni og hér í drullunni fyrir utan“ – tímalaus snilld!

gunnarh@frettabladid.is

## Húsnæðið okkar og hagstjórnin

**V**ið Íslendingar erum alls ekki þeir einu sem hafa orðið vitni að því að húsnæði hækki mjög mikið í verði á síðustu árum. Sama hefur til dæmis gerst í Bandaríkjunum og Bretlandi. Hækkunin hjá okkur var reyndar nokkuð sérstök því hún var að stórum hluta komin til vegna þess að það varð grundvallarbreyting á því hvernig húsnæðis kaup voru fjármögguð. Það er því áhugavert fyrir okkur að skoða hvað gerðist á húsnæðismarkaðinum í Bretlandi. Þar hafði húsnæðisverð hækkað mjög mikið. Á milli 2003 og 2004 hækkaði húsnæðisverð um 22% sem er mikil hækkun. En frá miðju ári 2004 fram á mitt ár 2005 hækkaði það einungis um 2%. Á sama tíma dró einnig mjög úr einkaneyslu; hún óx um rúmt prósent en að öllu jöfnu vex hún um 3% á ári í Bretlandi. Eftir þessa kærkomnu kælingu hefur vöxturinn aftur tekið við sér og ágætt jafnvægi virðist nú vera á húsnæðismarkaðinum í Bretlandi.

Við hljótum að velja því fyrir okkur hvort þessi saga geti endurtekið sig hér hjá okkur. Það væri óskandi en það er rétt að hafa í huga að tölurverður munur er á markaðinum á Íslandi og í Bretlandi. Hann felst fyrst og fremst í því að í Bretlandi eru vextir á húsnæðislanum breytilegir en ekki fastir eins og hér á landi og reyndar einnig í nokkrum mæli í Bandaríkjunum. Vaxtabreytingar Seðlabankans breska hafa því miklu meiri áhrif á þá sem þurfa að borga af húsnæðislanum heldur en gerist hér á landi. Sem dæmi má taka að ef vextir hækka úr 3% í 6% í Bretlandi þá hækkar jafnvirði 50.000 króna vaxtabyrði á mánuði í 100.000 krónur. Slík vaxtahækkun bitur hratt í. Fastir vextir á húsnæðislanum á Íslandi gefa allt aðra niðurstöðu því vextirnir á lánunum breytast ekki þó vextir Seðlabankans hækki. Verðbólgan



**ILLUGI GUNNARSSON**  
Í DAG | Velferð fólks og fjölskyldna á Íslandi.

*Vextir Seðlabankans hafa fyrst og fremst áhrif á gengið, vextirnir virðast fyrst og síðast nýtast til þessa að halda gengi krónunnar sterku.*

hefur vissulega áhrif á greiðslubyrði húsnæðislananna, 10% verðbólga hækkar 50.000 króna mánaðarlega greiðslu um 5.000 krónur. En það þarf mjög mikla verðbólgu á Íslandi til þess að ná fram sambærilegum áhrifum og þeim sem felast í hækkun vaxta úr til dæmis 3% í 6% í Bretlandi. Þess vegna þarf Seðlabankinn breski ekki að hækka vexti mikið til þess að hafa veruleg áhrif á einkaneyslu.

Ég hef bent á það áður að sennilega hefði Seðlabankinn ekki átt að reyna að berjast svo kröftulega með vaxtahækkunum gegn hækkun á húsnæðisverði. Í fyrsta lagi varð sú hækkun mikið til vegna breytinga á því hvernig við fjármögnum húsnæðiskaupin okkar og í öðru lagi er frekar veikt samband á milli hækkunar á fasteignum annars vegar og aukningar á einkaneyslu hins vegar. Of háir vextir leiddu til þess að peningar streymdu inn í landið, krónan varð of sterk, einkaneysla og innflutningur jókst og íslensk fyrirtæki tóku erlend lán í ríku mæli til að sleppa við vextina á krónunni. Síðan þegar krónan féll og

verðbólga vegna gengisfellingar gerði vart við sig hækkaði Seðlabankinn vextina enn meir. Nú er reyndar svo komið að útlendingar eiga hér skuldabréf að verðmæti að minnsta kosti 300 milljarðar og vaxtamunurinn á milli Íslands og útlanda er um 10%. Það þýðir að 30 milljarðar fara aukalega út úr hagkerfinu okkar á hverju ári, aðeins í vaxtagreiðslur til útlendinga. Mér finnst það nokkuð mikið, það erum við, íslenskir lántakendur, sem borgum þetta á endanum.

Vandinn sem við eigum við að glíma í hagstjórninni er tvíþættur. Annars vegar er mjög erfitt að nota ríkisútgjöld til að draga úr hagsveiflum, meðal annars vegna þess að stærstur hluti ríkisútgjalda er laun vegna þjónustu sem erfitt er að draga úr svo nokkur nemi til þess að mæta tímabundinni þenslu í hagkerfinu, ef á annað borð er pólitískur vilji til þess að draga úr þjónustu hins opinbera. Hins vegar er vandi Seðlabankans sá að stýrivextirnir hafa afar takmörkuð áhrif á skuldir vegna húsnæðis og þær skuldir eru stærsti hluti skulda heimilanna. Vextir Seðlabankans hafa fyrst og fremst áhrif á gengið, vextirnir virðast fyrst og síðast nýtast til þessa að halda gengi krónunnar sterku. Það er tómt mál að tala um að afnema núna verðtryggingu og notkun fastra vaxta í húsnæðisviðskiptum. En ég tel að við verðum að nota tækifærið þegar um hægist, verðbólga og vextir komin á svipað ról og gerist í löndunum í kring um okkur, og endurskoða notkun verðtryggingar og fastra vaxta. Það gengur ekki að eina virka hagstjórnartækið í landinu sé samband gengis og vaxta. Stýrivextir Seðlabankans verða að virka betur en raun hefur verið á.

## Ómar Ragnarsson er svar við mínum bænum

#### Umræðan

Mótmæli vegna Kárahnjúka

**T**akk Ómar Ragnarsson fyrir að standa upp fyrir hönd samvisku minnar. Ég hugsa svo oft með mér að ég geti lítið gert nema hugsað vel um mig og mína. Þú sagðir þetta svo vel í viðtali við RÚV í göngunni miklu á þriðjudaginn síðastliðinn, eitthvað á þá leið að þegar sandkornin byrja að renna og þegar droparnir koma saman þá höfum við mátt. Það er nákvæmlega þannig. Við getum breytt gangi mála.

Mig hefur oft langað að taka til hendinni í þjóðarmálum því ég er nú einu sinni þessi þjóð! En hvernig get ég, þessi litla vera suður í Hafnarfirði, gert eitthvað? Jón Gnarr benti á ágæta leið í einum af sínum frábæru pistl-



**BETTÝ GUNNARSDÓTTIR**

um. Hann sagði að maður ætti kjósa fólk sem hefur sömu gildi og maður sjálfur, manneskju sem maður getur treyst, einhvern sem skilar hlutunum á enda. Það ert sem sagt þú! Þú hefur verið þarna traustur og tryggur, flogið um landið og kynnt manni land og þjóð. Meira að segja sungið lög fyrir mann þegar maður var lítill og jafnvel leikið jólasvein!

Það fara ónot um mann þegar maður sér myndir frá Kárahnjúkum. Þó svo að ég sé ekki inni í öllum málum, skýrslum, fylgist ekki með öllum fréttum eða viti nákvæm markmið Landsvirkjunar með virkjunni veit ég samt að við getum gert betur en að rífa landið í sundur. Ísland getur betur. Ómar, ég styð þig!

Höfundur er móðir.



*Kristall*

**FYRIR DAGLEG ÁTÖK**

**INNIHELDUR VÍTAMÍN + STEINEFNI**

**AÐEINS  
10 KALORÍUR  
Í HVERRI FLÖSKU ▶▶**

**KRISTALL SPORT**

er nýr íþróttadrykkur og fyrsti sinnar tegundar á landinu. Hann inniheldur aðeins 10 kaloríur í hverri flösku ásamt nauðsynlegum vítamínum og steinefnum s.s. Ó mismunandi B-vítamín, bíótín, kalk, magnesíum, kalíum og natríum. Kristall SPORT er uppspretta bættiefna sem nýtast við öll dagleg átök.

**HAGKAUP**  
Skemmtilegast að versla



PETTA GERÐIST: 1. OKTÓBER 1936

## Franco foringi fasista

Á þessum degi árið 1936 var Francisco Franco valinn leiðtogi fasistastjórnar uppreisnarmanna á Spáni.

Franco fæddist í bænum El Ferrol árið 1892. Hann gekk í herskóla fjórtán ára gamall og sannaði sig snemma sem hermaður og hæfur stjórnandi í nylenduskærum Spánverja í Marokkó og forframaðist á skömmum tíma.

Árið 1931 var konungsvaldið afnumið á Spáni og Franco féll í ónáð hjá frjálslyndum leiðtogum lýðveldisins og var lækkaður í tign. Hann hlýddi mögglunarlaust.

Íhaldsmenn komust aftur til valda í kosningunum 1933 og Franco var hækkaður í tign yfirhershöfðingja og síðar herráðsforingja. Í kosningum árið



1936 komst hins vegar samsteypustjórn vinstri flokka til valda og Franco var sendur til Kanaríeyja. Af ótta við að ríkisstjórnin myndi greiða götu marxískrar byltingar, lögðu yfirmenn í hernum á ráðin um valdarán. Eftir nokkurt hik ákvað Franco að ganga til liðs við þá. Í júlí árið 1936 hófst uppreisnin í Marokkó og breiddist yfir á meginland Spánar daginn eftir. Undir stjórn Francos sölsaði herinn undir sig nokkur héruð landsins.

Í þeirri trú að sigur væri yfirvofandi völdu uppreisnarmenn Franco leiðtoga ríkisstjórnar sinnar en reyndin varð sú að borgarastyrjöldin stóð í tvö ár enn þar til Spánn var allur á valdi Francos. Hann stjórnaði landinu með harðri hendi allt til ársins 1975.

### MERKISATBURÐIR

- 1880 Möðruvallaskóli í Hörgárdal, fyrsti gagnfræðaskóli á Íslandi tekur til starfa.
- 1908 Kennaraskólinn tekur til starfa í Reykjavík.
- 1946 Tólf nasistaforingjar eru dæmdir til dauða af stríðsglæpadómstólum í Nürnberg.
- 1955 Fyrsta kjörbúðin er opnuð í Reykjavík, það er sjálfsafgreiðslubúðin Liverpool.
- 1945 Muhammed Ali sigrar Joe Frazier og endurheimtir heimsmeistaratitilinn í boxi.
- 1987 Sjónvarpið hefur útsendingar alla daga vikunnar. Þá hætta fimmtudagskvöld að vera sjónvarpslaus.

MAGNÚS STEFÁNSSON  
ER 46 ÁRA Í DAG

Traustur vinur getur gert kraftaverk.

Áður en hann settist á þing gerði Magnús og hjómsveit hans Upplýfting þessar ljóðlinur Jóhanns G. Jóhannssonar ódauðlegar.



# tímamót

timamot@frettabladid.is



Ástkær eiginkona mín, móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**Guðbjörg Malmquist**  
(Gullý) Birkigrund 62, Kópavogi,

lést föstudaginn 22. september. Útförin hefur farið fram í kyrrþey að hennar ósk. Þökkum hlýhug og samúð sem okkur hefur verið sýnd. Sérstakar þakkir fær Gunnar Guðmundsson lungnalæknir.

Sveinn Ólafsson  
Ólafur Sveinsson  
María Sif Sveinsdóttir  
Sveinn Sveinsson  
Sigríður Nanna Sveinsdóttir  
Jakob Línal  
Inda Sigrún Gunnarsdóttir  
Þórarinn Sigurðsson  
Lára Ingvarsdóttir  
Jakob Línal  
barnabörn og barnabarnabörn.



Okkar innilegustu þakkir til allra þeirra fjölmörgu ættingja og vina sem sýndu okkur samúð og hlýhug við andlát og útför okkar ástkæru

**Önnu Hafsteinsdóttir**  
Brekkskógum 1, Álftanesi.

Sérstakar þakkir færur við starfsfólki líknardeildar LSH í Kópavogi og starfsfólki Karitasar fyrir kærleiksrika umönnun.

Ársæll Karl Gunnarsson  
Gunnar Karl Ársæls  
Sólrun Ársælsdóttir  
Ingibjörg Birna Ársælsdóttir  
Rakel Ársælsdóttir  
Ingibjörg B. Þorlákssdóttir  
Sigurbjörg Hafsteinsdóttir  
Laufey Hafsteinsdóttir  
og barnabörn.  
Sigurlaug Sverrisdóttir  
Ingólfur V. Ævarsson  
Rúnar Snæland Jónsson  
Hafsteinn Sigurbjörnsson  
Bjarni Hauksson

## LEGSTEINAR OG FYLGIHLUTIR Í MIKLU ÚRVALI



Steinsmiðjan **MOSAİK**  
Hámarhöfða 4 • 110 Reykjavík • sími 567 1960 • www.mosaik.is

## SÓLSTEINAR

- ★ Gæði
- ★ Þjónusta
- ★ Gott verð
- ★ Úrval
- ★ Fagmennska

Kársnesbraut 98 | Kópavogur | S: 564 4566  
www.solsteinar.is | sol@solsteinar.is



## Legsteinar

Kynningarafsláttur af völdum tegundum Fjölbreytt úrval Hagstæð verð Stuttur afgreiðslufrestur

Steinsmiðjan Rein  
Viðarhöfða 1 • 110 RVK.  
sími 566 7878 • www.rein.is



HÓTELEIGENDURNIR Óðinn Eymundsson, Elísabet Jóhannesdóttir, Þórdís Einarssdóttir og Gísli Már Vilhjálmsson hafa rekið hótelið undanfarin sex ár.  
MYND/SIGURÐUR MAR HALLDÓRSSON

HÓTEL HÖFN: Á 40 ÁRA AFMÆLI Í DAG

# Öllum bænum boðið í veislu

„Ég held að flestum Hornfirðingum þyki dálítið vænt um þetta fyrirtæki enda er hótelið stór hluti af sögu Hafnar,“ segir Óðinn Eymundsson, einn af eigendum Hótel Höfn sem fagnar 40 ára afmæli í dag.

Hótelið Höfn er eitt af eldri hótélum landsins og það hefur alla tíð verið í einkaeigu. Rekja má sögu þess allt aftur til 1959 þegar Árni Stefánsson og Þórhallur Dan Kristjánsson þáðu boð Ásgríms Halldórssonar kaupfélagsstjóra Kaupfélags Austur-Skaftfellinga um að taka við rekstri Hótel Skálholts, sem var í eigu kaupfélagsins. „Það hefur þurft heimikla áræðni

á setja þetta á laggirnar á sínum tíma,“ segir Óðinn. „Það verður að hafa í huga að það var ekki einu sinni búið að opna hringveginn.“

Rekstur Hótel Skálholts gekk vel og brátt kom að því að hótelið annaði ekki eftirspurn eftir gistingu. Árið 1963 sóttu Árni og Þórhallur um lóð undir nýtt hótél, lítið eitt fyrir innan þorpið sem þá hafði aðeins um 700 íbúa.

Bygging hótelsins hófst 17. maí 1965. Veitingasalur og eldhús voru tekin í gagnið 1. október 1966 og herbergisálma með 20 herbergjum á þremur hæðum var opnuð 17. júní árið eftir. Nýbyggingin hlaut nafnið Hótelið Höfn.

Árið 1996 keypti Ferðaskrifstofa Íslands hótelið en árið 2001 urðu aftur eigendaskipti þegar hjónin Gísli Vilhjálmsson og Þórdís Einarssdóttir og Óðinn Eymundsson og Elísabet Jóhannesdóttir keyptu hótelið. „Frúrnar eru hóteliðstjórnar og ráða öllu. Við erum matreiðslumenn og hlýðum,“ segir Óðinn og hlær.

Í tilefni dagsins ætla hjónakornin að bjóða bæjarbúum í veislu. „Það verður öllu tjaldað til, boðið upp á kaffi og afmælskoku og myndasýningu með myndum frá ýmsum skeiðum í sögu hótelsins, auk þess sem kórar og lúðrasveit munu skemmta gestum.“



Bróðir minn

**Jóhann H. Sveinsson**  
bifvélavirki

lést mánudaginn 18. september sl. á Grund. Jarðarförin hefur farið fram í kyrrþey. Hjartans þakkir til starfsfólks að Ási í Hveragerði og Grundar í Reykjavík fyrir hlýju, umhyggju og vináttu sem þau sýndu honum.

Ellen Sveinsdóttir og fjölskylda.



Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**Kristjana Margrét Sigurðardóttir**  
Granaskjól 12, Reykjavík,

verður jarðsöngin frá Neskirkju mánudaginn 2. október kl. 15.00. Þeim sem vilja minnast hennar er bent á Parkinsonsamtökin.

Guðmundur Pétursson  
Ingibjörg Pétursdóttir  
Sigurður Pétursson  
Þórunn Kristjánssdóttir  
Einar Gylfi Jónsson  
Hansína Hrönn Jóhannesdóttir  
barnabörn og barnabarnabörn.



ego dekor

BÆJARLIND 12 - S: 544 4420  
WWW.EGODEKOR.IS

OPIÐ UM HELGINA:  
laug 10:00-16:00 - sun 13:00-16:00



Stór skenkur 180x45xH:125

Verð: 108.000,-

Stór stækkanleg borð, fánleg í 2 stærðum:  
160(+88)248x100  
200(+88)288x110



PARIS leðurstóll  
Verð: 17.500,-

# Glæsileg eikarlína



Sjónvarpsskenkur 200x58xH:44

Verð: 85.000,-

Vegghillu 240cm

CD hillu

Verð: 19.800,- Verð: 13.900,-




Sjónvarpsskenkur 240x58xH:48

Verð: 69.000,-

Vegghillu m/ljósi

Verð: 29.500,-



Leðurstóll á snúningsfæti

Verð: 68.000,-



Sófaborð m/sandblásnu gleri 120x64

Verð: 35.000,-



Sjónvarpsskenkur  
fánlegur í 2 stærðum:  
200x58xH:48

Verð: 67.000,-

160x45xH:48

Verð: 59.000,-




- ★ **Barnabækur**
- ★ **Handbækur**
- ★ **Kiljur**
- ★ **Ritsöfn**
- ★ **Ættfræðibækur**

- ★ **Ævisögur**
- ★ **Skáldverk**
- ★ **Unglingabækur**
- ★ **Ljóðabækur**

# LAGERSAL

**Fellsmúla 28** (gamla World Class húsið)

**Aðeins brotabrot af glæsilegu úrvali ...**




2.499 kr.



1.499 kr.



999 kr.



2.999 kr.



999 kr.



999 kr.




799 kr.



1.299 kr.



1.299 kr.



799 kr.



599 kr.



999 kr.



★ Listaverkabækur

★ Fræðibækur

★ Stórvirki

# A EDDU

OPIÐ  
alla daga  
kl. 11-19


**15-90% AFSLÁTTUR!**

**Um 1500 bókatitlar undir 1.000 kr.**

**Frábær tilboð:**

**1.**

Allir sem versla á markaðnum fá vandaða bók í kaupbæti.



**2.**

Öll börn sem koma á markaðinn fá gefins Andrésblað!

**199**  
kr.

**399**  
kr.


**599**  
kr.

**799**  
kr.

**999**  
kr.

Peir sem kaupa fyrir meira en 10.000 kr. fá Heim hryggleysingjanna í kaupbæti.

**3.**



**Sparaðu þúsundir króna!**

**BÓKAMARKAÐUR ÁRSINS!**



**E d d a**



Kaupmaðurinn Ingibjörg Þorvaldsdóttir hefur fengið miklu áorkað á undanförunum árum. Hún byrjaði að vinna sem afgreiðslustúlka í Sautján en rekur í dag sex verslanir ásamt sambýlismanni sínum, Jóni Arnari Guðbrandssyni. Sigríður Hjálmarasdóttir leit inn til Ingibjargar á nýtt heimili þeirra í Garðabænum og fékk að heyra hvernig kaupmannsævintýrið hefur gengið fyrir sig frá upphafi.

Ingibjörg hefur alla tíð haft mikinn áhuga á tísku og byrjaði aðeins þrettán ára gömul að vinna í Sautján í Kringlunni með skólanum. „Þegar ég var 23 ára eignaðist ég son minn, Natan, og velti því fyrir mér í orlofinu hvort ég ætti að fara aftur í Sautján eða gera jafnvel eitthvað annað. Ég hafði verið í innkaupum og fleiru þar og var mjög ánægð í vinnunni,“ segir Ingibjörg og bætir því við að hún hafi alltaf verið rosalega metnaðarfull í vinnu. „Mér var síðan bent á að Oasis væri til sölu í Kringlunni og mig langaði strax til að kaupa búðina. Ég sá fyrir mér að þarna væri mitt tækifæri.“

Ingibjörg jatar því að það hafi verið heilmikil áhætta að kaupa búðina enda hafi hún ekki átt mikinn pening. „Ég og barnsfaðir minn seldum íbúðina okkar og leigðum litla kjallarábúð í staðinn. Auðvitað fannst öllum þetta vera algjört brjálæði en ég var alveg ákveðin. Natan fór strax til dagmömmu frá átta til fimm, þínulíttill, og ég vann alla daga til sjö og oft fram á kvöld og nætur hvort sem var um helgi eða á virkum degi. Smátt og smátt kom þetta en þetta var rosalega erfitt og mikil vinna.“

#### Ótrúleg ósérhlífni

Spurð um hvað þurfi til að láta svona verslun ganga vel segir Ingibjörg að maður þurfi fyrst og fremst að vera viss um hvað maður geti sjálfur. „Ég hugsaði aldrei út í þann möguleika að þetta myndi ekki takast. Ég var allan tímann ákveðin í því að ég gæti þetta.“

Fyrstu þrjú árin eftir að Ingibjörg keypti Oasis snerist allt um verslunina í Kringlunni og segir hún að þegar árangur fari að nást þá gerist hlutirnir mjög hratt. „Fyrstu tvö til þrjú árin þurfti maður bara alveg að standa vaktina sjálfur frá morgni til kvölds. Það er líka ýmislegt sem fylgir því að vera ungur atvinnurekandi og ekki alltaf auðvelt. Síðan bara fór maður að sjá árangur og reksturinn fór að skila sér mjög vel. Eigendurnir í Englandi fóru að halda mjög mikið upp á mig og búðin mín fór að verða notuð sem fyrirmynd fyrir aðra sem vildu opna verslanir Oasis í öðrum löndum, af því hún var farin að selja mest á fermetra.“

#### Danmerkurævintýrið

„Danmörk lá alltaf í loftinu hjá þeim úti og það voru nokkrir sem höfðu ætlað sér að opna þar en það gekk aldrei upp. Eigendurnir í Englandi fóru þá að reyna að pressa á mig með að opna í Danmörku, ekki síst af því þeir vissu að ég hafði alltaf verið mikið þar.

Þabbi bjó þar auk frænda míns og frænku þannig að ég var mikið á ferðinni á milli og var búin að kynnast markaðnum í Danmörku ágætlega.“

Fyrir tveimur árum ákváðu Ingibjörg og Jón Arnar, sambýlismaður hennar, að láta af því verða að opna Oasis í Danmörku. Fyrsta Oasis-verslunin opnaði í Fields, sem er ein stærsta verslunarmiðstöðin í grennd við Kaupmannahöfn. „Við færðum okkur svo inn í Magasín og erum með tvær búðir þar í dag. Síðan opnuðum við í Illum og loks í Magasín í Lyngby, sem er fyrir utan Kaupmannahöfn. Þannig að við erum núna með fimm búðir inni í öðrum búðum af því við vildum byrja hægt á dönskum markaði. Markaðurinn þar er mun erfiðari en hér á Íslandi og þess vegna vildum við finna aðeins út hvernig við ættum að háta innkaupum og öðru áður en við færum í okkar eigin verslun. Það stendur hins vegar til í byrjun næsta árs.“

#### Skrítin jól án Kringlunnar

Síðastliðið vor fengu þau svo gott tilbóð í búðirnar hérna heima að þau gátu ekki hafnað því. „Við seldum þá allar búðirnar sem við áttum hér á landi en þær voru orðnar fimm talsins og fjárfestum síðan í Habitat og einbeitum okkur algjörlega að því núna.“

Ingibjörg segir það erfiðast fyrstu mánuðina að opna verslun ef maður gerir allt frá grunni og hefur engan sér að baki. „Það þarf að búa sig undir það andlega að annað hvort vinna stórt eða tapa stórt. Maður getur verið dálítið lengi að byggja sig upp aftur ef illa gengur en ég hugsaði bara með mér að ég hefði enn tíma til að byggja mig upp aftur. Ég leit á þetta þínu fyrst eins og háskólanám. Mér fannst ég vera að læra svo mikið og var tilbúin til að taka skellinn ef hann kæmi.“

Ingibjörg lauk verslunarprófi frá Verslunarskóla Íslands og tók síðar tvö ár í menntaskóla með vinnu. „Það verður örugglega undarleg tilfinning að vera ekki í Kringlunni um jólin enda veit ég varla hvað jól eru án Kringlunnar.“

#### Aldrei farið á hausinn

Sögur hafa gengið um að Ingibjörg hafi farið í gjaldþrot með verslanir sínar þegar hún seldi þær í vor en hún tekur þeim kvitti af stakri ró. „Já, það eru náttúrulega alltaf sögur. Ég hef aldrei farið á hausinn með neitt, þannig að það er ekki rétt. Fólk á svo erfitt með að samgledjast. Það er dálítið einmennandi fyrir þessa þjóð. Það virðist hafa verið erfitt fyrir fólk að sætta sig við það að ég átti allt í einu eitthvað sem ég hafði unnið



#### FRAMAKONA

Á aðeins fimm árum hefur Ingibjörg byggt upp fjölda verslana og er Habitat nýjasta verslunin í eigu hennar og sambýlismanns hennar, Jóns Arnars.

FRÉTTABLAÐIÐ/HÖRÐUR

## Alltaf ákveðin í að ég gæti þetta

fyrir, bara tuttugu og eitthvað ára gömul. Fólk fannst þetta bara ekki ganga upp. Það hlyti að hafa verið eitruflýfjainnflutningur, svik og prettir eða eitthvað slíkt, fólk taldi þetta ekki geta verið eðlilegt.“

Ingibjörg hugsar sig um dálitla stund þegar hún er spurð að því hvort hún sé rík í dag. „Ég er mjög rík af vinum og fjölskyldu,“ segir hún og brosir.

Hún tekur undir það að konur geri of lítið af að láta vaða á þær viðskiptahugmyndir sem þær fá. „Konur gera alltof lítið af því. Sérstaklega af því að ég veit að það eru svo margar sem langar. Undanfarið tvö ár hef ég einmitt verið mikið í því að hvetja konur og þar á meðal vinkonur mínar til að láta vaða í að eignast fyrirtæki eða rekstur. Í staðinn fyrir að hugsa alltaf um að bíða. Ööryggið eykst alltaf eftir því sem beðið er lengur, í staðinn fyrir að taka þetta skref fyrir skref og gera bara það sem mann langar til.“

Ingibjörg jatar því að sennilega sé það erfiðara fyrir konur að reka fyrirtæki en karla. „Það er ætlast til svo mikils af okkur og sérstaklega ef við eigum börn. Það hefur verið erfiðast að samræma vinnuna og að eiga stundir með Natan. Maður vill auðvitað standa sig í því

að vera mamma því það skiptir mann mestu máli,“ segir kaupmaðurinn og viðurkennir að stundum sé erfitt að girja sig niður eftir vinnuna. Ingibjörg segir konur almennt finna fyrir meiri togstreitu gagnvart börnunum sínum en karlmenn. „Svo líka erum við viðkvæmari. Það er bara þannig,“ segir hún og brosir. „Við erum viðkvæmari fyrir gagnrýni, mistökum og fleiru. Samt höfum við svo marga kosti líka sem karlmenn hafa ekki. Það er oft sagt að konurnar séu meira í litlu hlutunum en karlmenn sjái frekar heildarmyndina. Ef konum tekst hins vegar að sjá stóru myndina þá höfum við eiginlega meira en þeir. Meiri innsýn inn í allt en sjáum samt möguleikana umfram það.“

#### Aldrei líðið betur

Ingibjörg svarar því játandi þegar hún er spurð hvort hún sé hamingjusöm í dag. „Ég er rosalega hamingjusöm,“ segir hún án þess að þurfa í raun að svara því hún hreinlega geislar af hamingju. „Ég hef ekki alltaf verið hamingjusöm síðustu ár því það tekur rosalegan toll að vinna svona mikið og leggja svona mikið á sig. Það er eitthvað sem fólk ætti að átta sig á áður en það fer út í svona

lagað að það er algjörlega blóð, sviti og tár. „Markmið Ingibjargar næstu tvö til þrjú árin felast að mestu í því að gefa Habitat allt sem hún á. „Við ætlum að bjóða upp á allt það sem merkið hefur upp á að bjóða og stækka búðina. Byggja þar upp skemmtilegt andrúmsloft, hafa lifandi hluti að gerast allar helgar. Við erum komin með mjög gott starfsfólk og á næstu þremur árum ætlum við að gera þetta virkilega skemmtilegan áfangastað fyrir fjölskylduna og þá sem eru að spá í lífsstíl yfir höfuð,“ segir Ingibjörg og stefnir á að búðin fái á sig endanlega mynd eftir smátíma. „Það er á þriggja ára planinu að gera þetta allt klárt og hafa búðina sem glæsilegasta og þægilegasta til að koma í og versla. Þá er ég reyndar sjálf með þetta á eins árs plani af því ég vil alltaf gera allt svo hratt,“ bætir hún við hlæjandi.

Ingibjörg á von á barni þeirra Jóns Arnars um miðjan nóvember og hefur notið meðgöngunnar þrátt fyrir að hafa heilmikið að gera. „Ég reyni að skipta þessu upp: fjölskyldan, heilsan og vinnan. Fjölskyldu- og heilsumarkmiðin eiga að vera til lífstíðar en á starfsvettvangnum eru það svona þrjú til fimm ár.“

Oasis í Kringlunni  
Oasis í Debenhams  
Oasis í Fields DK  
Oasis í Magasin du nord  
Oasis í Magasin du nord, jarðhæð  
Gjörbreyttu Oasis í Kringlunni  
Oasis Magasin Lyngby  
Oasis verslun í Smáralind  
Coast verslun í Smáralind  
Change verslun í Smáralind  
Seldu allar verslanirnar á Íslandi  
Oasis í Illum  
Habitat í Kópavogi

mars 2001  
sept 2004  
febrúar 2005  
mars 2005  
maí 2005  
maí 2005  
september 2005  
september 2005  
október 2005  
febrúar 2006  
mars 2006  
apríl 2006  
ágúst 2006





## HLJÓÐFÆRI HUGANS

Njörður P. Njarðvík skrifar um íslenskt mál

### Metnaðarleysi fjölmiðla

*Eiður Guðnason sendi mér eftirfarandi klausu:*

„Oft blöskrar manni metnaðarleysi fjölmiðlanna í málarslegum efnum. Hef stundum verið að gera athugasemdir á ýmsum vettvangi, en fæ sjaldnast nokkur viðbrögð, – undanskil þó málfráttunaut Ríkisútvarpsins sem jafnan svarar um hæl.

Netmiðlarnir svonefndu eru, held ég, verstir. Í gær mátti lesa á mbl.is að hermenn í Afganistan hefðu „notið aðstoðar frá lofti“ þegar væntanlega var átt við að herflugvélar hefðu tekið þátt í aðgerðunum.

Ef eitthvað bílar í tölvukerfum eða hjá símanum er sagt að tölvukerfið sé „niðri“, síminn sé „niðri“, lesið hef ég um að Grensásstöðin hafi verið „niðri“ og jafnvel umferðarljós hafa verið „niðri“. Var þó örugglega ekki átt við að umferð í neðra hafi verið svo mikil að henni hafi þurft að stýra með ljósum! Enn er talað um „áhafnar meðlimi“ þegar einfaldara og betra væri að tala um skipverja.

Enskan skín hvarvetna í gegn og nær daglega les maður um „eitthvað sem er komið til að vera“.

Það eru ótrúlega margir að skrifa fréttir, sem ekki kunna íslensku og ekki raunar ensku heldur, sbr. frétt Morgunblaðsins á dögnum um borgina „Aboriginal“ í Ástralíu!“

### Labba, labba, labba

„Ég hefði ekki labbað í svona álverslabba,“ skrifar kennari í Mbl. 14. sept. um meðmælagöngu á Norðurlandi. So, labba merkir að rölta, ganga hægt og er til í nýnorsku og sænsku í merkingunni þramma, ganga þyngslalega, og er trúlega leidd af no. labb sem í sömu málum merkir fótur í nýnorsku og stór fótur eða hrammur í sænsku.

Nú er sögnin að labba svo ofnotuð að hún virðist nánast orðin einráð yfir þá athöfn að setja annan fótinn fram fyrir hinn, að ganga, eins og mín kynslóð hefur sagt. Kona spyr hvort barnið sé farið að labba. Menn labba alls staðar, jafnvel á fjöllum. Þar með hverfa jafn myndrænar sagnir og ana, arka, eigra, feta, haltra, þjakka, ramba, rölta, skunda, staulast, stika, strunsa, svo að fáein dæmi séu nefnd. Ég held að flestir geti séð til hvílikrar fátæktar í tjáningu slíkrar einhæfni leiðir. Og það vil ég segja við ykkur, að menn labba ekki um „tungunnar bröttu fjöll“, svo að vitnað sé í ljóð Hannesar Péturssonar.

### Braghenda

Braghenda dagsins varð til við Foss á Síðu:  
*Birtist fram af brúnum háum bjartur strengur.  
Það er líkt og þráðarlengju  
sé þyrlað niður klettahengju.*

Vilji menn senda mér braghendu eða góðfúslegar ábendingar:  
nnp@vortex.is

# Guðlaugur Þór

## Kraftur til framtíðar

Opnum sunnudaginn 1. okt.  
kosningaskrifstofu

**Guðlaugs Þórs**  
að Lágmúla 9

Kl. 14.00-17.00:

Létt tónlist leikin fyrir gesti.

Sýnt úr leikritinu Hafíð bláa fyrir börnin.

Allir velkomnir - kaffi og veitingar.

Stuðningsfólk

www.gudlaugurthor.is

gudlaugurthor@gudlaugurthor.is



Í PRÓFKJÖRI SJÁLFSTÆÐISMANNA  
Í REYKJAVÍK



COLT

VIÐ EIGUM VEL  
SAMAN



**Mitsubishi Colt** er frábær bíll sem hefur sópad að sér verðlaunum, enda kostirnir augljósir; glæsileg hönnun, mikil innra rými með mikla möguleika, nýjar öflugar vélar, 6 hraða „Allshift“ sjálfskipting og margt fleira.

Komdu og prófaðu hann

Verð: 1.590.000 kr.

**Stadalbúnaður** MASC stöðugleikastýring  
ABS hemlalæsisvörn • EBD hemlajöfnunarkerfi  
MATC spyrnstýring • Aksturstölva • Hiti í framsætum  
Fjarstýrðar samlæsingar • Rafdrifnar rúðuvindur





VIÐ LÆKKUM  
**MATAR**

~~14%~~ → 4%

**FINNDU MUNINN**





# SKATTINN

föstudag – laugardag – sunnudag

Skv. heimildum fréttastofu RÚV ætlar ríkisstjórnin að lækka virðisaukaskatt af matvælum sem bera 14% í 4%.

**KRÓNAN SÝNIR FRUMKVÆÐI!**

Frá föstudegi til sunnudags mun **KRÓNAN** lækka virðisaukaskatt af matvælum sem bera 14% í 4%.

**KOMDU Í KRÓNUNA – FYLLTU KÖRFUNA  
og FINNDU MUNINN**



# Á tali í 100 ár

Af öllum þeim tækjum og tólum sem mannskepnan hefur safnað kringum sig síðan tækniöld hóf innreið sína fyrir rúmum 100 árum, er sá símur líklega það einstaka tæki sem hefur hvað mest áhrif á daglegt líf okkar. **Sigurður Þór Salvarsson** stiklar á stóru í sögu símans á Íslandi.

Í flestum tungumálum notast menn við orðið telefon yfir það sem við köllum síma.

Þegar þessi nýja tækni kom fyrst til umræðu hér á landi undir lok nítjándu aldar voru ýmsar hugmyndir á lofti um nafn á fyrirbærið. Má þar nefna orð eins og hljóðberi, hljóðþráður, hljóðþráður, talþráður og fréttapráður.

Talið er að orðið sími hafi fyrst komið fram á prenti í íslensk-danskri orðabók eftir Jónas Jónsson frá Hrafnagili sem kom út árið 1896. Orðið er ævagamt í sjálfu sér og þýðir band eða þráður og til sem slíkt í fornslensku. Uppruninn er enn eldri því orðið simo er til í fornaxnesku og síma í fornensku með sömu merkingu.

Þá er orðið síme til í nýnorsku, simme í sænskum mállýskum og síme í dönsku og alls staðar er merkingin taug eða reipi.

## Framsýnir bændur

Segja má að símaöld á Íslandi hafi hafist með samningi sem gerður var 1904 við Stóra norræna rit-símafélagið um lagningu ritsíma til landsins.

Ekki voru allir Íslendingar á einu máli um leiðir í þessum efnunum þá frekar en endranær. Sú saga hefur verið lífseig að íslenskir bændur hafi hópum saman riðið til Reykjavíkur árið 1905 til að mótmæla símanum og Framsóknarflokknum jafnvel núð upp úr þessu sem dæmi um afturhaldssemi bænda og andstöðu við nútímanna. Sagan er reyndar góð en hún á við lítil rök að styðjast.

Vissulega riðu hópar bænda af Suður- og Vesturlandi til Reykjavíkur þann 1. ágúst 1905, til að mótmæla lagningu ritsímans, en þeir voru fjarri því á móti nýjungum á sviði fjarskipta.

Þannig var á þessum árum að menn greindu mjög á um það hvort skynsamlegra væri að fjárfesta í sæsimastreng og lagningu símalína um landið þvert og endilangt, eða hvort loftskipti væru það sem koma skyldi.

Bændur vildu veðja á loftskiptatækni, en gera má ráð fyrir að sú afstaða hafi að miklu leyti ráðist af því að þeim hugnaðist ekki allt það rask á jörðum sínum sem lagning símans hefði í för með sér, auk þess sem þeir töldu þá leið of dýra. Svo fór þó að Alþingi samþykkti lagningu sæstrengsins haustið 1905 og deilur um símann voru brátt úr sögunni.

Það er svo kannski kaldhæðni örlaganna að sú símtækni sem við notumst hvað mest við í dag, sú þráðlaus, á miklu meira skylt við loftskiptin en ritsímann, og því má segja að bændurnir sem riðu

til Reykjavíkur 1905 hafi þegar allt kom til alls haft rétt fyrir sér, að loftskiptatækni væri það sem koma skyldi.

## Reykjavík radió ... skipti

Þó svo að meirihluti alþingis hefði veðjað á ritsímann frekar en loftskiptin 1905, var engu að síður ráðist í byggingu loftskiptastöðvarar. Tók hún til starfa vestur á Melum 1918 í því húsi sem Fjarskiptasafnið er nú og kallaðist stöðin Reykjavík radió.

Hún var upphaflega hugsuð sem varasamband við útlönd, nokkurs konar viðbót við sæsimann sem átti það til að bila. Aðalhlutverk stöðvarinnar varð hins vegar brátt þjónusta við skip og báta og olli hún byltu í öryggismálum sjómanna.

Öll fjarskipti við skip fóru til að byrja með fram á morsi en talfjarskipti hófust árið 1930. Togarinn Egill Skallagrímsson var fyrsta íslenska fiskiskipið sem fékk loftskiptatæki en það gerðist árið 1920. Í kjölfarið kom fram ný stétt sjómanna, loftskiptamenn en sú ágæta starfsstétt heyrir nú að mestu sögunni til.

Starfsemi Reykjavíkur radiós var öll flutt í fjarskiptastöðina í Gufunesi árið 1963 en þar er nú aðalstrandstöð fyrir skip auk þess sem stöðin veitir flugvélum fjarskiptþjónustu.

## 14 þúsund símastaurar

Þegar árið 1906 var lögð símalína milli Reykjavíkur og Seyðisfjarðar, um 614 km leið. Í línuna fóru alls um 14 þúsund símastaurar sem flytja þurfti á hestum upp um fjöll og firnindi. Verkið hófst í júní 1906 og var lokið 29. september sama ár, sem telst vera mikið afrek hvernig sem á það er litið. Um leið var opnað fyrir talsímasamband milli nítján símastöðva á Vestur-, Norður- og Austurlandi.

Langur tími leið þó þar til allir landsmenn komust í símasamband en lagningu síma í sveitir lauk í kringum 1960 og voru þá enn margir símar á sömu línunni.

Reykvíkingar voru fljótir að fá sér síma, en þegar árið 1912 voru notendur í bænum orðnir 300. Tíu árum síðar voru þeir um 1100 og árið 1928 voru um 2400 símnotendur í Reykjavík af um 25 þúsund íbúum.

Fjórum árum síðar voru fyrstu sjálfvirkum símastöðvarnar í Reykjavík og Hafnarfirði teknar í notkun. Þar með var hægt að hringja beint milli húsa án þess að fá samband gegnum „miðstöð“.

Sjálfvirkum stöðvum fjölgaði smám saman og 1976 voru allir þéttbýlisstaðir komnir með sjálfvirkum síma. Tíu árum síðar voru

allir símar landsmanna tengdir sjálfvirkum stöðvum og svokallaðir sveitasímar heyrðu sögunni til.

## Sveitin á línunni

Símurinn sem notaður var til sveita alveg fram undir 1986 var mjög frábrugðinn þeim síma sem við þekkjum í dag. Þetta var stórt og fyrirferðarmikið tæki með símtöli en sveif í stað skífu eða takka-borðs.


Til að hringja var sveifinni snúid tvo hringi fyrir langa hringingu og einn fyrir stutta. Hver bær hafði sína hringingu í stað símanúmers, til dæmis tvær stuttar og eina langa. Gallinn eða kosturinn eftir því hvernig á málið er litið, var sá að þessi sími var opinn öllum á sömu línu en það gátu verið fjölmargir sveitabæir.

Þannig gat öll sveitin hlustað á símtöl hinna á línunni og því óhægt um vik að ræða einkamál í símann. Að sama skapi gat símurnir virkað sem nokkurs konar fjölmiðill og víðast var sérstök hringing sem gaf til kynna að á ferð væru skilaboð til allra í sveitinni samtímis.

## Beint samband við útlönd 1980

Enn ein síma-byltingin leit dagsins ljós árið 1980 þegar jarðstöðin Skyggfirir í Mosfellsbæ kom til sögunnar en hún gerði það að verkum að í fyrsta sinn var hægt að hringja beint til útlanda um gervihnött.

Það eru sem sagt ekki nema rúm 25 ár síðan öll símtöl frá Íslandi til útlanda fóru gegnum talsímaþjónustu Landsímans og ídulega þurfti að panta



**SMÁSKILABOD ÚR FARSÍMUM Í FARSÍMA** Línuritið sýnir að Íslendingar sendu ríflega 60 milljónir SMS-skeyta árið 2000 en talan var komin upp í tæplega 160 milljónir í fyrra. Svo má gera ráð fyrir verulegri aukningu á þessu ári miðað við allt SMS-flóðið í kringum Magna í Rockstar: Supernova.

símtöl með einhverjum fyrirvara.

Önnur og ekki síður merkileg breyting varð við þetta á högum landsmanna, en hún var sú að í fyrsta sinn var hægt að fylgjast með beinum sjónvarpsútsendingum erlendis frá, til dæmis íþrótta-viðburðum sem fram til þessa höfðu verið sendir út eftir á. Sömu-leiðis gat ríkissjónvarpið sem var eitt á markaðnum enn á þessum tíma, orðið sér úti um erlendar fréttamyndir samdægurs.

En sem dæmi um þá öru þróun sem átt hefur sér stað á sviði fjarskipta síðustu ára-

tugina, þá er þetta merkilega fyrirbæri og kennileitið Skyggfirir nú horfið, en stöðin var rifin í lok síðasta árs.

## Málgleðin eykst

Íslendingar hafa ætíð verið fljótir að tileinka sér nýjungar og það átti svo sannarlega við um farsímana. NMT-kerfið, Nordic Mobile Telephone, var tekið í notkun 1986 um líkt leyti og sveitasímurinn leið endanlega undir lok, og GSM-kerfið, Global System for Mobile Communications kom árið 1994.

Sem dæmi um skjót viðbrögð Íslendinga og opinn hug gagnvart nýjungum þá var fjöldi farsíma á þúsund íbúa 7,2 árið 1994 en sex árum síðar áttu 662 af hverjum þúsund íbúum farsíma og Ísland komið í fremstu röð þjóða heims í farsímavæðingu.

Og þar verður ekki komist mikið lengra en staðan er í dag, því farsímar á landinu eru nánast orðnir jafnmargir mannfólkinu eða 100 prósent væðing.

Málgleðin hefur líka aukist jafnt og þétt eins og tölur bera með sér. Árið 2000 töluðu Íslendingar í um 250 milljón mínútur í farsíma og sendu um 60 milljónir SMS-skeyta. Fimm árum síðar voru þessar tölur komnar í ríflega 400 milljón mínútur og 160 milljónir SMS-skeyta.



**FRÆG MÓTMÆLI** Hópreið bænda til Reykjavíkur 1905 var ekki til að mótmæla símanum sem slíkum heldur vildu bændur frekar veðja á loftskiptatækni en ritsímann.



**LÍNAN LÖGÐ** Lagning fyrstu símalínunnar milli Seyðisfjarðar og Reykjavíkur á fjórum mánuðum árið 1906 er eitt af mestu verkfræðiafrekum Íslandssögunnar.



**SKYGGFIRIR** Olli straumhvörfum í íslenskum fjarskiptum og var um skeið eina símtenging Íslands við umheiminn. Reis og hvarf á 25 árum.



**REYKJAVÍK RADÍÓ** Loftskiptastöðin vestur á Melum sá um öll fjarskipti við íslenska sjómenn um áratuga-skeið.

## SÍMINN Í GEGNUM TÍÐINA

<b>1904</b> Gengið frá samningi um lagningu sæstrengs við Stóra norræna símafélagið.	<b>1905</b> Alþingi samþykkir lagningu ritsímans	<b>1912</b> Símtotendur í Reykjavík orðnir 300.	<b>1932</b> Fyrstu sjálfvirkum símastöðvarnar teknar í notkun.	<b>1976</b> Allir þéttbýlisstaðir komnir með sjálfvirkum síma.	<b>1984</b> Fyrsti stafrænu símastöðvarnar teknar í gagnið.	<b>1986</b> Fyrstu farsímarnir, NMT-símar, teknir í notkun á landinu.
<b>1905</b> Bændur riðu til Reykjavíkur til að mótmæla lagningu ritsímans	<b>1906</b> Sæsimastrengurinn tekinn á land á Seyðisfirði.	<b>1918</b> Loftskiptastöðin tekur til starfa.	<b>1935</b> Talsambandi við útlönd komið á.	<b>1980</b> Jarðstöðin Skyggfirir tekin í notkun og þar með hægt að hringja beint til útlanda.	<b>1985</b> Lagning ljósleiðara hefst.	<b>1994</b> GSM-farsímakerfið tekur til starfa.
<b>1906</b> Símalína lögð milli Seyðisfjarðar og Reykjavíkur.	<b>1920</b> Fyrstu loftskiptatækin sett í íslenskt fiskiskip.	<b>1960</b> Lagningu síma í sveitir landsins lokið.			<b>1986</b> Allir símar landsmanna tengdir sjálfvirkum stöðvum.	





## Starfsmenn í umönnun

Óskast, sem fyrst, á deild 36, Kleppi sem er endurhæfingardeild fyrir fullorðna á geðsviði. Um er að ræða vaktavinnu með möguleika á hlutastörfum. Deildin sinnir endurhæfingu sjúklinga með langvinna geðsjúkdóma. Starfsfólk fær tækifæri til að taka þátt í þróun- og uppbyggingu á innra starfi deilda. Mikil framboð er á fræðslu og möguleiki til að öðlast dýrmæta reynslu í samskiptum og varðandi mannlega hegðun.

### Menntunar- og hæfniskröfur:

Góð almenn menntun og hæfni í mannlegum samskiptum. Sjúkraliða-, félagsliða- eða háskólanám sem nýtist í starfi kemur til hækunar launa. Áhersla er lögð á skipulögð vinnubrögð og að farið sé eftir verklagsreglum.

Með umsókn skulu fylgja upplýsingar um menntun og fyrri störf. **Umsóknir skulu berast fyrir 16. okt. nk.** til skrifstofu sviðsstjóra hjúkrunar á geðsviði, geðdeildarbyggingu við Hringbraut, netfang hrafnhkn@landspitali.is.

Uppl. veita Kristín Þorbjörnsdóttir, verkefnastjóri starfsmannamála á geðsviði, sími 543 4717, netfang kristorb@landspitali.is og Elías Jón Sveinsson, deildarstjóri sími 543 4911, netfang eliasjv@landspitali.is.

## Sjúkraliðar

Óskast til starfa á endurhæfingardeild R3 Grensá. Skipulagsform hjúkrunar er einstaklingshæfð og unnið er í þverfaglegum teyrum þar sem gert er ráð fyrir virkri þátttöku sjúkraliða. Mikil áhersla er lögð á fjölskylduhjúkrun. Boðið er upp á aðlögun og gott vinnuumhverfi með framsæknri samstarfsfólki. Vinnuhlutfall og vaktatilhögun er eftir samkomulagi. Unnið er 3ju hverja helgi. Umsóknir skulu berast fyrir 16. okt. nk. til Ingibjargar Sig. Kolbeins, hjúkrunardeildarstjóra R-3 Grensá og veitir hún jafnframt upplýsingar í síma 543 9118, 543 9327, netfang ingibjok@landspitali.is.

Laun samkvæmt gildandi samningi viðkomandi stéttarfélags og fjármálaráðherra. Umsóknareyðublöð fást í upplýsingum Fossvogi og Hringbraut, skrifstofu starfsmannamála Eiríksgötu 5, á heimasíðu [www.landspitali.is](http://www.landspitali.is). Tekið er mið af jafnréttisstefnu LSH við ráðningar í störf á Landspítala - háskólasjúkrahúsi. Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin.

Landspítali - háskólasjúkrahús er reyklaus vinnustaður.

# GJALDKERI / SKRIFSTOFUSTARF

Skýrr hf. vill ráða starfsmann á fjármálasvið fyrirtækisins. Viðkomandi mun leysa gjaldkera af í 6 mánuði vegna fæðingarorlofs, en taka síðan við skrifstofustarfi á fjármálasviði. Við sækjumst eftir orkumiklum og jákvæðum einstaklingi, sem getur axlað ábyrgð og tekist á við krefjandi verkefni. Í boði eru góð laun og skemmtilegt vinnuumhverfi hjá öflugum fyrirtæki.

## Starfssvið

- Greiðsla reikninga
- Samskipti við viðskiptavini og birgja
- Eftirfylgni með innheimtu
- Önnur tilfallandi verkefni

## Hæfniskröfur

- Stúdentspróf eða sambærilegt nám
- Góð almenn þekking á bókhaldi
- Reynsla af gjaldkerastörfum æskileg
- Frumkvæði, metnaður og sjálfstæði í vinnubrögðum
- Þjónustulund og lipurð í mannlegum samskiptum

## Nánari upplýsingar

Ingibjörg Óðinsdóttir, forstöðumaður mannauðssviðs Skýrr veitir nánari upplýsingar í síma 569 5100 eða [io@skyrir.is](mailto:io@skyrir.is). Umsóknarfrestur er til mánudagsins 9. október næstkomandi. Eyðublöð fyrir umsóknir er að finna á vefsvæði Skýrr. Fullum trúnaði heitið og öllum umsóknum svarað.

FITEN/STIA



Starfsfólk Skýrr sinnir þörfum liðlega 2.200 kröfuharðra viðskiptavina í fyrirtækjum og stofnunum af öllum stærðum og gerðum. Vönduð og öguð vinnubrögð Skýrr eru samtvinnuð afar fjölbreyttu vöruúrvali, heildarlausnum á sviði upplýsingatækni og fyrsta flokks þjónustu.

Skýrr er samstarfsaðili Business Objects, Microsoft, Oracle og VeriSign. Starfsemi Skýrr er vottuð samkvæmt alþjóðlega gæða- og öryggisstaðlinum ISO 9001. Fyrirtækið er Microsoft Gold Certified Partner.

sími 569 5100 / [skyrir.is](http://skyrir.is)



# TOPSHOP ÓSKAR EFTIR VERSLUNARSTJÓRA



## VERSLUNARSTJÓRI

Starfssvið: Ábyrgð á daglegum rekstri verslunar, svo sem sölu, vörustreymi, útliti, mönnum, kostnaði og öðrum verkefnum.

Hæfniskröfur: Reynsla af verslunarrekstri, skipulögð og nákvæm vinnubrögð, frumkvæði og metnaður, hæfni í mannlegum samskiptum, mjög góð ensku- og tölvukunnátta og brennandi áhugi á tísku.

Umsóknir sendist til Sigrúnar Andersen á netfangið [sigrun@hbu.is](mailto:sigrun@hbu.is)

Umsóknarfrestur er til og með 15. október 2006



# KÍKTU Á CAPACENT.IS

ÁRANGUR Á ÖLLUM SVIÐUM

capacent

Borgartúni 27 105 Reykjavík Sími 540 1000



## Landsvirkjun

Landsvirkjun er í hópi stærstu fyrirtækja landsins með heildareignir upp á um 220 milljarða króna og ársveltu um 16 milljarða. Fyrirtækið er leiðandi í samkeppni á raforkumarkaði með góðri þjónustu og framsækinni vörubrúun. Landsvirkjun byggir á gæða- og umhverfisstjórnun og áhersla er lögð á mannafla- og þekkingar stjórnun þar sem fjölskylduvænt starfsumhverfi, jafnrétti og tækifæri til starfsþróunar eru í fyrirrúmi.

## REIKNINGSHALD

Landsvirkjun óskar eftir að ráða starfsmann í reikningshald fyrirtækisins. Reikningshald heyrir undir fjármálasvið og annast allt bókhald og fjárhagslega upplýsingavinnslu innan fyrirtækisins.

### Starfssvið

- Vinna við bókhald og afstemmingar
- Aðstoð við innleiðingu á nýju viðskiptakerfi
- Önnur tilfallandi bókhaldsverkefni


### Menntunar- og hæfniskröfur

- Viðskiptafræðingur, viðurkenndur bókarí, eða starfsmaður með staðgöða bókhaldsreynslu
- A.m.k. 3ja ára starfsreynsla æskileg
- Góð íslenskukunnátta og færni í ensku
- Haldgóð tölvukunnátta. Þekking á Axapta og Cognos er kostur
- Samskiptahæfileikar
- Sjálfstæð og skipulögð vinnubrögð

Umsjón með starfinu hafa Auður Bjarnadóttir (audur.bjarnadottir@capacent.is) og Guðlaugur Arnarsson (gudlaugur.arnarsson@capacent.is) hjá Capacent Ráðningum. Umsóknarfrestur er til og með 15. október nk. Umsækjendur eru vinsamlega beðnir um að sækja um starfið á heimasíðu Capacent Ráðninga, [www.capacent.is](http://www.capacent.is)

capacent  
RÁÐNINGAR

Borgartúni 27 105 Reykjavík Sími 540 1000



Tengi ehf. er ört vaxandi fagfyrirtæki sem sérhæfir sig í sölu á hreinlætis- og blöndunartækjum ásamt efni til pípulagna. Fyrirtækið hefur ávallt verið staðsett í Kópavogi og í fyrria flutti Tengir í nýtt og glæsilegt 3.000m<sup>2</sup> húsnæði að Smiðjuvegi 76.

## OKKUR VANTAR FLEIRI ORKUBOLTA!

Tengi ehf. auglýsir eftir drífandi starfsmönnum í sölu og á lager.

### Sölumaður

#### Hæfniskröfur:

- Reynsla af sölumennsku æskileg
- Þekking á hreinlætistækjum og pípulagnaefni kostur
- Góð tölvukunnátta
- Metnaður, áhugi og samskiptahæfileikar
- Nákvæm vinnubrögð og snyrtimennska
- Frumkvæði
- Lipurð í mannlegum samskiptum og þjónustulund
- Reglusemi og stundvísi

Tengi leggur mikla áherslu á að bjóða góða aðstöðu fyrir starfsmenn og viðskiptavinum, selja eingöngu gæðavöru og veita sem allra bestu þjónustu.

Tengi ehf. var hástökkvari ársins í nýlegri VR könnun. Fyrirtækið bætti sig mest á milli ára meðal smærri fyrirtækja. Tengir er tóbakslaus vinnustaður.

### Lagermaður

#### Hæfniskröfur:

- Lyftarapróf æskilegt
- Meirapróf er kostur
- Dugnaður, stundvísi og samviskusemi
- Vönduð og nákvæm vinnubrögð

Umsjón með störfunum hafa Sigrún Ýr Arnadóttir (sigrun.arnadottir@capacent.is) og Guðríður D. Hálfðanardóttir (gudridur.halfdanardottir@capacent.is) hjá Capacent Ráðningum. Umsóknarfrestur er til og með 8. október nk. Umsækjendur eru vinsamlega beðnir um að sækja um störfin á heimasíðu Capacent Ráðninga, [www.capacent.is](http://www.capacent.is)

capacent  
RÁÐNINGAR

Borgartúni 27 105 Reykjavík Sími 540 1000



Landspítali - háskólasjúkrahús (LSH) er stærsti vinnustaður landsins og rekur jafnframt umfangsmesta tölvuumhverfi landsins með yfir 3000 vinnustöðvar á innra netinu. Í dag eru yfir 80 hugbúnaðarkerfi í notkun auk þess sem fyrir liggja innleiðingar fjölmargra nýrra kerfa. Á upplýsingatæknisviði LSH starfa í dag yfir 50 manns, þar af á hugbúnaðarsviði um 20 manns.

## DEILDARSTJÓRI HUGBÚNAÐARDEILDAR

LSH óskar eftir að ráða deildarstjóra nýrrar hugbúnaðardeildar. Í boði er mjög krefjandi starf og spennandi verkefni eru framundan. Áhersla er lögð á virka endurmenntun og tækifæri til starfsþróunar.

### Starfssvið

- Stjórnun á daglegum rekstri deildarinnar
- Yfirumsjón með innleiðingum nýrra kerfa
- Stefnumótun
- Þróun viðskiptatækifæra

### Menntunar- og hæfniskröfur

- Háskólamenntun á sviði tölvunarfræði, verkfræði eða viðskiptafræði
- Starfsreynsla á upplýsingatæknisviðinu
- Reynsla af stjórnun
- Mjög góð samskiptahæfni
- Áhugi á að takast á við krefjandi verkefni

Ekki eru nema tvö ár síðan Auður sendi frá sér bókina Fólkið í kjallaranum, sem hlaut mikið lof og færði höfundinum Íslensku bókmenntaverðlaunin og tilnefningu til Bókmenntaverðlauna Norðurlandaráðs. Sagan virðist vera að endurtaka sig, því fyrsti dómurinn í Danmörku, sem birtist í Jótlandspóstinum á föstudag, er lofsamlegur. Innan skamms kemur skáldsagan Tryggðapantur út. Í bókinni segir frá ríkri konu sem uppgötvar að arfurinn er á þrotum og grípur hún þá til þess ráðs að fá til sín leigjendur til að drýgja tekjurnar. Að sögn er hér á ferð áleitinn nútímasaga sem tekur á brýnum og umdeildum samfélagsmálum líðandi stundar.

„Já, það má kannski lesa hana í

því samhengi,“ segir Auður. „Eða bara sem sögu um fjórar konur sem leigja saman.“ Hugmyndina segir Auður hafa fæðst í Danmörku, þar sem hún býr og umræðan um fjölmenningsamfélagið hefur verið áberandi og oft mikið gengið á. „Ég vildi fjalla um þennan samruna, eða „integration“ eins og það er kallað upp á ensku, sem hefur átt sér stað í Evrópu. Ég vildi hins vegar segja slíka sögu út frá hinu sammannlega en ekki sjónarhorni trúarbragða eða ólíkra menningarheima. Ýmislegt getur nefnilega komið upp á í samskiptum fólks án þess að þeir þættir komi við sögu; maður getur auðveldlega lent í menningarlegum sviptingum með sínum bestu vinum.“

Sagan gerist í tilbúinni borg sem Auður segir að gæti þó ekki verið á Íslandi. „Ég sé fyrir mér evrópska borg á borð við Berlín eða Barcelona; fjölmennarleg en um leið með rötróinni stétt innfæddra með tilheyrandi togstreitu og átökum. Íslendingar hafa ekki þurft að taka á þessum málum í sama mæli og mörg önnur Evrópuríki því innflytjendur á Íslandi eru langflestir frá Evrópu

en ekki ólíkum menningarheimum. Fyrir vikið er umræðan heima öðruvísi en víða í nágrannalöndunum.

Íslendingar eru dálítið „annað hvort eða“ í afstöðu sinni. Ég man að fyrir nokkrum árum lærði ég dönsku í skóla fyrir innflytjendur. Við vorum þarna tvær íslenskar, fullar af réttlátri vandlætningu og fússuðum og sveiuðum yfir hvað Danir gerðu lítið fyrir innflytjendur. Þegar við vorum hins vegar spurðar hvað Íslendingar gerðu, þurftum við að líta í eigin barm og þá var fátt um svör.“ Auður óttast þó ekki að sá veruleiki sem birtist í Tryggðapanti sé Íslendingum framandi því bókinni fjalli fyrst og fremst um fólk.

Auður hefur búið í Kaupmannahöfn undanfarnin ár en flytur brátt til Barcelona og ætlar að læra spænsku. Hún segir að þrátt fyrir að skrifa oft í hinu stærra evrópska samhengi geti hún ekki hugsað sér að skrifa á öðru tungumáli en íslensku. „Ég myndi til dæmis ekki treysta mér til að skrifa bók á dönsku, það er svo auðvelt að gera villur. Danskan leynir á sér og er miklu dýpri en maður áttar sig á í fyrstu.“

bergsteinn@frettabladid.is

# Flýgur fiskisagan til Frakklands

Útgáfuréttur spennusögunnar Krosstré eftir Jón Hall Stefánsson hefur nú verið seldur til Frakklands, eftir ævintýralegt kapphlaup þarlandra forleggjara. Forlagið Gaia hreppið hrossið og kemur bókinni út á frönsku á vörmaðudum. Gaia er eitt virtast forlag Frakka og hefur lagt sig sérstaklega eftir vönduðum glæpasögum. Jón Hallur verður því ekki í ónýtum félagsskap þar sem forlagið gefur einnig út Henning Mankel, Leif Davidsen og Leenu Lehtolainen.



JÓN HALLUR STEFÁNSSON Spennusagnahöfundurinn fellur í kramið hjá Frökkum.


FRÉTTABLAÐIÐ/STEFAN

Spennusagan hefur þegar verið seld til virtra forlaga í Danmörku, Noregi og Hollandi en þýski útgáfurisinn Ullstein keypti ekki einungis réttinn að Krosstrjám, heldur einnig að nýrri sakamálasögu sem Jón Hallur hefur í smíðum.

Réttindastofa Bjarts hefur því augljóslega í nógu að snúast enda flýgur fiskisagan hratt í bókmenntaheiminum og segja menn þar á bæ að þess sé ekki lengi að biða að bókinni verði lesin í að minnsta kosti fjórum heimsálfum samtímis.

- khh






5.090 kr. á mánuði til 5. desember

**AFMÆLISTILBOÐ!**

Stöð 2 Bíó fylgir frítt með!





**Nýtt í bíó**

**Bremsulaus. Heilalaus.**

**WILL FERRELL NIGHTS**  
TALLADEGA NIGHTS  
THE BALLAD OF RICKY BOBBY

**2 vikur á toppnum í USA!**  
Will Ferrell, John C. Reilly og Sascha Baron Cohen (Ali G.) fara á kostum í vinsælustu gamanmynd ársins í USA.

**ETTKI HATA LEIKMANNINN, TAKTU HELDUR Á HONUM!**

FRÁBÆR GAMANMYND UM ÞRÍJA VINKONUR SEM STANDA SAMAN OG HEFNA SÍN Á FYRRVERANDI KÆRSTA SEM DÖMPADI ÞEIMI! MEÐ HINNI SJÓÐHEITU SOPHIA BUSH ÚR ONE TREE HILL.

**ÞETTA ER EKKERT MÁL**

FRÁBÆR GAMANMYND UM ÞRÍJA VINKONUR SEM STANDA SAMAN OG HEFNA SÍN Á FYRRVERANDI KÆRSTA SEM DÖMPADI ÞEIMI! MEÐ HINNI SJÓÐHEITU SOPHIA BUSH ÚR ONE TREE HILL.

**CRANK**  
JASON STATHAM  
AMY SMART

ÞAD ERU TIL ÞÚSUND LEIÐIR TIL AD AUKA ADRENALINLEIÐIÐ ÞUÐAGIÐ. ÞARF CHEV CHELOS A'OLLUM AD HALDA

**CLERKS 2**

ÞEIN VAR VEL ÞESS VINDI OG SMITH KLUKKAR EKKI Í ENA MINÚTU. FYNDASTA GAMANMYNDIN SEM EG HEF SEÐ Á RÍÐUM!

**GRETTIR 2**

TVÖFALT FYRNIHARI TVÖFALT BETRI!

**LITTLE MAN**

TAKK FYRIR AD REYKJA

**SMÁRA BÍÓ** SÍMI 564 0000

**REGNBÖGINN** SÍMI 551 9000

**Borgarbíó** SÍMI 462 3500

TALLADEGA NIGHTS kl. 3, 5.30, 8 og 10.25  
SÝND Í LÚXUS kl. 3, 5.30, 8 og 10.25  
JOHN TUCKER MUST DIE kl. 1.50, 3.50, 6, 8 og 10  
CLERKS 2 kl. 8 og 10.15 BL. 12 ÁRA  
ÞETTA ER EKKERT MÁL kl. 5.45 og 8  
MY SUPER-EX GIRLFRIEND kl. 5.50 og 10.15  
LITTLE MAN kl. 1.50 og 3.50  
GRETTIR 2 ISL. TAL kl. 2 og 4

TALLADEGA NIGHTS kl. 3, 5.40, 8 og 10.20  
JOHN TUCKER MUST DIE kl. 3, 6, 8 og 10  
ÞETTA ER EKKERT MÁL kl. 10.15  
TAKK FYRIR AD REYKJA kl. 8 BL. 7 ÁRA  
VOLVER kl. 3, 5.50, 8 og 10.15 BL. 12 ÁRA  
LEONARD C: I'M YOUR MAN kl. 6  
GRETTIR 2 ISL. TAL kl. 3

TALLADEGA NIGHTS kl. 8 og 10  
CRANK kl. 10  
JOHN TUCKER MUST DIE kl. 8  
CLERKS 2 kl. 6  
ÁSTRÍKUR OG VÍKINGARNIR kl. 4  
ÞETTA ER EKKERT MÁL kl. 6  
GRETTIR 2 kl. 4

**500 kr. í bíó!**

Bió.is - allt á einum stað

Sími 553 2075

**LAUGARAS BÍÓ** - bara lúxus

**WILL FERRELL NIGHTS**  
TALLADEGA NIGHTS  
THE BALLAD OF RICKY BOBBY

**WILCO HASARMYND**  
JASON STATHAM  
AMY SMART

**CRANK**

**CLERKS 2**

**GRETTIR 2**

**STÆRSTA GAMANMYND ÁRSINS OG FÖR BENT Á TOPPINN Í USA**  
Sýnd kl. 2, 4, 5.45, 8 og 10.15

**STÆRSTA GAMANMYND ÁRSINS OG FÖR BENT Á TOPPINN Í USA**  
Sýnd kl. 6, 8 og 10.15 bl. 16

**WILCO GRINSPENNUMYND FRÁ WOODY ALLEN**  
**SCOOP**

**GEGGJUÐ GRINMYND**  
**You, Me and Dupree**

Sýnd kl. 6 og 10

Sýnd kl. 8

Sýnd kl. 2 og 4 ISL. TAL kl. 2 og 4 ISL. TAL

**400 KR. Í BÍÓ!**

GILDI Á ALLAR SÝNINGAR MEREKTAR MEÐ KAUFU

MÍÐSALA ÖPHAR KL. 1.30



## Zidane

Háskólabíó 20:30

### Zidane

Douglas Gordon og Philippe Pareno fer listrænum höndum um fótboltann og fótboltakappa með portrettinu af Zidane. Framleiðandinn Sigurjón Sigþvatsson svarar spurningum.

#### Tjarnarbíó

14:00 Rauður vegur  
16:00 Sherry, elskan  
18:00 Sælurvíma  
20:00 Vetrarferð  
22:15 Áður en flogið er...

Háskólabíó  
16:00 Ljós í húminu  
16:00 Ég er  
18:00 Leynilíf orðanna  
18:00 Paradís núna  
18:00 Prinsessa  
20:00 Þrjútur  
20:00 Hinir bjartsýnu  
20:00 Sindurefni  
20:30 Zidane  
22:00 Fallandi  
22:30 Electroma  
22:30 Hreinn, rakaður

Reykjavík  
Internatíonal  
Film Festi  
Sept 28  
Okt 8  
2006

#### Íðnó

14:00 Óhlekkaðir  
16:00 Eins og Rollingarnir  
17:30 Góðir gestir  
18:15 Kettirnir hans Mirikitani  
20:00 Florence afhjúpuð  
22:00 Stuttmyndir í brennidepli 1



# Drakk mojito með ETA-liðum

Leikstjórinn Ragnar Bragason er nýkominn frá Spáni þar sem hann kynnti kvikmyndina Börn.

Kvikmyndin Börn gerði nýlega góða ferð á kvikmyndahátíðina í San Sebastian, en myndin hefur slegið í gegn hér heima og hafa margir kvikmyndaáhugamenn slengt því fram að hún sé jafnvel besta íslenska kvikmyndin í háa herrans tíð. Ragnar Bragason kom til landsins á fimmtudaginn, hélt stutta tölu á sviðinu í Tjarnarbíó við setningu Alþjóðlegu kvikmyndahátíðarinnar í Reykjavík en dreif sig síðan heim til barnanna. Horfði ekki á The Queen með Helen Mirren í aðalhlutverki.

„Ég var nú voðalega lítið í sólinni, ætli þetta séu ekki leifar af vestfirsku sumri,“ svara Ragnar er hann var spurður

**PÉTUR BENEDIKTSSON**  
„Hann er algjört sení,“ segir Ragnar en tónlistarmaðurinn sér einnig um tónlistina í kvikmyndinni Foreldrar sem frumsýnd verður um miðjan janúar.

hvort hann væri bara sólbrúnn og sællegur eftir ferðina til San Sebastian. Kvikmyndin Börn var sýnd fjórum sinnum á hátíðinni, uppselt var á allar sýningar og færri komust að en vildu. Ragnar þurfti oft að sitja eftir í hálf tíma til að svara spurningum áhorfenda sem voru augljóslega mjög hrifnir. „Þeir urðu reyndar mjög móðgaðir þegar ég talaði um að vera kominn með myndina til Spánar,“ segir Ragnar en San Sebastian-hátíðin er haldin í miðju Baskalandi og þar eru menn stoltir af sínum uppruna. „Fyrsta kvöldið fór ég á ETA-bar og drakk mojito með aðskilnaðarsinum,“ segir Ragnar og hlær. Hið sjálfstæða framhald Barna, Foreldrar, er tilbúið, en Ragnar segist þó vera að dútla í smáatriðum. Hún

verði jú ekki sýnd fyrr en um miðjan janúar á næsta ári. Tónlist Péturs Benediktssonar í Börnum hefur fengið sterk viðbrögð og hann sér einnig um þá hljóðmála í Foreldrum. „Ég er mjög ánægður með Pétur, hann er algjört sení og tónlistin við Foreldra verður aðeins öðruvísi, örliðið þroskaðri.“

-fgg

**RAGNAR BRAGASON**  
Kvikmyndin Börn fékk góð viðbrögð hjá Böskum í San Sebastian.

# Fyrsta sólóplata Helga Rafns

Helgi Rafn Ingvarsson, sem er landsmönnum gódkunnur úr Idol-keppninni 2005, gefur út sína fyrstu sólóplötu í byrjun næsta mánaðar. „Þessi hugmynd kom upp fyrir tveimur árum,“ sagði Helgi í samtali við Fréttablaðið. „Ég og Samúel Kristjánsson, sem gefur plötuna út, fengum Kalla Olgeirs til að pródúsera og unnum bara í lagasmíðum í rólegheitum. Við ákváðum að vera ekkert að stressa okkur og vinna þetta bara þangað til allir væru sáttir. Það erum við í dag,“ sagði Helgi.

Á plötunni má að sögn Helga finna margar stefnur undir einum hatti. „Við köllum þetta elektrónískt kammerpopp. Þetta er mjög melódískt og mikið af strengjahljóðfærum, við erum með selló, fiðlur og hörpu,“ útskýrði Helgi. „Svo fengum við strák sem býr í Hollandi og kallar sig Kippi kanín-

**HELGI RAFN INGVARSSON** Þriðjungur laganna á plötunni er eftir Helga Rafn, sem er landsmönnum að góðu kunnur úr Idol-keppninni. FRÉTTABLAÐIÐ/ATLI MÁR HAFSTEINSSON



us til að kíkja á lögin. Hann kom með elektrónískar hugmyndir um takta og svoleiðis,“ sagði Helgi. Þriðjungur af lögunum á plötunni, sem hefur fengið heitið Personal belongings, er eftir Helga. „Lögin eru öll á ensku, fyrir utan einn íslenskan sálm sem er svona aukalag.“ Aðspurður hvort markið sé þá sett á erlenda markað segir Helgi þá ætla að taka eitt

skref í einu. „Við gefum út á Íslandi í haust og förum að huga að útgáfu á Norðurlöndunum og Bretlandi eftir áramót. Ef það gengur vel leggjum við kannski í Þýskaland,“ sagði Helgi. Föst dagsetning er ekki komin á útgáfutöleikana, en Helgi segir þá verða í kringum 10. nóvember. „Það verður ekkert til þeirra sparað,“ bætti hann við.

-sun

**LAUGARAS BÍÓ**

**TVÖ - BÍÓ**

**WILL FERRELL NIGHTS**  
TALLADEGA NIGHTS  
THE BALLAD OF RICKY BOBBY

**GRETTIR 2**

**WILCO HASARMYND**  
JASON STATHAM  
AMY SMART

**CRANK**

**CLERKS 2**

**GRETTIR 2**

Tilboð á fyrstu sýningar dagsins aðeins 400 kr.

**ÓDÝRT Í BÍÓ KR 400**



**Frá höfundum „Training Day“ & „The Fast and the Furious“**  
Hörkumynd með Christian Bale úr „Batman Begins“ og Eva Longoria „Desperate Housewives“

**Harsh Times**

Blóðugt meistarverk eftir Nick Cave með úrvallisleikurum í hverju hlutverki.

**GLÆNÝ TEGUND AF FERÐAMÖNNUM**

Talið þætti spennandi ferðalagi þar sem villidýrin fara á kostum. Ekki missa af myndinni um Walt Disney teiknimynd haustins.

**ÓBYGGÐIRNAR „THE WILD“**  
Sýnd með íslensku og ensku tali!

með hvortlílu Channing Tatum („She's the Man“)

**Deitmynd ársins.**

Þegar þú færð annað tækifæri þarftu að taka fyrsta sporið.

**Step Up**

ÓLAFUR H. TORFASON RÁSA

**BÖRN**  
KVÍKMYND EFTIR RAGNAR BRAGASON

„GÍSLI ÖRN GARDARSSON FER Á KOSTUM... NÝJUM HÆÐUM ER NÁÐ HVAD KVÍKMYNDALEIK OG SAMTÖL VÁÐAR.“

HEIDA JÓHANNESDÓTTIR MBL

Hann var meistari á sínu sviði þar til hann hitti jafnoka sinn.

**THE ALIBI**

Pann 11. september 2001 var fjórur flugvelum raent. Þrjár þeirra flugu á skotmörk sín. Þetta er saga fjórðu velurinnar.

**UNITED 93**

Reykjavík International Film Festival  
Sept 28 - Oct 8  
2006

HÁSKÓLABÍÓ 1. OKT.

LJÓSI HÚMINU	16:00
ÉG ER	16:00
LEYNILÍF ORÐANNA	18:00
PARADÍS NÚNA	18:00
PRINSESSA	18:00
PRJÓTUR	20:00
HINIR BJARTSÝNU	20:00
SINDUREFNI	20:00
ZIDANE, 21. ALDAR PORTRETTMYND	20:30
FALLANDI	22:00
HREINN, RAKADUR	22:30
ELECTROMA	22:30

SAMBÍÓNI / ÁLFABAKKA				SAMBÍÓNI / KRINGLUNNI				SAMBÍÓNI / KEFLAVÍK				SAMBÍÓNI / AKUREYRI			
HARSH TIMES	kl. 6 - 8 - 10:30	B.1.16	BÖRN	kl. 4 - 8:30 - 10:30	B.1.12	HARSH TIMES	kl. 8 - 10:30	B.1.16	NACHO LIBRE	kl. 5:50-8-10-10	B.1.7	BEERFEST	kl. 4 - 6 - 8 - 10	B.1.12	
HARSH TIMES VIP	kl. 8 - 10:30		BÖRN VIP	kl. 2 - 6		BÖRN	kl. 3:50-6-8-10:15	B.1.12	STEP UP	kl. 8 - 10	B.1.7	THE WILD	kl. 2 - 4 - 6	Leyð	
NACHO LIBRE	kl. 5:50 - 8 - 10:10	B.1.7	MAURAHRELLIRINN	M/- Ísl tal. kl. 1:45 - 3:50	Leyð	ÓBYGGÐIRNAR	M/- Ísl tal. kl. 2 - 4 - 6	Leyð	ÓBYGGÐIRNAR	M/- Ísl tal. kl. 2 - 4 - 6	Leyð	ANT BULLY	M/- Ísl tal. kl. 2	Leyð	
ÓBYGGÐIRNAR	M/- Ísl tal. kl. 1:45 - 4 - 6	Leyð	OVER THE HEDGE	M/- Ísl tal. kl. 1:45 - 3:50	Leyð	STEP UP	kl. 3:50	B.1.7	MAURAHRELLIRINN	M/- Ísl tal. kl. 2 - 4	Leyð	NACHO LIBRE	kl. 8 - 10	B.1.7	
THE WILD	M/- ensku tal. kl. 4 - 6	Leyð	THE PROPOSITION	kl. 8	B.1.16	UNITED 93	kl. 10:15	B.1.14							
THE ALIBI	kl. 10:10	B.1.16	PIRATES OF CARIBBEAN 2	kl. 10	Tibbó 400kr. B.1.12	MAURAHRELLIRINN	M/- Ísl tal. kl. 2	Leyð							
STEP UP	kl. 5:50 - 8	B.1.7	BILAR	M/- Ísl tal. kl. 1:45	Leyð	BJÓLFASKVIÐA	kl. 5:50	B.1.14							
						AN INCONVENIENT TRUTH	kl. 8	Leyð							
						OVER THE HEDGE	M/- Ísl tal. kl. 2	Leyð							

## Zidane í bíó

Heimildarmyndin Zidane, 21. aldar portrettmýnd, verður frumsýnd á Alþjóðlegu kvíkmyndahátíðinni í Reykjavík í dag. Myndin hefur vakið mikla athygli og umtal enda þykja efnistökinn og ekki síður kostulegir fimleikar með kvíkmyndatökuvélarnar í meira lagi frumleg.

Myndin fylgir knattspyrnuþróuninni Zidane eftir í gegnum heilan knattspyrnuleik og dregur fram sterka mynd af þessari þjóðhetju Frakka.

Sigurjón Síghvatsson er einn framleiðenda myndarinnar og hann verður viðstaddur frumsýninguna og mun kynna myndina fyrir sýningu.

Myndin verður sýnd í Háskólabíói og frumsýningin í dag hefst klukkan 20.30 en myndin verður sýnd aftur á fimmtudag og föstudag.



ANNA NICOLE SMITH Á tvö hjónabönd að baki.

## Giftir sig

Anna Nicole Smith hefur gengið í það heilaga með lögmanni sínum, Howard K. Stern. Brúðkaupið fór fram á Bahama-eyjum. Stern upplýsti í þætti Larrys King á dögum að hann væri faðir nýfæddrar dóttur Smith, en faðerni barnsins hafði verið á reiki.

Brúðkaupið var haldið aðeins átján dögum eftir að tvítugur sonur Önnu Nicole lést á svíplegan hátt. Að athöfninni lokinni var haldið sundlaugarpartí og skartæði Anna þar bleiku bkinni í tilefni dagsins. Þetta er þriðja hjónaband Önnu Nicole Smith, sem varð einmitt fræg fyrir annað hjónaband sitt þegar hún giftist háöldruðum milljarðamæringi sem lést ári síðar.

## Madonna græðir kvenna mest

Poppdrottningin Madonna skaut stallsystur sinni Britney Spears ref fyrir rass þegar hún sló launamet hennar á dögum. Talið er að Madonna hafi rakað inn þremur og hálfum milljarði króna árið 2004, sem er um 700 milljónum meira en það sem Spears nældi sér í árið 2000. Þetta er það mesta sem söngkona hefur grætt á einu ári eftir því sem kemur fram í nýjstu útgáfu heimsmetabókar Guinness.

Þar kemur enn fremur fram að engin plata hefur selst í jafnmörgum eintökum á einu ári í Bretlandi og platan Back to Bedlam með James Blunt. Þá er fyrsta, og hingað til eina, plata Arctic Monkeys,



MADONNA Halaði inn þrjá og hálfan milljarð árið 2004.

Whatever People Say I Am, That's What I'm Not, sú frumraun sem hraðast hefur selst í Bretlandi. Á einni viku seldust tæplega 364 þúsund eintök. Þar með sló sveitin metið sem Oasis setti með útgáfu Definitely Maybe árið 1994.

## Tekinn úr sambandi

Gamli roksöngvarinn Rod Stewart ætlað að eignast eitt barn enn en láta svo taka sig úr sambandi. Rod á sjö börn nú þegar með fimm konum. Hann segist þó endilega vilja eignast stúlku með unnustu sinni, fyrirsetunni Penny Lancaster.



sagði Rod, en hann og unnustan eignuðust son um síðustu áramót. Brúðkaup er fyrirhugað næsta sumar hjá hinum 61 árs gamla Stewart og unnustunni.

PENNY OG ROD Eitt barn enn hjá hinum 61 árs gamla söngvara en svo lokar hann skrifstofunni.

**9 HVER VINNUR!**

**FRUMSÝND 29/09/06**

**WILL FERRELL**

**TALLADEGA NIGHTS**

**THE BALLAD OF RICKY BOBBY**

**SENDU SMS SKEYTIÐ JA TNF Á NÚMERIÐ 1900 OG ÞÚ GÆTIR UNNIÐ MIÐA FYRIR TVO!**

VINNINGAR ERU BIÓMIÐAR FYRIR TVO, DVD MYNDIR OG MARGT FLÉIRA!

**SparBíó\* — 450kr**

**ÓBYGGÐIRNAR „THE WILD“**  
Sýnd með íslensku tali!

ÓBYGGÐIRNAR M/- Ísl tal. SÝND KL. 1:45 (ÁLFAB.) OG 2 (AKUREYRI)

**MAURAHRELLIRINN**  
ROBERTS CAGE STREET GJAMATTI

MAURAHRELLIRINN M/- Ísl tal. SÝND KL. 1:45 (ÁLFAB.) OG 2 (AK. OG KEF.)

**OVER THE HEDGE**  
OVER THE HEDGE M/- Ísl tal. SÝND KL. 1:45 (ÁLFAB.)

**BIJAR** M/- Ísl tal. SÝND KL. 1:45 (ÁLFAB.)

**Nýtt**

**SparBíó\* : 450 KR MIÐAVERÐ Á ALLAR MYNDIR KL: 1:45 og 2 Laugardag og Sunnudag í SAMBÍÓNUM ÁFABAKKA**



## > Vonlítið hjá Norrköping

Garðar Gunnlaugsson, Stefán Þórðarson og félagar í Norrköping töpuðu í gær þýðingarmiklum leik í sænsku 1. deildinni. Lítið á í mikilli keppni við Örebro um þriðja sætið í deildinni sem veitir umspilsrétt um úrvalsdeildarsæti og mættust liðin á heimavelli Norrköping. Gestirnir unnu örugglega, 3-1. Garðar var óvænt settur úr byrjunarliðinu en hann kom inn á í hálfleik. Stefán Þórðarson lék hins vegar allan leikinn að venju. Norrköping er nú sex stigum á eftir Örebro þegar eingungis þrjár umferðir eru eftir.



# sport

sport@frettabladid.is

# 60 MEÐ GUÐJÓNI VALI SEKÚNDUR SIGURÐSSYNI

Handbolti er ... Íþrótt.

Alfreð er ... Þjálfarinn minn.

Gróttá eða Gummersbach? Gróttá.

Þýskaland eða Ísland? Ísland, ekki spurning.

Þýska úrvalsdeildin er ... Besta deild í heimi.

Íslenska úrvalsdeildin er ... Mig langar rosalega að segja næstbesta deild í heimi en ég hef svo lítið getað fylgst með henni undanfaríð.

Jón Arnar Magnússon er ... Snillingur. Einn besti íþróttamaður sem Ísland hefur átt.

Að vera atvinnumaður í handbolta er ... Mín draumavinna.

Eru markverðir furðulegri en aðrir leikmenn? Já, markverðir og örvhentir eru furðulegri en aðrir leikmenn.

Bold and the Beautiful eða Neighbours? Þar hittir þú illa á mig. Þetta er ekki sýnt úti þar sem ég bý.

KFC eða BigMac? Af tvennu illu þá segi ég frekar KFC.



## Guðmundur Steinarsson: Sveitastrákarnir unnu KR

**FÓTBOLTI** Guðmundur Steinarsson, fyrirliði Keflvíkinga, sagði að þennan sigur það sem Keflvíkingar séu nú búnir að stefna að í mánuð. „Það má kannski segja að við séum búnir að vera sofandi í september í deildinni en við vorum vakandi í dag,“ sagði Guðmundur og bætti því við að Keflvíkingar hafi verið miklu betri aðilinn í leiknum í gær.

Guðmundur hefur áður unnið bikarinn með Keflvíkingum. „Þetta verður bara sætara því oftast sem maður vinnur. Ég tala nú ekki um að vinna KR sem okkur finnst alveg rosalega gaman að vinna. Gaman þegar sveitastrákarnir vinna Reykjavík-urstrákana,“ sagði Guðmundur og benti á að það væru nokkrir strákar í liðinu góðir með rakvélina og öllum væri velkomið að panta tíma hjá þeim. - dsd

Teitur Þórðarson:

## Mjög dauft yfir þessu hjá okkur

**FÓTBOLTI** Teitur Þórðarson, þjálfari KR-inga, er sáttur við árangurinn í deildinni í sumar en hann var allt annað en sáttur við tapið í gær. „Mér fannst vera mjög dauft yfir þessu hjá okkur í fyrri hálfleiknum en í síðari hálfleik þá fannst mér við ná að keyra ágætlega á þá og ná ágætum tókum á þeim en við náðum samt sem áður ekki að skapa nein veruleg færi,“ sagði Teitur eftir leikinn.

„Það er gaman að vera í úrslitaleiknum og mér fannst að við hefðum átt að eiga góðan möguleika í dag enda höfum við spilað vel upp á síðkastið og erum í góðu formi,“ sagði Teitur. - dsd

# Keflvíkingar jörðuðu Vesturbæinga

Fræg er auglýsing sem óprúttir Eyjapeyjar létu gera fyrir bikarúrslitin 1983 gegn ÍA. Þar átti að jarða Skagamenn á Laugardalsvelli en varð þeim ekki kápan úr því klæðinu. Þetta mætti hins vegar til sanns vegar færa um Keflvíkinga sem virtust fara létt með KR í bikarúrslitunum í ár.

**FÓTBOLTI** Keflavík varð í gær bikarmeistari karla í knattspyrnu eftir 2-0 sigur á KR með mörkum Guðjóns Árna Antoníussonar og Baldurs Sigurðssonar. Sigurinn var fyllilega sanngjarn.

Stemningin fyrir leik var frábær og voru þá sérstaklega KR-ingar duglegir við að syngja og tralla sem aldrei fyrr. Keflvíkingar voru öflugir á trommunum og allt setti þetta frábæran svip á leikinn.

Keflvíkingar stilltu upp fremur sóknjörfu liði með þá Magnús og Símun á köntunum og tvo framherja, Þórarinn og Guðmund. Liðs-uppstilling KR var mjög hefðbundin og því fátt í þeirra leik sem kom á óvart. Á 9. mínútu var Magnús Þorsteinsson að sleppa í gegn en var stöðvaður af Gunnlaugi Jónssyni á síðustu stundu. Keflvíkingar heimtuðu vítaspyrnu en hér var fyrst og fremst um að ræða úrvalsvarnarröð.

Það var snemma ljóst að Keflvíkingar mættu geysilega grimmir til leiks. Þeir vörðust framarlega, börðust um alla bolta og voru öskufljótir í sókn. KR-ingar virtust eilítið slegnir af laginu en biðu þó þolinmóðir eftir sínu tækifæri.

Það kom á 15. mínútu er Mario Cizmek fékk sendingu út á vinstri kantinn, gaf fyrir á Björgólf sem hreinlega hitti ekki boltann úr úrvalsfæri og sóknin rann út í sandinn.

KR-ingar máttu naga sig í handarbakið yfir að hafa ekki nýtt þetta færi því á 21. mínútu komust Keflvíkingar yfir. Þeir fengu sitt fyrsta horn í leiknum, boltinn barst á Þórarinn Kristjánsson sem skaut að marki. Þar var Guðjón Árne Antoníusson staddur og skall-



GÍFURLEGUR FÖGNUMBUR Keflvíkingar fögnuðum sigrinum vel og innilega inn í klefa.

FRÉTTABLAÐIÐ/DANIEL

aði hann boltann í markið af stuttu færi. Forystan var þó sanngjörn.

Níu mínútum síðar bættu Keflvíkingar í. Þeir fengu sína aðra hornspyrnu sem Guðmundur Steinarsson tók. Boltinn barst aftur til hans, hann gaf á Guðjón Árna sem kom boltanum á Baldur Sigurðsson. Hann þrumaði boltanum í netið af stuttu færi. Frábær sóknarvinna hjá Keflvíkingum.

Eftir aðeins hálf tímaleik var komin þögn hjá stuðningsmönnum KR. Það skyldi engan undra enda höfðu Keflvíkingar hreinlega valt að yfir Vesturbæjarstórveldið. Keflvíkingar í stúkinni nutu sín hins vegar til hins ítrasta og létu vel í sér heyrta.

Hálfleikurinn leið án frekari stórtíðinda. En ljóst var að Teitur Þórðarson þyrfti að skipuleggja lið sitt upp á nýtt og blása eldmóði í sína menn.

En síðari hálfleikur hófst eins og sá fyrri. Keflvíkingar höfðu undirtökin í leiknum og fengu færin. KR-ingar voru þó ekki búnir að gefast upp og reyndu hvað þeir gátu gegn afar sterkri vörn Keflavíkur.

Á 56. mínútu fékk KR aukaspyrnu á finum stað en grimmir Keflvíkingar komust í veg fyrir skotið og stormuðu í sókn. Þar var Þórarinn sloppinn inn fyrir en fór illa að ráði sínu og lét Kristján verja frá sér. Þarna hefði hann getað gert út um leikinn.

Fjórðum mínútum síðar skiptu KR-ingar inn Skúla Jóni fyrir Björgólf. Hann var ekki búinn að vera inn á í nema mínútu þegar hann átti gott skot að marki Keflavíkur. Skömmu síðar átti Grétar ágætis skot að marki en án árangurs. Þá átti Sigmundur skot í sláf löngu færi og Guðmundur Péturs-

son fékk þrýðisgott færi til að setja sitt mark á leikinn en ekkert gekk.

Undir lok leiksins virtist Guðjón Árne ætla að bæta öðru marki við en skot hans úr góðu færi reyndist of laust.

KR-ingar reyndu vissulega allt sem þeir gátu en þeir virtust einfaldlega einu númeri of litlir fyrir Keflavík. Þeir áttu ekki roð í gífurlega sterka vörn Keflvíkinga og þeirra ódrepani baráttuvilja um hvern einasta bolta.

Leikurinn rann sitt skeið og var sigurinn fyllilega sanngjarn. Keflvíkingar, bæði leikmenn og stuðningsmenn, sýndu frábært keppnisskap og meiriháttar stemningu, bæði innan vallar sem utan. Þeir slógu KR hreinlega út af laginu sem rönkuðu við sér einfaldlega of seint.

eirikur.asgeirsson@frettabladid.is



BIKARINN Á LOFT Guðmundur Steinarsson lyftir bikarinn á loft eftir að hafa tekið við honum úr höndum Geirs Haarde forsætisráðherra.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Keflvíkingar voru í skjúnunum eftir leikinn í gær:

## Var ekki til í að láta lita á mér hárið

**FÓTBOLTI** Kristján Guðmundsson, þjálfari Keflvíkinga, var að vonum ánægður með sigurinn og spila-mennsku sinna manna í gær. „Tilfinningin er rosalega góð. Þetta er algjör snilld,“ sagði Kristján í miðri sigurvinnu í gær.

„Það gekk allt upp sem við lögðum upp með fyrir leikinn, algjörlega, bara eins og upp úr bókinni. Ég er mjög stoltur af strákunum,“ sagði Kristján, en hann sagðist ekki hafa látið undan þrýstingi leikmanna fyrir leikinn um að láta breyta hárgreiðslunni. „Þeir reyndu eitthvað að fá mig til að lita á mér hárið en það gekk ekkert. Ég er að fara í afmæli til Kídda aðstoðarþjálfara eftir viku þannig að þetta var ekkert að ganga,“ sagði Kristján ánægður.

Mývetningurinn Baldur Sigurðsson sagði að það jafnaðist fátt

á við að skora í úrslitaleik. „Það gerist ekki betra. Þetta er bara draumurinn, að skora og vinna þennan leik,“ sagði Baldur og hann bætti því við að klippingin hafi haft sitt að segja en Baldur var með áberandi ljóta klippingu.

„Kristján þjálfari var búinn að segja okkur fyrir leikinn að KR-ingar myndu biða aftarlega á vellinum og beita skyndisóknum og við ákváðum að pressa bara á þá frá byrjun og þeir komust varla fram fyrir miðju. Við höfðum þetta allan tímann í hendi okkar,“ sagði Baldur en það er löng leið frá því að alast upp í Mývatnsveit og að verða bikarmeistari með Keflavík.

„Það er langur vegur en þetta er eitthvað sem ég stefndi alltaf að og ef maður trúir á það þá getur maður það,“ sagði Baldur. - dsd



0-2

Laugardalsv., áhorf.: 4.699 Jóhannes Valgeirsson (8)

0-1 Guðjón Árne Antoníusson (21.)  
0-2 Baldur Sigurðsson (30.)

### TÖLFRÆÐIN


Skot (á mark)	13-12 (4-5)
Varin skot	Kristján 3 - Ómar 3
Horn	6-5
Aukaspjrmur fengnar	6-12
Rangstöður	2-4

KR 4-4-2	KEFLAVÍK 4-4-2
Kristján Finnboas 7	Ómar Jóhannsson 8
Sigþór Lúliússon 5	<b>*Guðjón Árne 9</b>
(77. Guðm. Péturss.) 5	Kenneth Gustafss. 9
Tryggvi Bjarnas 3	Guðmundur Mete 8
Gunnlaugur J. 8	Hallgrímur Jónass. 7
Vígfús Jóseþsson 5	Simun Samuelsen 7
Mario Cizmek 4	(90. Ólafur Jón -)
(71. Gunnar Kr. -)	Baldur Sigurðss. 8
Bjarnólfur Lárus 3	Jónas Sævarsson 8
Kristinn Magnúss. 3	Magnús Þorsteins. 7
Sigmundur Krist. 5	(65. Milicevic 7)
Grétar Hjartarson 6	Þórarinn Kristjánss. 8
Björgólfur Takefusa 4	(90. Stefán Örn -)
(60. Skúli Jón 6)	Guðm. Steinarsson 9

\*Maður leiksins



# BT 40" FLATSJÓNVARP



- ✓ **Vönduð hönnun**  
*-Fyrir stofuna*
- ✓ **Tengimöguleikar**  
*-Fyrir framtíðina*
- ✓ **Mynd í mynd**  
*-Fyrir óakveðna*
- ✓ **Frábær Viðbragðstími**  
*-Fyrir sportið*
- ✓ **PC Tengir**  
*-Tengdu tölvuna*
- ✓ **HD Ready**  
*-Skerpa framtíðarinnar*

**MEDION®**



HD Ready LCD sjónvarp  
 Upplausn 1366 x 768  
 1200:1 í Skerpu  
 Birta 500cd/m2  
 8ms viðbragðstími  
 Mynd í Mynd (PIP)  
 2 Sjónvarpsmóttakarar  
 Textavarp með 2100 síðna minni  
 Styður PAL/SECAM/NTSC  
 2 x 10W RMS hátalarar innbyggðir  
 HDMI tengi  
 2x SCART, Composite og S-Video  
 DVI-I tengi fyrir tölvur og HD efni  
 Fullur HDCP stuðningur fyrir  
 HD útsendingu



**7.025\*\***

Skilaðu gamla tækinu og fáðu 12.000 kr afslátt

**7.025**  
\*\*Tölvu- og tækjalán 48 mán.

**19.999**  
Vaxtalaust 12 mán.

**239.988**  
Staðgreitt

## FLATSJÓNVARP SJÓNVARP

**MEDION®**

MD41427  
 MEDION 27" LCD TV HD READY  
 27" LCD Sjónvarp HD  
 High Definition Ready  
 Contrast 900:1  
 Brightness 550cd/m2  
 Response time 8ms (Grey to grey)  
 Upplausn 1280 x 720  
 Tveir Sjónvarpsmóttakarar  
 Mynd í Mynd  
 DVI-I (með HDCP stuðning)  
 Scart, S-Video, PC tengi  
 YCrCb/YPrPb (SD-TV)  
 Front composite video in (RCA)



**7.499\*\***

Skilaðu gamla tækinu og fáðu 12.000 kr afslátt

**7.499**  
Vaxtalaust 12 mán.

**89.988**  
Staðgreitt

- ✓ **HD Ready**  
*-Skerpa framtíðarinnar*
- ✓ **Mynd í mynd**  
*-Fyrir óakveðna*
- ✓ **8 ms svörunartími**  
*-Fyrir sportið*
- ✓ **1280x720 upplausn**  
*-Fyrir augað*

**SONIX**

LAV20  
 SONIX 20" LCD SJÓNVARP  
 20" LCD Sjónvarp  
 Upplausn 640 x 480  
 Contrast 500:1  
 Birta 500 cd/m2  
 Response 11ms  
 A2 Nicam Stereo  
 Textavarp  
 Scart tengi



**4.999\*\***

Skilaðu gamla tækinu og fáðu 12.000 kr afslátt

**4.999**  
Vaxtalaust 12 mán.

**59.988**  
Staðgreitt

**BOTN VERÐ**



## ÚRSLIT LEIKJA Í GÆR

## Enska úrvalsdeildin

BOLTON-LIVERPOOL	2-0
1-0 Gary Speed (30.), 2-0 Ivan Campo (51.).	
CHELSEA-ASTON VILLA	1-1
1-0 Didier Drogba (3.), 1-1 Gabriel Agbonlahor (45.).	
EVERTON-MANCHESTER CITY	1-1
1-0 Andy Johnson (44.), 1-1 Micah Richards (90.).	
CHARLTON-ARSENAL	1-2
1-0 Darren Bent (21.), 1-1 Robin van Persie (32.), 1-2 Robin van Persie (49.).	
SHEFFIELD UNITED-MIDDLESBROUGH	2-1
1-0 Rob Hulse (35.), 1-1 Yakubu (49.), 2-1 Philip Jagielka (90.).	

## STADAN

CHELSEA	7	5	1	1	12-4	16
BOLTON	7	4	2	1	7-3	14
MAN. UTD.	6	4	1	1	12-4	13
PORTSMOUTH	6	4	1	1	9-1	13
EVERTON	7	3	4	0	12-6	13
ASTON VILLA	7	3	4	0	9-4	13
ARSENAL	7	3	2	1	8-4	11
READING	6	3	1	2	8-7	10
LIVERPOOL	7	3	1	3	8-8	10
BLACKBURN	6	2	2	2	6-8	8
MAN. CITY	7	2	2	3	6-9	8
FULHAM	6	2	2	2	5-9	8
NEWCASTLE	6	2	1	3	6-8	7
WIGAN	5	1	2	2	5-6	5
WEST HAM	6	1	2	3	6-9	5
M'BORO	7	1	2	4	6-12	5
SHEFF. UTD.	7	1	2	4	4-10	5
TOTTENHAM	6	1	1	4	2-8	4
WATFORD	6	0	3	3	4-7	3
CHARLTON	7	1	0	6	5-13	3

## England - Championship

WBA-LEEDS	4-2
Gylfi Einarsson var ekki í hópnum hjá Leeds.	
BARNESLEY-LUTON TOWN	1-2
COVENTRY-PLYMOUTH ARGYLE	0-1
DERBY COUNTY-SOUTHEND	3-0
SOUTHAMPTON-QPR	1-2
SUNDERLAND-SHEFF. WEDNESDAY	1-0
BIRMINGHAM-LEICESTER CITY	1-1
STOKE CITY-PRESTON NORTH END	1-1
CARDIFF-WOLVES	4-0
HULL CITY-CRYSTAL PALACE	1-1

## England - League 1

BRENTFORD-YEOVIL TOWN	1-2
Ólafur Ingi Skúlason var ekki í hópnum hjá Brentford.	

## Aston Villa og Everton enn taplaus

Everton og Aston Villa eru ennþá taplaus í ensku úrvalsdeildinni eftir leiki gærdagsins. Aston Villa náði jafntefli gegn Chelsea á Stamford Bridge og Arsenal vann góðan útsigur á lánlausu liði Charlton á útivelli.

**FÓTBOLTI** Didier Drogba heldur áfram að skora fyrir Englandsmeistarastara Chelsea en hann skoraði eina mark liðsins í 1-1 jafntefli við Aston Villa í gær. Drogba kom Chelsea yfir strax á þriðju mínútu en Agbonlahor náði að jafna fyrir Aston Villa rétt fyrir leikhlið. Þar við sat og Aston Villa er því enn taplaust í deildinni.

Jose Mourinho, stjóri Chelsea, var allt annað en sáttur eftir leikinn. „Annað liðið vildi vinna leikinn en hitt liðið vildi ná jafntefli. Ég er ekki að kenna Aston Villa um eitt né neitt, liðið kom hingað til að gera það sem það þurfti. Markvörðurinn varði mjög vel en stöngin á marki þeirra stóð líka fyrir sínu. Þetta var einn af þessum leikjum þar sem ég óskaði þess heitt að skora annað mark og Martin O'Neill, framkvæmdastjóri Aston Villa, óskaði þess heitt að leikurinn yrði flautaður af. O'Neill er góður maður og lið hans eru þekkt fyrir að berjast mikið,“ sagði Mourinho eftir leikinn.

Hermann Hreiðarsson lék allan leikinn í liði Charlton sem tapaði á heimavelli fyrir Arsenal. Hvorki hefur gengið né rekið hjá Charlton



**REKTU HANN ÚTAF DÓMARI** Hermann Hreiðarsson er hér að biðla til dómarsins um að reka van Persie út af í leiknum í gær.



AGBONLAHOR Þessi maður ber þetta skemmtilega nafn og það var hann sem tryggði Aston Villa annað stig í leik liðsins gegn Chelsea í gær.

á þessu tímabili og farið er að hitna verulega undir Ian Dowie, framkvæmdastjóra félagsins, en liðið hefur aðeins unnið einn leik og tapað sex leikjum það sem af er tímabilinu. Charlton komst yfir í leiknum en tvö mörk frá Robin van Persie tryggðu Arsenal sigurinn. Sigurmarkið þótti einkar glæsilegt en þá fékk van Persie boltann á lofti við vítateigslínuna og skaut efst í bláhornið.

„Þetta var ótrúlegt mark, leikmenn skora ekki mörg svona á ævinni. Fyrst hélt ég að boltinn færi yfir markið en svo sá ég að

hann endaði í bláhorninu,“ sagði Arsene Wenger, framkvæmdastjóri Arsenal, sem ihugaði að taka van Persie út af stuttu áður en hann skoraði sigurmarkið.

Everton hefur komið á óvart í upphafi tímabilsins og er enn taplaust eftir sjö leiki. Everton varð þó að sætta sig við 1-1 jafntefli á heimavelli í gær gegn Manchester City þar sem Micah Richards jafnaði fyrir Manchester City á síðustu mínútu leiksins eftir að Andrew Johnson hafði komið Everton yfir, hans fimmta mark á tímabilinu.

Joey Barton, leikmaður Everton, gæti þó verið í slæmum málum eftir að hann beraði á sér afturendann í fagnaðarlátunum eftir jöfnunarmarkið. „Lögreglan kom til mín eftir leikinn og tilkynnti mér að Barton hafði gert þetta. Ég sá þetta ekki en ef eitthvað hefur gerst þá munum við taka á því máli,“ sagði Stuart Pearce, framkvæmdastjóri Manchester City, eftir leikinn en félagið hefur töluvert verið á milli tannanna á fólk eftir að Ben Thatcher rotaði Pedro Mendez í upphafi tímabilsins.

dagur@frettabladid.is

**Vikulegt morgunflug**

**200 sæta tilboð!**

**Kúba í vetur**

**frá 49.190 kr.\***

- Glæsilegir gististaðir
- Havana og/eða Varadero
- 1 eða 2 vikur
- Frábærar kynnisferðir
- Perlur Kúbu, fegurstu staðirnir - ein ferð

**Ótrúlegt verð - bókaðu núna!**

Verð frá **\*49.190 kr.**

Vikuférfé frá **69.990 kr.**

Flugsæti með sköttum, 7. eða 14. janúar

Netverð á mann m.v. gistingu í tvíþýli með morgunv. 1 viku á hótél Arenas Doradas \*\*\*+, 18. mars.

Glæsilegir gististaðir í Havana og Varadero í boði



Skógarhlíð 18 • 105 Reykjavík • Sími 595 1000 • Fax 595 1001  
Akureyri sími: 461 1099 • Hafnarfjörður sími: 510 9500



GARY SPEED Skoraði í sínum 750. leik á ferlinum fyrir félagsliði.

Umdeilt atvik skipti sköpum í leik Bolton og Liverpool:

## Bolton lagði Liverpool

**FÓTBOLTI** Bolton tók á móti Liverpool í gær í ensku úrvalsdeildinni. Rafa Benitez, framkvæmdastjóri Liverpool, breytti byrjunarliði sínu frá síðasta leik og þetta var í 95 skiptið í röð sem hann gerir breytingu á sínu liði á milli leikja. Leikurinn endaði með sigri heimamanna, 2-0, þar sem Gary Speed og Ivan Campo skoruðu mörkin, en markið hjá Gary Speed þótti mjög umdeilt.

Jose Reina, markvörður Liverpool, var ranglega dæmdur brotlegur þegar hann hugðist sparka fram völinn en þá flaggaði línuvörðurinn og dæmdi hendi, eitt-hvað sem enginn annar tók eftir. Upp úr aukaspyrnni skoraði Gary Speed og kom Bolton yfir í leiknum. Þegar sex mínútur voru

liðnar af síðari hálfleik skoraði svo Ivan Campo annað mark Bolton með skalla og þar við sat.

„Þetta var frábær frammiastaða gegn einu besta liði deildarinnar. Við börðumst vel, náðum að loka við á þeirra spil og það fór í taugararnar á leikmönnum Liverpool. Við fengum kannski ekki mörg færi en við nýttum þau og varnarleikur okkar var frábær í þessum leik,“ sagði Sam Allardyce, framkvæmdastjóri Bolton eftir leikinn í gær.

Þetta var þriðja tap Liverpool í röð á útivelli í deildinni og Liverpool hefur einungis fengið eitt stig úr fjórum útileikjum liðsins á þessari leiktíð en það kom í fyrstu umferð gegn Sheffield United.

- dsd

Glæsilegt mark frá Jagielka tryggði Sheff. Utd sigur:

## Sheff. Utd úr botnsætinu

**FÓTBOLTI** Sheffield United sigraði Middlesbrough í síðasta leik gærdagsins í enska boltanum með tveimur mörkum gegn einu. Sigurmarkið skoraði Paul Jagielka með glæsilegu skoti af um 25 metra færi þegar komið var fram yfir venjulegan leiktíma en þetta var fyrsti sigur Sheffield

United á leiktíðinni. Með sigrinum náði Sheffield United að lyfta sér úr botnsæti deildarinnar.

Rob Hulse kom Sheffield United yfir í leiknum en það var hans þriðja mark á leiktíðinni. Þegar fjórar mínútur voru liðnar af síðari hálfleik jafnaði Yakubu metin fyrir Middlesbrough.

- dsd



ALONSO OG FISICHELLA Náðu tveimur bestu tímunum í tímatökunni í gær.

NORDIC PHOTOS/GETTY IMAGES

Tímataka í gær:

## Alonso með besta tímann

**FORMÚLA 1** Heimsmeistarinn í Formúlu 1, Fernando Alonso, verður á ráspól í Kínakappakstrinum eftir að hafa náð besta tímamanum í tímatökum í gær en helsti keppinautur hans, Michael Schumacher, þurfti að láta sér linda sjötta besta tímann.

Það rigndi á öikumennina í gær og þótt ótrúlegt megi virðast þá átti Michael Schumacher í miklum erfiðleikum á blautri brautinni, en það hefur hingað til verið talin hans sterkasta hlið að keyra í rigningu.

Alonso var kokhraustur að lokinni tímatökunni í gær. „Það skiptir engu máli fyrir okkur hvort það verður þurrt eða bleyta, við verðum í baráttunni um sigurinn hvort heldur sem er,“ sagði Alonso. - dsd

Badminton:

## Ragna í úrslit í Tékklandi

**BADMINTON** Ragna Ingólfssdóttir, Íslandsmeistari í badminton, leikur í dag til úrslita á alþjóðlega meistaramótinu í Ostrava í Tékklandi sem fram fer þessa dagana. Í undanúrslitum í gær bar Ragna sigurorð á Jill Pittard frá Bretlandi í tveimur lotum gegn einni.

Ragna mætir danskri stúlku, Camilla úr nafni, í úrslitaleiknum í dag. - dsd



## ÚRSLIT LEIKJA Í GÆR

## Belgíska úrvalsdeildin

SINT-TRUIDENSE-LOKEREN	1-0
Rúnar Kristinsson lék allan leikinn fyrir Lokeren.	
ANDERLECHT-GENK	1-4

## Ítalska úrvalsdeildin

ATALANTA BERGAMO-REGGINA	1-1
1-0 Simone Loria (2.), 1-1 Giacomo Tedesco (6.).	
FC TORINO-LAZIO	0-4
0-1 Tommaso Rocchi (49.), 0-2 Massimo Oddo, viti (55.), 0-3 Oddo (55.), 0-4 Stefano Mauri (71.).	

## Hollenska úrvalsdeildin

WILLEM II-RODA JC	0-1
EXCELSIOR-SPARTA ROTTERDAM	3-1
FC TWENTE-RKC WAALWIJK	4-3
Arnar Þór Viðarsson kom ekki við sögu hjá Twente.	

## Skoska úrvalsdeildin

MOTHERWELL-KILMARNOCK	5-0
ST. MIRREN-HIBERNIAN	1-0
INVERNESS-DUNFIRMLINE	1-0

## Spænska úrvalsdeildin

ATHLETIC BILBAO-BARCELONA	1-3
1-0 Francisco Yeste (11.), 1-1 Carles Puyol (45.), 1-2 Eiður Smári Guðjohnsen (61.), 1-3 Javier Saviola (77.).	

## STAÐA EFSTU LIÐA

BARCELONA	5	4	1	0	13-4	13
REAL MADRID	4	3	1	0	7-1	10
VALENCIA	4	3	1	0	6-2	10
SEVILLA	4	3	0	1	11-5	9

## Sænska úrvalsdeildin

HELSINGBORG-IFK GAUTABORG	3-2
Hjálmar Jónsson var í byrjunarliði IFK en var skipt út af í hálfleik.	
GAIS-KALMAR FF	2-2
Jóhann B. Guðmundsson var ekki í hópi GAIS.	

## Sænska 1. deildin

NORRÖPING-ÖREBRO	1-3
Stefán Þórðarson lék allan leikinn en Garðar Gunnlaugsson kom inn á í hálfleik.	

## STAÐA EFSTU LIÐA

TRELLEBORG	26	17	7	2	40-9	58
BROMMAP.	27	17	3	7	49-35	54
ÖREBRO	27	15	6	6	47-25	51
NORRÖPING	27	12	9	6	41-28	45

## Þýska úrvalsdeildin

WERDER BREMEN-GLADBACH	3-0
1-0 Aaron Hunt (33.), 2-0 Christian Schulz (35.), 3-0 Diego (38.).	
NÜRNBERG-MAINZ	1-1
1-0 Jan Polak (24.), 1-1 Christof Babatz (85.).	
ARMINIA BIELEFELD-ENERGIE COTTBUS	3-1
0-1 Vlad Munteanu (22.), 1-1 Sibusiso Zuma (48.), 2-1 Artur Wichniarek (62.), 3-1 Ioannis Masmanidis (74.).	
EINTRACHT FRANKFURT-HAMBURGER SV	2-2
1-0 Alexander Meier (36.), 1-1 Daniel Ljuboja (51.), 2-1 Ioannis Amanatidis (58.), 2-2 Boubacar Sanogo (69.).	
WOLFSBURG-BAYERN MÜNCHEN	1-0
1-0 Mike Hanke (36.).	
AACHEN-BOCHUM	2-1
0-1 Theofanis Gekas (36.), 1-1 Jan Schlaudraff (48.), 2-1 Sascha Rösler (49.).	

## STAÐA EFSTU LIÐA

NÜRNBERG	6	2	4	0	7-3	10
W. BREMEN	6	3	1	2	12-9	10
SCHALKE	5	3	1	1	6-3	10
BAYERN M.	6	3	1	2	7-5	10
HERTHA B.	5	2	3	0	8-2	9

Athletic Bilbao-Barcelona:

## Eiður var allt í öllu hjá Barca

**FÓTBOLTI** Eiður Smári Guðjohnsen var í byrjunarliði Barcelona í gær í fyrsta skipti á þessari leiktíð þegar Barcelona sótti Athletic Bilbao heim. Barcelona vann 3-1 og Eiður kom mikið við sögu.

Bilbao náði forystunni á elleftu mínútu leiksins þegar Yeste skoraði fallegt mark. Eiður Smári kom svo við sögu á níttjándu mínútu þegar brotið var á honum og sá brotlegi var rekinn út af fyrir vikið.

Í uppbótartíma í fyrri hálfleik náði Barcelona svo að jafna metin og það var Eiður Smári sem lagði upp það mark með góðri sendingu fyrir markið sem Puyol afgreiddi í markið.

Eiður Smári kom Barcelona yfir á 61. mínútu þegar hann fékk góða sendingu inn fyrir vörn Bilbao og afgreiddi boltann glæsilega í netið.

Eiði Smára var skipt út af á 71. mínútu og inn á fyrir hann kom Saviola, sem skoraði þriðja og síðasta mark Barcelona.

- dsd

## HK féll til jarðar í Ásgarði

HK vann ÍBV fremur óvænt í fyrstu umferð Íslandsmeistara en sá aldrei til sólar gegn frísku liði Stjörnunnar sem virðist til alls líklegt í vetur enda var liðinu spáð sigri í DHL-deild kvenna. Niðurstaðan átján marka sigur Stjörnunnar.

**HANDBOLTI** Stjarnan tók á móti HK í Ásgarði í DHL-deildinni. HK stúlkur sem komu mörgum á óvart með því að vinna lið ÍBV í fyrstu umferð sáu ekki til sólar í Garða-bænum og unnu Stjörnustúlkur sannfærandi 39-21. Stjarnan byrjaði strax af krafti og ætlaði ekki að gefa neitt eftir. HK-stúlkur reyndu hvað þær gátu en Stjörnustúlkur áttu svör við flestum sóknartilburðum þeirra. Góður sóknarleikur, skipulögð vörn og góð markvarsla kom þeim í stöðuna 15-8 í leikhléi.

Í seinni hálfleik bættu heima-stúlkur í og juku forskotið smátt og smátt. HK-stúlkur reyndu hvað þær gátu en eins og í fyrri hálfleik sáu heimamenn við flestum sóknartilburðum þeirra. Kópavogsstúlkur pirruðust við mótlætið og ekki hjálpaði það þeim en á sama tíma gekk allt upp hjá Stjörnuni. Rákel Dögg Bragadóttir átti stór-leik fyrir Stjörnuna og skoraði 11 mörk. Atkvæðamest í liði HK var Auður Jónsdóttir með 6 mörk.

Aðalsteinn Eyjólfsson, þjálfari Stjörnunnar, var að vonum sáttur eftir leikinn. „Liðið var að spila



MARK Sólveig Lára Kjærnested skorar eitt fimm marka sinna.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

vel í dag og ég er mjög sáttur. Allar voru að berjast fyrir liðið og andinn er mjög góður í hópnum,“ sagði Aðalsteinn. „Við vorum búin að ákveða að láta ekki vanmatið á HK-liðinu hafa áhrif á okkur eftir að það vann ÍBV í síðustu umferð. Heldur mættum við ákveðin til leiks, spiluðum okkar bolta og það skilaði okkur þessum úrslitum. Maður getur ekki annað en verið

sáttur að skora næstum því 40 mörk.“

Valsstúlkur byrja leiktíðina fremur illa en í fyrstu umferðinni gerði liðið jafntefli við Fram og í gær töpuðu þær í Vestmannaeyjum, 30-26. Haukar og Gróttu halda sigurgöngunni áfram og tróna á toppi deildarinnar með fullt hús stiga eftir tvær umferðir.

- sb/- esá

## ÚRSLIT LEIKJA Í GÆR

## DHL-deild kvenna

STJARNAN-HK	39-21
<b>Mörk Stjörnunnar:</b> Rákel D. Bragad. 11/3 (13/3), Alina Petrache 6/1 (10/1), Anna Blöndal 5 (5), Sólveig Kjærnested 5 (7), Kristín Guðmundsd. 4 (6), Kristín Hansen 4 (7), Elisabet Gunnarsd. 2 (2), Björk Gunnarsd.1 (2), Hildur Harðard. 1 (3).	
<b>Varin skot:</b> Florentina Grecce 17, Helga Vala Jónsdóttir 5, Sólveig Ásmundsdóttir 2/2.	
<b>Mörk HK:</b> Auður Jónsd. 6 (14) 2/2, Arna Pálsd. 4 (7) 1/1, Tatjana Zukovska 4 (8) 0/1, Rut Jónsd. 2 (4), Elva Arnarsd. 2 (6), Autsé Vysniauskaité 2 (6), Tinna Rögnvaldsdóttir 1 (2).	
<b>Varin skot:</b> Ólöf Ragnarsd. 12, Sunna Friðbergd. 6.	
FRAM-GRÓTTA	23-26
<b>Mörk Fram:</b> Anet Köbli 6, Þórey Stefánsd. 1, Stella Sigurðard. 5, Sara Sigurðard. 4, Sigurbjörg Jóhannsd. 2, Guðrún Hálfhánsd. 2, Hildur Knútsd. 1, Hekla Daðad. 1, Eva Hrunn Harðard. 1.	
<b>Mörk Gróttu:</b> Natasa Damiljanovic 9, Anna Guðmundsd. 5, Sandra Paegle 4, Eva M. Kristinsd. 4, Ragna K. Sigurðard. 2, Kristín Þórðard. 2.	
FH-HAUKAR	22-29
<b>Mörk FH:</b> Ásdís Sigurðard. 6, Harpa Víflisd. 4, Guðrún D. Hólmgeirsd. 4, Kamilla Opsahl 3, Ásta B. Agnarsd. 3, Linn Mångset 1, Marianne Marx 1.	
<b>Mörk Hauka:</b> Erna Þráinsdóttir 5, Sigrún Brynjólfssdóttir 2, Harpa Melsted 1, Sandra Stojko 7, Hanna G. Stefánsdóttir 9, Tinna Ósk Þorvaldsdóttir 1, Ramune Pekarskyte 4.	
ÍBV-VALUR	30-26
<b>Mörk ÍBV:</b> Valentina Radu 10, Pavla Plaminkova 9, Renata Horvath 4, Pavla Nevarilova 3, Andrea Löw 3, Hekla Hannesdóttir 1.	
<b>Varin skot:</b> Branka Jovanovic 27.	
<b>Mörk Vals:</b> Rebekka Skúlád. 5, Ágústa E. Björnsd. 4, Alla Gokorian 4, Kristín Collins 4, Hafrún Kristjánsd. 3, Katrín Andrésd. 2, Sigurlaug Rúnarsd. 2, Arna Grímsd. 1, Drifa Skúlád. 1, Hildigunnur Einarsd. 1.	
<b>Varin skot:</b> J. Slapikiene 5, P. Skaronkova 4.	

## Hyundai hefur gæðin

Hefur gæðin

Hyundai er í 3. sæti í nýjstu IQS gæðakönnun

J.D. Power, næst á eftir Porsche og Lexus.

Þetta er jafnframt þriðja árið í röð sem

Hyundai er meðal fremstu bílaframleiðanda

heims. IQS könnunin er ein virtasta könnun

sinnar tegundar, byggð á svörum rúmlega

63.000 bifreiðareigenda. Það eru því orð að


sönnu að Hyundai hafi gæðin.



## Top 5 Nameplates in 2006 Initial Quality Study

Problems per 100 Vehicles

Lower score indicates higher initial quality



Source: J.D. Power and Associates 2006 Initial Quality Study™ (IQS)

Með mesta rýmið í sínum flokki



Frá kr. 1.390.000

Getz

- ESP stöðugleikastýring
- ABS bremsujöfnun
- 4 loftpúðar
- Þokuljós að framan
- Litaðar rúður
- CD/MP3 spilari, 4 hátalarar



Nú fáanlegur 2.0 dísel - sjálfskiptur

Frá kr. 2.290.000

SONATA

- ESP stöðugleikastýring
- TCS spólvörn
- ABS með EBD bremsujöfnun
- 6 loftpúðar
- Hiti í framsætum
- 16" álfelgur
- Þvottakerfi fyrir framljós
- ofl.

**HYUNDAI** hefur gæðin

B&amp;L • Grjóthálsi 1 • 110 Reykjavík • 575 1200 • www.bl.is



Með bílinn handa þér



## ÚRSLIT LEIKJA Í GÆR

HK-FYLKIR	31-24
<b>Mörk HK (skot):</b> Augustas Strasdas 8 (11), Valdimar Þórsson 8/2 (13/2), Gunnar Steinn Jónsson 3/1 (5/1), Sigurgeir Árni Ægisson 2 (2), Brendan Þorvaldsson 2 (2), Árni Björn Þórarinnsson 2 (2), Ólafur Ragnarsson 2 (4), Tomas Eitúts 2 (5), Magnús Magnúss. 1 (1), Ragnar Hjaltested 1 (3).	
<b>Varin skot:</b> Egidijus Petkevicius 15/1.	
<b>Hraðauppflaup:</b> 9 (Augustas 2, Valdimar 2, Sigurgeir, Ólafur Bjarki, Tomas, Magnús, Árni Björn).	
<b>Fiskuð víti:</b> 3 (Ragnar 2, Gunnar Steinn).	
<b>Utan vallar:</b> 10 mínútur.	
<b>Mörk Fylkis (skot):</b> Arnar Sæþórsson 6/3 (9/4), Ingólfur R. Axelsson 5 (7), Guðlaugur Arnarsson 4 (5), Eymar Krüger 4 (11), Þórir Júlíusson 2 (10), Ívar Grétarsson 1/1 (1/1), Pétur Heiðar Þorláksson 1 (2), Hreinn Þór Hauksson 1 (5).	
<b>Varin skot:</b> Hlynur Morthens 11.	
<b>Hraðauppflaup:</b> 4 (Guðlaugur 3, Eymar).	
<b>Fiskuð víti:</b> 5 (Arnar, Hreinn, Guðlaugur, Þórir, Ívar).	
<b>VALUR-AKUREYRI</b>	26-22
<b>Mörk Vals (skot):</b> Davíð Höskuldsson 8 (9), Markús Máni Michaelsson 6/2 (14/2), Fannar Friðþógeirsson 5 (10), Ingvar Árnason 4 (5), Ægir Jónsson 1 (4), Sigurður Eggertsson 1 (4), Ernir Arnarsson 1 (6).	
<b>Varin skot:</b> Ólafur Gíslason 17/1.	
<b>Hraðauppflaup:</b> 6 (Davíð 3, Ingvar 2, Ernir).	
<b>Fiskuð víti:</b> 2 (Gunnar, Sigurður).	
<b>Utan vallar:</b> 6 mínútur.	
<b>Mörk Akureyrar (skot):</b> Goran Gusic 7/3 (13/4), Hörður Fannar Sigþórsson 5 (7), Andri Snær Stefánsson 2 (2), Aigars Lazdins 2 (3), Nikolaj Jankovic 2 (4), Þorvaldur Þorvaldsson 1 (1), Ásbjörn Friðriksson 1 (4), Rúnar Sigtryggsson 1 (4), Magnús Stefánsson 1 (8).	
<b>Varin skot:</b> Bjarni Frostas. 5, Sveinbjörn Pétursson. 4	
<b>Hraðauppflaup:</b> 3 (Andri Snær, Aigars, Goran).	
<b>Fiskuð víti:</b> 4 (Hörður, Aigars, Goran, Þorvaldur).	

### Dýska úrvalsdeildin

MELSUNGEN-LÜBBECKE	36-33
Þórir Ólafsson skoraði þrjú mörk fyrir Lübbecke.	
MAGDEBURG-GÖPPINGEN	36-29
Jaliesky Garcia lék ekki fyrir Göppingen.	
WILHELMSHAVENER-NORDHORN	30-31
Gylfi Gyflason skoraði ekki fyrir Wilhelmshavener.	

### STADAN

GUMMERSBACH	7	6	0	1	240-213	12
MAGDEBURG	6	5	0	1	193-157	10
HAMBURG	6	5	0	1	183-150	10
GÖPPINGEN	6	5	0	1	195-163	10
NORDHORN	6	5	0	1	177-159	10
KIEL	6	4	1	1	220-169	9
FLensburg	6	4	1	1	195-174	9
LEMGO	6	4	1	1	193-172	9
GROSSWALLST.	6	4	1	1	193-172	9
KRONAU/ÖSTR.	6	3	0	3	166-177	6
MELSUNGEN	5	2	0	3	136-139	6
BALINGEN	5	1	0	4	131-157	2
WILHELMSH.	6	1	0	5	189-207	2
LÜBBECKE	6	1	0	5	167-188	2
HILDESHEIM	6	1	0	5	157-180	2
DÜSSELDORF	5	0	0	5	125-165	0
WETZLAR	6	0	0	6	143-190	0
MINDEN	6	0	0	6	133-187	0

### Spænska úrvalsdeildin

ALTEA-ADEMAR LEON	22-24
Sigfús Sigurðsson skoraði tvö mörk fyrir Ademar.	

### STADAN EFSTU LIÐA

PORTLAND	5	5	0	0	162-120	10
CIUDAD REAL	5	5	0	0	162-131	10
BARCELONA	5	4	0	1	159-125	8
ADEMAR	5	4	0	1	132-120	8
VALLADOLID	5	3	0	2	151-136	6

### EHF-bikarkeppnin

CONVERSANO-HAUKAR	32-31
Mörk Hauka: Andri Stefan 7, Samúel Ívar Arnason 6, Gísli Jón Þórisson 5, Kári Kristján Kristjánsson 4, Jón Karl Björnsson 3, Guðmundur Pedersen 3, Árni Sigtryggsson 2, Frey Brynjarsson 1.	
Varin skot: Magnús Sigmondsson 15.	

### Meistaradeild Evrópu

SC SZEGED-CIUDAD REAL	20-25
Ólafur Stefánsson lék ekki með Ciudad Real.	
BREGENZ-MONTEPELLIER	17-29

Evrópukeppnin í handbolta:

## Haukar töpuðu með einu marki

**HANDBOLTI** Haukar töpuðu í gær fyrir ítalska liðinu Conversano, 32-31, í Evrópukeppni félagsliða í handbolta. Síðari leikurinn er hér á landi um næstu helgi og verður að teljast að möguleikar Hauka-manna séu góðir um áframhaldandi keppni í mótinu.

„Þetta var mjög jafn leikur og við komumst m.a. í 30-29 undir lokinn og síðan áttum við tók á því að jafna metin undir lokinn. Þetta voru fin úrslit fyrir okkur og við erum nokkuð sáttir við þetta. Aðstæður voru frekar erfiðar, það er 30 stiga hiti hérna á daginn og það var heitt og rakt í íþróttahúsinu og það var erfitt fyrir okkur að spila,“ sagði Páll Ólafsson, þjálfari Hauka, eftir leikinn í gær. - dsd

HK-ingar sigldu fram úr Fylkismönnum í síðari hálfleik og unnu sjö marka sigur:

## HK vann öruggan sigur á Fylki í Digranesi

**HANDBOLTI** HK og Fylkir áttust við í Digranesi í gær. Leikurinn var jafn framan af en HK-menn sigldu fram úr í seinni hálfleik og unnu örugglega, 31-24.

Leikurinn fór rólega af stað og virkuðu bæði lið ryðguð í upphafi móts. Staðan var jöfn framan af en gestirnir voru þó jafnan fyrri til að skora. Fyrri hálfleikur var frekar tíðindalítil og fátt um fina drætti, en varnir beggja liða stóðu fyrir sínu og því var staðan í leikhliði jöfn, 12-12. Í upphafi síðari hálfleiks skoruðu heimamenn fyrstu tvö mörkin og litu aldrei til baka eftir það. Fylkismenn héldu í við þá framan af síðari hálfleik en þegar staðan var 16-15 HK í vil fékk einn leikmaður úr hvoru liði brottvísun fyrir samstuð við víta-teig Fylkismanna. Heimamenn virtust höndla fámennið betur og tóku öll völd á vellinum en á fimmtán mínútum skoruðu þeir níu mörk í röð og staðan var

skyndilega orðin 25-15. Þá tók Sigurður Sveinsson, þjálfari Fylkismanna, leikhlé en það var einfaldlega um seina. Eftir leikhlé náðu gestirnir aðeins að laga stöðuna en heimamenn sigldu sigurinn örugglega í höfn með góðum endaspretti og lauk leiknum með sjö marka sigri þeirra.

Í slöku liði gestanna stóð markvörðurinn Hlynur Morthens upp úr en hann varði ellefu skot og hélt liði sínu á floti á köflum í leiknum. Sigur HK-liðsins einkenntist af sterkri vörn sem lokaði á lið Fylkis í síðari hálfleiknum en þar fóru fremstir í flokki Sigurgeir Árni Ægisson með þrjú varin skot og Augustas Strasdas sem átti upphafið af mörgum hraðauppflaupum heimamanna. Fyrir aftan vörnina var Eyidijus Petkevicius sterkur og varði fimmtán skot.

Markahæstir voru þeir Strasdas og Valdimar Þórsson sem skoruðu



EITT AF TVEIMUR Þórir Júlíusson skorar annað marka sinna fyrir Fylki. FRÉTTABLAÐIÐ/DANIEL

átta mörk hvor, en Valdimar var að vonum ánægður með sigurinn. „Við vorum mjög slappir framan af, eitthvað stress í okkur, en síðan byrjuðum við seinni hálfleikinn af krafti og komumst tíu mörkum yfir. Við spiluðum miklu betri vörn í seinni hálfleik og reyndum að keyra yfir þá og það tókst. Það

er fínt að byrja vel á heimavelli, gera þetta að smá gryfju hérna.“ Aðspurður um markmið liðsins í vetur svaraði Valdimar einfaldlega að það væri að gera betur en spáin sagði til um. „Við erum með mjög nýtt lið en með þennan mannskap væri fimmta sætið skandall.“ - kar

## Við eigum að vinna þennan leik

Alfred Gíslason, landsliðsþjálfari Íslands í handbolta, er kominn hingað til lands með félagsliðs sitt, Gummersbach, til að mæta Guðmundi Guðmundsyni, aðstoðar landsliðsþjálfara, og lærisveinum hans í Fram.

**HANDBOLTI** Það er stórleikur í handbolta í dag þegar Íslandsmeistarar Fram taka á móti Íslendingaliðinu Gummersbach. Eins og væntanlega flestir vita sem eitthvað fylgjast með handbolta þá er Alfred Gíslason, landsliðsþjálfari Íslands, þjálfari Gummersbach-liðsins og auk hans spila þrír íslenskir leikmenn með liðinu, þeir Sverre Andreas Jakobsson, Guðjón Valur Sigurðsson og Róbert Gunnarsson. Leikurinn er fyrsti leikur liðanna í Meistaradeild Evrópu á þessu tímabili.

Fréttablaðið hittir Alfred Gíslason á máli í gær og hann sagði að með réttu ætti Gummersbach að vinna þennan leik en gerði sér jafnframt grein fyrir því að þetta væri ekki auðvelt verkefni. „Framarar eru með mjög efnilegt og öflugt lið og þeir spila mjög svipaðan bolta og við. Þess vegna veit ég að

við þurfum að spila mjög vel til að vinna þennan leik. Við eigum að vinna þennan leik og þess vegna er öll pressan á okkur,“ sagði Alfred.

Í þessum leik er sú furðulega staða komin upp að landsliðsþjálfari Íslands er mættur með félagsliði sitt til Íslands til að mæta liði aðstoðarþjálfara síns í Meistaradeild Evrópu. Fréttablaðið hefur engan heimildir fyrir því en þessi staða hlýtur að vera einsdæmi í sögunni. „Það er eiginlega hálf-fyndið að vera mættur hingað með erlent lið að spila á móti Íslendingum og með Guðmund aðstoðarmann minn á móti mér hinum megin,“ sagði Alfred um þessa furðulegu stöðu.

Landsliðsþjálfarinn Alfred er ekki í vafa um mikilvægi þess að íslensk félagslið taki þátt í Evrópukeppninni. „Það er mjög mikilvægt. Sérstaklega fyrir svona lið eins og Fram sem er með mjög mikið af ungun og efnilegum strákum. Með því að taka þátt í svona keppni sjá þessir strákar hvar þeir standa og hvað þeir þurfa að bæta. Nú er þetta líka þannig að það er trygging í þessu sem sér til þess að íslensk lið geta farið í þetta án þess að verða gjaldþrota út af ferðakosnaði og öðru,“ sagði Alfred.

Sverre Andreas Jakobsson, fyrrum leikmaður Fram og núverandi leikmaður Gummersbach,



ÞRÍR GÓÐIR Landsliðsþjálfararnir Guðmundur Guðmundsson og Alfred Gíslason ræða málin ásamt Sverre Jakobssyni. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

getur því miður ekki spilað með Gummersbach gegn Fram í dag vegna meiðsla. „Það er gríðarlega svekkjandi að missa af þessum leik. Eg er búinn að hlakka svakalega til að mæta Frömurum í höllinni en ég fæ allavega að koma með,“ sagði Sverre sem fannst hálfurðulegt að vera mættur aftur til Íslands til að mæta sínum gömlu félögum.

Sverre lét vel af dvöl sinni hjá Gummersbach. „Mér líður alveg svakalega vel þarna. Þetta er frekar rólegur og lítil bær, á þýskan mælikvarða. Það er mikill áhugi

fyrir liðinu í bænum, þetta er gamalt stórveldi og það er verið að reyna að byggja það upp aftur. Hópurinn er góður og það er góð stemning í liðinu. Það er líka alveg ómetanlegt fyrir mig að hafa Guðjón og Róbert þarna og mjög gaman að spila undir stjórn Alfreds aftur, en hann var þjálfarinn minn hjá KA á sínum tíma. Alfred er sennilega einn sá besti í bransanum í dag og nýtur mikillar virðingar í Þýskalandi,“ sagði Sverre þegar Fréttablaðið ræddi við hann í gær.

dagur@frettabladid.is

Valsmenn hófu leik á Íslandsmótinu með fjögurra marka sigri á nýju liði Akureyrar:

## Valsmenn stóðust fyrsta próf vetrarins

**HANDBOLTI** Það mátti sjá marga prýðistakta þegar hið unga lið Vals, sem knattspekingar hafa spáð sigri á Íslandsmótinu í handknattleik þetta árið, tók á móti norðanmönnum í liði Akureyrar í Laugardalshöll í gær. Eftir nokkuð jafnan leik í fyrri hálfleik sigu Valsmenn framúr í síðari hálfleik og urðu lokatölur 26-22 fyrir heimamenn.

Þrátt fyrir góð tilbrif var nokkur haustbragur á handboltanum sem boðið var upp á í Laugardalshöllinni og líklegt að samspil og leikkerfi eigi eftir að slípast nokkuð til á næstu vikum og mánuðum. Svo virtist sem Valsmenn ætluðu sér að afgreiða leikinn þegar í upphafi og oft á tíðum virkaði kappið meira en forsjáin í samspili þeirra. Lið Akureyrar hóf leik sinn hins vegar af yfirvegum. Varnarleikurinn var góður og að sama skapi var meiri ró yfir sóknarleik þeirra. Norðanmenn náðu tveggja marka forystu þegar í upphafi og héldu forystunni fram undir miðbik fyrri hálfleiks þegar



SLOPPINN Í GEGN Valsmaðurinn Ægir Jónsson er hér sloppinn framhjá Aigars Lazdinz, leikmanns Akureyrar. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Valsmenn náðu jafnvægi á sinn leik. Jafnt var á tölum fram til loka hálfleiksins en Markús Máni Michaelsson náði eins marks forystu fyrir Val með síðasta marki fyrir leikhlé - staðan 13-12 fyrir Val.

Það virtist sem leikmenn Akureyrar hefðu gleymt einbeitingunni inni í búningu í leikhliði og Valsmenn gengu á lagið með góðum leikkafli sem skilaði þeim fjögurra marka forskoti þegar í upphafi hálfleiksins. Um leið var

sem losnað hefði um einhverja taugaspennu hjá leikmönnum Vals og mátti sjá prýðistakta í samspili þeirra. Norðanmenn virtust á móti eiga í erfðileikum með að finna glufur á varnarvegg Valsmanna og náðu lítt að saxa á forskoti þeirra sem varð mest sex mörk. Sigur Vals var aldrei í hættu eftir þennan leikkafli og lokatölur urðu sem fyrr segir 26-22.

Óskar Bjarni Óskarsson, þjálfari Vals var að vonum sáttur við stigin tvö. „Við vorum að spila gegn gríðarsterkri og reynslumikilli vörn hér í dag og ég er því ánægður með að hafa innbyrt stigin sem og leik minna manna.“

Sævar Arnason, þjálfari Akureyrar var ekki jafn kátur með úrslit leiksins. „Ég er hundfúll með að hafa tapað þessum leik. Við erum enn ekki komnir í nógu góða æfingu en ég sé þó margt í leik minna manna sem ég er sáttur við. Mér þótti leikurinn jafnframt vera prýðisskemmtun og góð auglýsing fyrir íslenskan handbolta.“ - sk



Síminn 

Miðaverð er 500 kr. Forsala aðgöngumiða er hafin í verslunum Símans.  
Ef þú kaupir GSM síma hjá Símanum færðu miða fyrir tvo á leikinn, á meðan birgðir endast.

# SKEMMTILEGASTI LEIKUR ÁRSINS!

## KF NÖRD - FH

Laugardalsvöllur  
Miðvikudag kl. 19:30

Leiktíminn er 2 x 20 mínútur





## ÚR BÍÓHEIMUM

Hver mælti og í hvaða kvikmynd?

„Unfortunately, my neck does look like a vagina.“

Svar: Fat Bastard (Mike Myers) úr Gold-member frá 2002.

# dagskrá



## Í TÆKINU: MATTHEW PERRY LEIKUR Í THE WHOLE TEN YARDS Á STÖÐ 2 BÍÓ KL. 22.00

### Tennisleikari á heimsmælikvarða

Matthew Langford Perry fæddist í Massachusetts í Bandaríkjunum árið 1969 en ólst upp í Ottawa í Kanada. Faðir hans er leikarinn John Bennett Perry en móðirin, Suzanne Perry Morrison, starfaði á tíma sem fjölmiðlafulltrúi fyrir forsætisráðherrann Pierre Trudeau. Hjónin skildu þegar Matthew var tæplega eins árs. Matthew hóf fjögurra ára að læra tennis og var kominn í annað sæti yfir bestu tennisleikara Ottawa aðeins þrettán ára gamall og 15 ára gamall var hann í 17. sæti á lista bestu ungu tennisleikara Bandaríkjanna. Á þeim tímupunkti flutti hann til föður síns í Los Angeles til að láta reyna á tennishæfileika sína og gekk hann um leið í University of Southern California. Matthew varð hins vegar heillaður af leiklistinni og árið 1987 var honum boðið aðalhlutverkið í sjónvarpsþáttunum Second




Chance og árið 1988 var honum boðið lítil hlutverk í kvikmyndinni A Night in the Life of Jimmy Reardon.

Árið 1993 ákvað Matthew ásamt vininum Andrew að skrifa grínþætti um vini á þrítugsaldri. Þeir fóru með handritið til NBC sem var þá þegar með svipaða seríu í vinnslu. Sú sería varð síðar þekkt sem Friends og árið 1994 fór Matthew í prufu fyrir þættina og fékk hlutverkið sem Chandler Bing.


Í dag nýtur hann góðs af velgengi Friends-þáttanna og hefur fengið hlutverk í ágætum kvikmyndum. Hann býr í Los Angeles og hefur gaman af því að leika íshokki og „softball“ í frítíma sínum.

Bestu myndir Matthews: Friends-þættirnir - 1994-2004 Three to Tango - 1999 The Whole Nine Yards - 2000




20.35  
Drama

BLEAK HOUSE




23.00  
Spenna

LARA CROFT: TOMB RAIDER II




23.05  
Drama

SMALLVILLE



20.00  
Gæludýr

DÝRAVÍNIR



18.50  
Knattspyrna

REAL MADRID - ATL. MADRID

## SJÓNVARPIÐ

8.00 Morgunstundin okkar 8.01 Sammi brunavörður (5:26) 8.10 Geirharður boing boing 8.31 Hopp og hí Sessami 8.55 Konstanse (9:10) 9.00 Liló & Stitch (31:39) 9.25 Sigildar teiknimyndir (3:42) 9.33 Herkúles (3:28) 9.55 Tobbí tvisvar (27:52) 10.20 Allt um dýrin 10.50 Moussaieff 11.30 Formúla 1

14.00 Sjónvarpið 40 ára 16.40 Herinn burt (1:2) 17.10 Vesturálmán (21:22) 17.50 Táknmálsfréttir 18.00 Stundin okkar (1:30) 18.28 Skoppa og Skritla (7:8)

18.40 Handan víglunnar (Crossing the Line) Belgísk barnamynd.

19.00 Fréttir, íþróttir og veður

19.35 Kastljós

20.05 Herinn burt (2:2) Riflega hálfra aldar sögu Varnarlíðsins á Íslandi er lokið. Fylgst er með síðustu augnablikunum áður en Keflavíkurstöðinni er lokað og rætt við sérfræðinga í varnar- og öryggismálum.

► 20.35 Arfurinn (5:8) (Bleak House) Breskur myndaflokkur byggður á sögu eftir Charles Dickens um fólk sem fær að kenna á brotalömunum í bresku réttarkerfi á 19. öld.

21.30 Helgarsportíð

21.55 Kvinnaskólinn (Saint-Cyr) Frönsk bíómynd frá 2000. Sagan gerist við hirð Loðvíks XIV og segir frá ástkonu hans sem er umhugað um menntun ungra kvenna.

23.50 Kastljós 0.50 Útvarpsfréttir í dagskrárlök

## SKJÁR SPORT

10.45 Að leikslökum (e) 11.45 Stuðningsmannapátturinn „Liðið mitt“ (e)

12.50 West Ham - Reading (b)

14.50 Tottenham - Portsmouth (b) 18.20 Chievo - Palermo (b)

20.30 Everton - Man. City Frá 01.10

22.30 Sheffield Utd. - Middlesboro (e) Frá 30.09

0.30 West Ham - Reading (e) Frá 30.09 2.30 Dagskrárlök

## 2

7.00 Barnatími Stöðvar 2 (Pingu, Hlaupin, Yoko Yakamoto Toto, Myrkfælnu draugarir, Brúðubillinn, Pocoyo, Stubbarnir, Doddi litli og Eyrnastór, Kalli og Lóla, Könnuðurinn Dóra, Grallarnir, Codename: Kids Next Door, Kalli litli kanína og vinir hans, Sabrina - Unglingsnomin, Ævi)

12.00 Hádegisfréttir 12.25 Silfur Egils 14.00 Neighbours 14.20 Neighbours 14.40 Neighbours 15.00 Neighbours 15.20 Neighbours 15.45 Í sjöunda himni 16.50 Veggfóður (3:7) 17.45 Oprah (103:145)

18.30 Fréttir, íþróttir og veður

19.10 Kompás

20.00 Sjálfstætt fólk Jón Ársæll Þórðarson heldur áfram mannlífssóknunum sínum.

20.35 Commander In Chief (1:18) (Pilot) Vandaður og vel leikinn bandarískur framhaldsþáttur frá framleiðendum NYPD Blue og LA Law. Söguvið þáttanna er sjálft Hvíta húsið, heimili og höfuðstöðvar valdamesta manns Bandaríkjanna og heimsins - forseta Bandaríkjanna. Þegar Teddy Bridges, forseti Bandaríkjanna, fellur svíplega frá er varforsetinn, eðli málsins samkvæmt, kallaður til. Og staðreyndin er sú að varforsetinn er kona, hin skellegga Mackenzie Allen, og bandaríska þjóðin hefur þar með fengið sinn fyrsta kvenforseta.

21.20 Shield (5:11) (Sérsvaitin)

22.05 Deadwood (5:12)

► 23.00 Lara Croft Tomb Raider II (Bönnuð bömmum) 0.55 Proof: Prescription For Murder (1:2) (Bönnuð bömmum) 2.25 Proof: Prescription For Murder (2:2) (Bönnuð bömmum) 3.55 Poirot - Sad Cypress 5.30 Sjálfstætt fólk 6.00 Fréttir Stöðvar 2 6.40 Tónlistamyndbönd frá Popp TÍVÍ

## FASTEIGNASJÓNVARPIÐ

17.00 Nýtt í vikunni 18.00 Spánareignir

19.00 Fjölbýli og hæðir (e)

20.00 Nýtt í vikunni

21.00 Einbýlishús

22.00 Fjölbýli og hæðir

23.00 Nýtt í vikunni (e) 0.00 SMS eignir

## SIRKUS TV

17.40 Hell's Kitchen (e)

18.30 Fréttir NFS

19.10 Seinfeld (The Fusilli Jerry)

19.35 Seinfeld (The Diplomats Club)

20.00 The War at Home (e) (Looney Tunes) Frábærir gamanþættir um foreldrana Dave og Vicky.

20.30 The Newlyweds (e) Í þessum þáttum fylgjumst við með poppsöngkonunni Jessica Simpson og þáverandi eiginmanni hennar Nick Lachey út í gegn.

21.00 Rock School 1 (e)

21.30 Rescue Me (e)

22.20 Ghost Whisperer (e) Melinda Gordon er ekkí eins og flestir aðrir en hún hefur þá einstöku hæfileika að ná sambandi við þá látnu. Melinda notar hæfileikana til að fá mikilvægar upplýsingar að handan og kemur skilaboðunum til þeirra sem er ætlað að fá þau, en stundum getur það reynt erfið þar sem ekkí trú á allir því sem þeim er sagt.

► 23.05 Smallville (e) 23.50 Wildfire (e)

0.40 Entertainment Tonight (e)

## OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

## SKJÁREINN

12.10 2006 World Pool Masters 13.00 Dýravínir (e) 13.30 Parkinson (e) 14.25 Surface (e) 15.10 Queer Eye for the Straight Guy - ný þáttaröð (e) 16.00 America's Next Top Model VI (e) 17.00 Innlit / útlit - NÝTT! (e) 18.00 Dateline

19.00 Krókaleiðir í Kína (3/4) (e) Íslensk þáttaröð í fjórum hlutum þar sem fylgst er með feögum á ferð um Kína.

► 20.00 Dýravínir

20.30 Celebrity Cooking Showdown

21.30 C.S.I.: New York Mac, Danny og dr. Hawkes rannsaka morð á fyrirsætu sem myrt var í miðri tiskusýningu á meðan Stella, Flack og Lindsay rannsaka dauðvona sjúkling sem jatar að hafa myrt lækinn sinn.

22.30 Brotherhood - NÝTT! Söguviðið er The Hill, írskt hverfi í Providence á Rhode Island. Tommy Caffee er fjölskyldumaður sem með metnaði og kænsku hefur tekist að komast til metorða í stjórnmálum í bænum. En því miður er Mike bróðir hans af öðrum toga, glæpamaður sem snýr aftur á heimaslóðir til að taka völdin í undirheimum bæjarins.

23.30 Da Vinci's Inquest 0.20 The L Word (e) 1.15 Óstöðvandi tónlist

## E! ENTERTAINMENT

12.00 E! News Weekend 13.00 50 Cutest Child Stars: All Grown Up 15.00 Punky Brewster THS 16.00 Mark Wahlberg THS 17.00 Sexiest Supermodels 18.00 Girls of the Playboy Mansion 18.30 Gone Bad 19.00 Michael J. Fox THS 21.00 Girls of the Playboy Mansion 21.30 Girls of the Playboy Mansion 22.00 Sexiest Supermodels 23.00 Sexiest Bad Boys 0.00 101 Most Sensational Crimes of Fashion! 1.00 101 Most Sensational Crimes of Fashion! 2.00 101 Most Sensational Crimes of Fashion!

## SYM

Bestu sætið

8.05 Spænski boltinn 9.45 Meistaradeild Evrópu - endurs 11.25 Meistaradeildin með Guða Bergs

12.05 Hápunktar í PGA mótariðinni 16.00 Gillette Sportpakinn 16.25 Meistaradeild Evrópu - fréttap 16.40 Fram - Gummersbach 18.25 Ameríski fótboltinn

► 18.50 Spænski boltinn (Real Madrid - Atl. Madrid) Útsending frá spænska boltanum. Leikurinn var í beinni útsendingu í gær.

20.50 NFL - ameríska ruðningsdeildin (Cincinnati - New England)

23.20 Fram - Gummersbach e.

## N4 SJÓNVARP NORÐURLANDS

Fréttapátturinn Korter er sýndur kl.18.15 og endursýndur á klukkutíma fresti til kl. 9.15



Umræðan um íslensku vopnaeftirlitsmennina á Sri Lanka heldur áfram. Barátta Séra Péturs Þórarinssonar við sykursýki. Mýrabolti á Ísafirði og í Finnlandi.

## VOPNAEFTIRLITSMENNIRNIR, PÉTUR Í LAUFÁSI OG DRULLUGASTA ÍÞRÓTT Í HEIMI

Kompás í kvöld kl. 19:10 á Stöð 2



Framleitt af NFS



VIÐ MÆLUM MEÐ

STÖÐ 2 KL. 20.35

Commander in Chief

Í kvöld hefur þátturinn Commander in Chief göngu sína á Stöð 2. Sögusviðið er sjálft Hvíta húsið, heimili og höfuðstöðvar valdamesta manns Bandaríkjanna og heimsins – forseta Bandaríkjanna. Þegar Teddy Bridges, forseti Bandaríkjanna, fellur svíplega frá er varaforsetinn, eðli málsins samkvæmt, kallaður til. Og staðreyndin er sú að varaforsetinn er kona, hin skelegga Mackenzie Allen, og bandaríska þjóðin hefur þar með fengið sinn fyrsta kvenforseta. Hvernig bregst bandaríska þjóðin við þessum óvæntu tíðindum og hvernig tekst hinum nýskipaða forseta að höndla alla þá pressu sem hvílir á henni? Þessi áhugaverði þáttur hefur að vonum vakið mikla athygli vestanhafs og hlotið lof fyrir trúverðug efnistöð. Þátturinn þykir afburða vel leikinn og til marks um það hlaut Geena Davis Golden Globe-verðlaunin árið 2005 fyrir tulkun sína á MacKenzie forseta. Donald Sutherland var einnig tilnefndur sem besti leikari í aukahlutverki.



Sudoku dagsins

Fylltu út í reitina þannig að hver lína, hver dálkur og hver 3x3 kassi rúmi allar tölurnar á bilinu 1 til 9. Sama talan má ekki koma fyrir tvisvar sinnum í sömu línu, sama dálki eða sama 3x3 kassa. Engin stærðfræðikunnátta er nauðsynleg þó leikið sé með tölum. Þrautin er leyst með rökhusun og útsjónarsemi. Lausnir, ráðleggingar og upplýsingar eru á [www.sudoku.com](http://www.sudoku.com). Lausn þrautarinnar birtist á sama stað í blaðinu á morgun.

Lausn á gátu gærdagsins

9	6	8	1	2	7	5	3	4
7	4	2	5	8	3	6	1	9
1	5	3	9	4	6	2	8	7
2	8	1	4	3	9	7	5	6
5	3	7	6	1	2	9	4	8
4	9	6	8	7	5	1	2	3
6	1	5	3	9	4	8	7	2
3	7	9	2	5	8	4	6	1
8	2	4	7	6	1	3	9	5

				9	7		8	
		9	5				2	
5				8				9
			7				4	2
	2						1	
7	3			1				
4				5				1
	7				3	6		
	1		6	4				

▶ 20.00  
Spenna  
DAY AFTER TOMORROW

STÖÐ 2 BÍÓ

6.00 Drumline 8.00 James Dean 10.00 Bride & Prejudice

12.00 The Day After Tomorrow 14.00 Drumline 16.00 James Dean

18.00 Bride & Prejudice

▶ 20.00 The Day After Tomorrow (Ekki á morgun heldur hinn) Sláandi raunsæ, vel gerð og æsispennandi stórslysamynd sem fjallar um það hvað gæti gerst ef spár svartýnustu veðurfræðinga og umhverfissérfræðinga rættust. Dennis Quaid leikur vísindamann sem spáð hefur slíkum hamförum en talað fyrir daufum aukum – þar til spár hans verða að veruleika. Aðalhlutverk: Dennis Quaid, Jake Gyllenhaal, Emmy Rossum, Dash Mihok. Leikstjóri: Roland Emmerich. 2004. Leyfð öllum aldurshópum.

22.00 The Whole Ten Yards (Vafasamur nágranni 2)

0.00 May (Stranglega bönnuð börnum) 2.00 Megido: The Omega Code 2 (Stranglega bönnuð börnum) 4.00 The Whole Ten Yards (Bönnuð börnum)

ÁSKRIFT: 515 6100 | WWW.STOD2.IS | SKÍFAN | OG VODAFONE

NÝ ÞÁTTARÖÐ!

Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir menntamálaráðherra er gestur Jóns Ársæls í þetta sinn. Við fáum að fylgjast með þessari skarpgreindu konu að störfum hér heima og í heimsókn hjá ráðamönnum í Kína. Jón Ársæll spjallar meðal annars við eiginmann hennar, Kristján Arason handboltakappa og farið er í kjötsúpu til föður hennar, Gunnars Eyjólfssonar leikara.

Í KÍNA OG KJÖTSÚPU MEÐ ÞORGERÐI KATRÍNU

Sjálfstætt fólk í kvöld kl. 20:00



RÁS 1 FM 92,4/93,5

8.05 Morgunandakt 8.15 Tónlist á sunnudagsmorgni 9.03 Synir meistara Bachs: Johann Christoph Bach 10.15 Af bókmenntum ársins 1956 11.00 Guðsþjónusta í Kópavogskirkju 12.20 Hádegisfréttir 13.00 Lítið um öxl 14.00 Fiðla Mozarts 15.10 Út um víðan völl: Brúðkaupsferð 16.10 Heimurinn okkar 17.00 Kristall – kammertónleikaröð Sinfóníuhljómsveitar Íslands 18.26 Seiður og hégog 18.52 Dánarfregnir og auglýsingar 19.00 Afsprengi 19.50 Óskastundin 20.35 Sagnaslóð 21.15 Laufskálinn 21.55 Orð kvöldsins 22.15 Til allra átta 23.00 Andrarímur

RÁS 2 FM 90,1/99,9

6.05 Morguntónar 9.03 Helgarútgáfan 12.20 Hádegisfréttir 12.45 Helgarútgáfan

16.08 Rokkland 18.00 Kvöldfréttir 18.28 Tónlist að hætti hússins 19.00 Sjónvarpsfréttir 19.30 Tónlist að hætti hússins 20.00 Konungurinn 21.00 Tónlist að hætti hússins 22.10 Uppruni tegundanna 0.10 Popp og ról 1.10 Næturtonar

BYLGJAN FM 98,9

9.00 Valdís Gunnarsdóttir

12.00 Hádegisfréttir 12.20 Rúnar Róbertsson 16.00 Enn á tali hjá Hemma Gunn

18.30 Kvöldfréttir og Ísland í dag 19.00 Ívar Halldórsson

AÐRAR STÖÐVAR

FM 90,9 TALSTÖÐIN  
FM 99,4 ÚTVARP SAGA  
FM 95,7 FM957 / Topp tónlistarstöðin  
FM 102,2 Útvarp Latíbaer / Fjölskyldu útvarp  
FM 102,9 Lindin / Kristilegt efni  
FM 96,7 Létt Bylgjan / Tónlist og afþreying  
FM 105,5 Útvarp Boðun / Kristilegt efni  
FM 89,5 Kiss / Nýja bítið í bænum  
FM 88,5 XA-Rádió / 12 spora efni  
FM 91,9 XFM / Tónlist og afþreying  
FM 97,7 X-ið / Enginn viðbjóður



GOTT FOLK. MCCANN



## HRÓSID ...



...fær Hemmi Gunn fyrir nýjan og vel lukkaðan skemmtipátt.

## HIN HLIÐIN: HRAFNHILDUR HÓLMGEIRSDÓTTIR FATAHÖNNUÐUR MEÐ MEIRU

## Finnst skemmtilegast að sofa

**Hvað er að fréttu?** Bara allt fint. Ég hef staðið á haus við að opna Liborius, nýja verslun. Um leið og það er í höfn fer ég á tiskuvikuna í París.

**Augnúlitur:** Grænn.

**Starf:** Ég er fatahönnuður, stílisti og innkaupastjóri.

**Fjölskylduhagir:** Harðgift.

**Hvaðan ertu?** Frá Neskaupstað.

**Ertu hjátrúarfull?** Mjög. Í einu og öllu.

**Uppáhaldssjónvarpsþátturinn:** Það ku vera Sopranos.

**Uppáhaldsmatur:** Ofnbakaðar perur með geitaosti og kanil.

**Fallegasti staður:** Rúmið mitt.

**iPod eða geislaspilari:** Grammófónn. Og vínplötur.

**Hvað er skemmtilegast?** Að sofa.

**Hvað er leiðinlegast?** Að rífast.

**Helsti veikleiki:** Frekja.

**Helsti kostur:** Ofvirkni.

**Helsta afrek:** Að vera til.

**Mestu vonbrigðin:** Að hafa ekki meiri tíma.

**Hver er draumurinn?** Hvalfjörður.

**Hver er fyndnastur/fyndnust?** Jón Atli Hairdoctor.

**Hvað fer mest í taugarnar á þér?** Ókurteisi.

**Hvað er mikilvægast?** Ástin.

10.05.77



## FRÉTTIR AF FÓLKI

Leikarinn **Örn Árnason** virðist vera orðinn eins konar hirðveislustjóri hjá Landsbankanum. Fréttablaðið greindi frá því fyrir skemmstu þegar hann fór á vegum bankans til Sviss og skemmti á hátið starfsmanna Landsbankans þar. Nú um helgina kemur starfsfólk Lands-

bankans í Lúxemborg og Heritable í Bretlandi í skemmtiferð og þar verður Örn Árnason í stóru hlutverki. Dagskráin hófst á föstudagskvöld með kokkteil í Landsbankanum í Austurstræti en auk þess er farið í Bláa lónið, Gullna hringinn og út að borða. Örn sér um að kvöldverðurinn gangi

snurðulaust fyrir sig með hnyttum bröndurum sínum. Einn þeirra sem verða jafnan fyrir barðinu á grínaranum er **Sigurjón Árnason** bankastjóri. Þegar Örn þylur upp hversu mikið bankinn hefur vaxið og stækkað að undanförmu þarf Sigurjón jafnan að sitja undir skotum þess efnis hvort hann hafi sjálfur "vaxið" í jöfnu hlutfalli við bankann, starfsfólki bankans undantekningarlaust til mikillar skemmtunar.

Útvarpsmennirnir góðkunnu **Freyr Eyjólfsson** og **Magnús Einarsson** munu senda frá sér plötu á næstu vikum. Félagarnir kalla sig Sviðin jörð, en fréttir herma að þeir hafi fengið hagyrðinginn

**Davíð Þór Jónsson** til þess að rita lagatexta. Platan, sem hefur fengið nafnið Lög til að skjóta sig við, mun samkvæmt heimildum Fréttablaðsins verða sorglegasta kántriplata Íslandssögunnar.



## SIGURÐUR BJÓLA: SEMUR LÖG FYRIR HILDI VÖLU

## Sjaldséður hvítur hrafn á íslenskum plötum

Sigurður Bjóla Garðarsson snýr aftur á nýjustu plötu Hildar Völu en tónlistarmaðurinn og upptökstjórinn semur tvö ný lög fyrir söngkonuna. Heimildum Fréttablaðsins ber ekki saman um hvernær Sigurður Bjóla átti síðast lag á íslenskri plötu en ljóst er að hér er um sögulega endurkomu að ræða. Auk Sigurðar semja sannkallaðar stórkanónur lög fyrir söngfuglinn og nægir þar að nefna Ottó Tynes, Pétur Örn Guðmundsson, Valgeir Guðjónsson, Egil Ólafsson og Halldór Gylfason.

Þegar Fréttablaðið náði tali af Sigurði var hann í fríu uppi í sveit og hafði ekki haft spurnir af því að lögin tvö hefðu ratað á plötuna.

Jón Ólafsson, unnusti Hildar Völu og hennar helsti samstarfsmaður, hefði hringt í sig og beðið sig um að semja tvö lög fyrir plötuna. „Það er hins vegar gaman að heyra að þau ætli að nota þetta,“ sagði Sigurður sem sjálfur sagðist ekki muna hve-

nær lag eftir hann hefði síðast ratað á breiðskífu. „Það getur vel verið að það sé orðið langt síðan,“ bætti hann við og sagðist ekki hafa skipt sér mikið af því hvernig farið væri með lögin. „Leiðinlegir þessir lagahöfundar sem sitja yfir tónlistarmönnum.“

Sigurður sagðist ekki vera mikill aðdáandi Idol-keppni en þar var einmitt í einni slíkri sem Hildur Vala sló í gegn. Hann viðurkenndi þó að hafa heyrt eitthvað af síðustu plötu söngkonunnar og líkaði vel við það sem hann heyrði. Sigurður sagðist ekki hafa átt í miklu erfiðleikum með að hrista tvö lög fram úr erminni og taldi þetta ekki hafa kveikt neitt sérstaklega í lagasmíðnum í sér. „En það er aldrei að vita,“ sagði hann.

Jón Ólafsson sagði að Sigurður hefði alltaf verið í miklu upphaldi hjá sér en hann hefði því miður verið sjaldséður hvítur hrafn í íslensku tónlistarlífi. „Ég var rosalega ánægður með að hann skyldi senda



**HILDUR VALA** „Það er mikil upphæð fyrir hana að syngja lög eftir hann,“ segir Jón Ólafsson.

þessi tvö lög og þetta er mikil upphæð fyrir Hildi Völu,“ segir Jón. „Fólk sem hefur haft spurnir af þessu er hálfundrandi og spyr mig hvernig ég hafi farið af þessu,“ heldur hann áfram og segist svara því til að hann hafi nú bara hringt í hann. „Góður vinskapur okkar hefur nú væntanlega ekki skemmt fyrir,“ bætir Jón við.

**JÓN ÓLAFSSON** Sigurður Bjóla er í miklu upphaldi hjá Jóni og hann var himinlifandi með þessu tvö lög.

**SIGURÐUR BJÓLA** Hefur látið lítið fyrir sér fara að undanförmu en er með tvö ný lög á plötu Hildar Völu.



## FRÉTTIR AF FÓLKI

Alþjóðlega kvikmyndahátíðin í Reykjavík var sett á fimmtudagskvöldið af **Birni Inga Hrafnssyni**, formanni borgarráðs, í Tjarnarbíói að viðstöddu margmenni en fyrirfram hafði verið auglýst að Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson borgarstjóri myndi flytja setningarræðu. Meðal þeirra sem létu sjá sig á frumsýningunni var **Ragnar Bragason**, leikstjóri kvikmyndarinnar Börn, sem flutti svokallaða háttíðargusu og kvartaði sáran yfir því að listrænar myndir sem ekki væru fjölðaframleitt afþreyingarefni væru alltaf sýndar á sérstökum kvikmyndahátíðum á stuttum, afmörkuðum tíma en hrósaði Alþjóðlegu kvikmyndahátíðinni í hástert fyrir sýningarvélina í Tjarnarbíói.

Fjöldi fólks mætti síðan í Gyllta sal Hótel Borgar í opnunarteytið og mátti þar sjá fremstan í flokki **Andra Snæ Magnason** en hugmynd hans um myrkvun borgarinnar var einmitt framkvæmd á fimmtudagskvöldinu. Þar voru einnig Kalli í pelsinum og stórskáldið **Thor Vilhjálmsson** auk kvikmyndaleikstjórans **Ágústs Guðmundssonar**. Þá lét **Ásgrímur Sverrisson**, ritstjóri logs.is, sig ekki vanta og heldur ekki **Sigurður Pálsson** né **Bjarni Ákason**, eigandi Apple umbóðsins á Íslandi.

Söngfuglinn **Hafdis Huld** hefur látið lítið fyrir sér fara á Íslandi en virðist vera að gera góða hluti í tónlist sinni. Vefútgáfa The Guardian fjallar um diskinn hennar Dirty Paper Cup og gefur gagnrýndandinn **Dave Simpson** henni fjórar stjörnur af fimm mögulegum. Segir Simpson að tónlist Hafdisar sé blanda af ljósi og myrkri, stefna sem Velvet Underground hafi gert góð skil á sínum tíma og hrósar henni sérstaklega fyrir útgáfu hennar af Who Loves the Sun, telur hana jafnvel vera betri en sú upprunalega.



## Þungarokkari semur tónlist fyrir dansverk

Metalrokkarinn Valdimar Jóhannsson úr NineElevens semur tónlist við nýtt dansverk. Flest um fátt, sem Íslenski dansflokkurinn frumsýnir í október. „Þetta verður rafræn músík í bland við metal og söngleikjatonlist,“ sagði Valdi. „Við vitum eiginlega ekki alveg hvernig útkoman verður. Þetta er spunaverkefni. Í þeim gerist alltaf allt á síðustu metrunum.“

Verkið er unnið upp úr spunaverkefni sem danshöfundarnir Aðalheiður Halldórsdóttir og Valgerður Rúnarsdóttir sýndu í Ó. Johnson & Kaaber húsinu í sumar. „Þær báðu mig um að gera tónlist fyrir það verk. Ég dreif Jóa bróður með mér inn í þetta. Hann er svona í melódíunum og rafrænni

tónlist og ég í metalnum, þannig að það var alveg fullkomið að fá hann með mér í þetta.“

Katrín Hall, listrænn stjórnandi Íslenska dansflokksins, var viðstödd sýninguna á verkefninu. „Hún bauð okkur að vera með þetta uppi í Borgarleikhúsi. Nú er þetta miklu stærra allt saman, miklu fleiri dansarar og músíkin önnur.“ Valdi segist hafa meiri áhuga á dansi en á leikhúsi. „Ég hef líka samið tónlist fyrir verk kærustunnar minnar, Ernu Ómarsdóttur. Ég er bara að verða einhver metal-dans gaur.“

Valdi segist þó ekki hafa ætlað sér frama í dansheiminum, „Einhvern veginn finnst mér samt rökrétt að blanda saman metal og



**VALDI Í NINEELEVENS** Finnst rökrétt að blanda saman metaltónlist og dansi.


dansi. Ef metaltónlist ætti einhvers staðar að koma inn í leikhúsheimin þá væri það í gegnum

dansinn. Ég vil bara halda áfram og sjá meiri metal og meira spríkl,“ sagði Valdi.

allt ferðir

Alla miðvikudaga og laugardaga





## Nýtt frá Te & Kaffi

Te & Kaffi býður nú þrjár nýjar kaffitegundir í hagkvæmum 400 gr. umbúðum, Java Mocca, Colombia Santos og Espresso Roma. Þrjár gæðablöndur, malað og baunir á sama verði.

Þú finnur kaffi við þitt hæfi frá Te & Kaffi í verslunum um land allt.

**stundin - bragðið - stemningin**







## BAKÞANKAR

DAVÍÐS ÞÓRS JÓNSSONAR

### Vantrúar- ofstæki

Trúarofstæki er afskaplega hvítleitt. Það er sérlega ógeðfellt þegar fólk þykist hafa einkarétt á því hvernig skilja á eitthvað jafnóskiljanlegt og eðli almættisins og niðir alla þá sem voga sér að skilja það öðruvísi. Það er ómurlagt að hafa aðeins gífuryrði og fordæmingaráróður til málanna að leggja. Gildir þá einu hver skilningur ofstækismannanna er nákvæmlega. Ofstækið er jafnandstyggilegt hvort sem þunga-miðja þess er að Jósef hafi ekki verið líffræðilegur faðir Jesú, að laugardagurinn sé hinn eini rétti hvíldardagur, að Guð sé karlremba, að Guð sé hommahatari, að Guð sé þríeinn, að Guð heiti Jehóva eða að Guð sé ekki til, svo nokkrir þekktir ásteitingarsteinar séu nefndir. Ekki bætir úr skák þegar látið er fylgja að allir sem séu ósammála séu illa innrættir heimskingjar og hræsnarar.

UNDANFARIÐ hefur mér einkum fundist þeim sem aðhyllast síðastnefnda skilninginn hætta til að fara offari í þeirri sannfæringu sinni að þeir hafi höndlað hinn eina, endanlega sannleik um lífið, alheiminn og allt það. Þeir sem trúa því að Guð sé skáldskapur virðast því miður allmargir hafa gefið sjálfum sér leyfi til að miga á helstu kurteisisreglurnar sem ætlast er til þess að þeir sem trúa öðru um Guð fylgi í sínum bódskap. Vanhugsuð og heimskuleg orð sem páfi lét nýlega falla um múslima eru beinlínis vingjarnleg miðað við sumt sem guðleysingjar setja á prent, svo sem að ekki séu þeir sem eiga sér trú einasta fáfróðir, illgjarnir og skinhelgir heldur að trúin sé beinlínis orsök alls ills.

ÞANNIG er fullrytt að starf móður Teresu hafi verið af hinu illa. Að Desmond Tutu hafi gengið erinda hins illa þegar sáttastarf hans kom í veg fyrir borgarastyrjöld í Suður-Afríku eftir afnám aðskilnaðarstefnunnar. Að það sé slæmt þegar Hjálparstofnun kirkjunnar tryggir börnum í þróunarlöndunum aðgang að hreinu vatni. Að áfalla-hjálp við ástvinamissi sé vond. Að afleitt sé að trúarleg reynsla geri eiturlyfjaneytendur og drykkju-sjúklinga að nýtum þjóðfélags-þegnum.

FYRST og fremst er því þó trúað að um þá sem sannfærðir eru í vantrú sinni gildi aðrar reglur um mannsiði en þá sem sannfærðir eru í trú sinni. Já, og að aðeins hinir trúðuð þurfi að hugsa áður en þeir opna á sér munninn.

www.expressferdir.is

## MANOR OF GROVES

Manor of Groves er glæsilegt golfhótel með öllum þægindum sem hugurinn gírnist. Golfvöllurinn er 18 holu, 5645 metra langur, þar 71 og er í aðeins 16 km fjarlægð frá Stansted. Góður og krefjandi völlur fyrir alla golfara!

VERÐ Í TVÍBÝLI

**54.900 kr.**

INNIFALID: Flug með sköttum, gisting á Manor of Groves, morgunmatur og þrjú golfhringir. Miðað við að tveir séu saman í herbergi.

## LEIKHÚSFERÐ TIL LONDON

20.-23. OKTÓBER

Express Ferðir og Borgarleikhúsið standa fyrir leikhúsförð til London. Í boði er að fara á söngleikinn vinsæla með Queen, We will rock you. Daginn eftir verður skoðunarferð um borgina. Leiðsögumaður verður Ingibjörg Þórðardóttir, fréttamaður BBC, og um kvöldið verður í boði að fara á Hamskiptin eftir Kafka í leikstjórn Gísla Arnar Garðarssonar sem hefur fengið frábæra dóma. Þriðji dagurinn er frjál. Fararstjóri: Guðjón Petersen, leikhússtjóri.

VERÐ Í TVÍBÝLI

**49.900 kr.**

INNIFALID: Flug með sköttum, gisting á Edwardian Grafton hótlinu, íslensk fararstjórn og akstur til og frá flugvelli. Ath! Skoðunarferð og miðar á söngleik og leikrit ekki innifalid.

## HANBURY MANOR

Fimm stjörnu golfhótel, eitt það glæsilegasta í London. Golfvöllurinn er 18 holu, 6348 m, þar 72. Völlurinn er PGA-völlur og hefur verið völlur Opna enska meistaramótsins. Allt til alls; Búnaður til leigu, golfkennsla, líkamsræktaraðstaða o.fl.

VERÐ Í TVÍBÝLI

**73.900 kr.**

INNIFALID: Flug með sköttum, gisting á Marriott Hanbury Manor með morgunverði. Tveir golfhringir. Aukahringur kostar 30 pund.

## FULHAM-ARSENAL

29.-30. NÓVEMBER

London-slagur eins og þeir gerast bestir. Ná Heiðar Helguson og félagar að stríða stórstjórnunum í Arsenal? Heimavöllurinn gæti vegið þungt í þessum spennandi grannslag.

VERÐ Í TVÍBÝLI

**49.900 kr.**

INNIFALID: Flug og skattar, tvær nætur á hóteli miðsvæðis í London með morgunverði og miði á leikinn. Miðað er við að tveir séu saman í herbergi.

Express Ferðir



**AKUREYRI LONDON**  
28. SEPT. - 29. OKT.  
Flogið sunnudaga og fimmtudaga

www.icelandexpress.is/london

## NÓG UM AÐ VERA

### » British Museum

Saga mannkynsins rakin á fröðlegan hátt í einu merkasta safni heims.

### » Tate Modern

Matisse, Picasso, Rothko o.fl. o.fl. Í þessu spennandi safni er einnig að finna alla helstu myndlistarmenn samtímans.

### » London Eye

Hvergi annars staðar í borginni er betra útsýni!

### » National History Museum

Risaeðlur, hvalir, skordýr og dýr sem maður vissi hreinlega ekki að væru til!

### » London Film Festival

18. okt.-2. nóv.

Stærsta kvikmyndahátíð Bretlands

### » National Gallery

Eitt stærsta safn evrópskra málverka í veröldinni.

### » Science Museum

Viltu skipta um kyn? Eldast um 30 ár á 30 sekúndum? Þetta er safnið sem allir eru að tala um.

### » Tower of London

Sígildur viðkomustaður, eitt helsta tákn borgarinnar.

### » London Bierfest

12.-20. okt. Skál!

Nánar á [www.icelandexpress.is/london](http://www.icelandexpress.is/london)

# LONDON KALLAR!

## Hringiða ólíkra menningarheima

» Í London finna sér allir dægrardvöl við hæfi. Leikhúslífið í borginni er öðrum evrópskum borgum fyrirmynd, söfnin eru jafn athyglisverð og þau eru mörg og þeir sem vilja versla eru sérstaklega vel geymdir í London. Veitingahúsin eru afar fjölbreytt, hvort sem þú ert í skapi fyrir indverskt, kínverskt, franskt eða argentínskt, dýrt eða ódýrt. Svo eru pöbbar og klúbbar á hverju götuhorni fyrir þá sem vilja lyfta sér upp. Og ef þú vilt ferðast lengra en London, þá eru endalausir möguleikar á ódýru tengiflugi, hvert sem er í heiminum!

Verð frá: **7.995 kr.\***

\*Aðra leið með sköttum.

Iceland Express, Grímsbæ, Efstalandi 26, Sími 5 500 600

Iceland Express

**CELESTRON**  
AZ 60 Stjörnusjónauki  
KAUPLAÚP: Kr. 9.900  
(Áður: Kr. 12.900)

OPÍÐ ALLAR HELGAR

**Emile Henry**  
HOTELL-VEGJAFUR  
20% AFSLÁTTUR

"PICNIC TIME" gjafavara.  
20% AFSLÁTTUR

**kaup hlaup**  
VELKOMIN Í ÓVENJULEGA VERSLUN!  
**ORMSSON**  
SMÁRALIND · SÍMI 530 2900 · WWW.ORMSSON.IS

Minum á „ÓSKALISTA BRÚDHJÓNANNA“

OPÍÐ SUNNUDAGA FRÁ KL. 13-19